

RÁÐSTJÓRNARRÍKIN:

GOÐSAGNIR OG VERULEIKI



ARTHUR KOESTLER

„Skýrsla kunnugs manns um merkileg málefni, sem öllum koma við.“

— Valtýr Stefánsson ritstjóri

RÁÐSTJÓRNARRÍKIN: GOÐSAGNIR OG VERULEIKI

ásamt grein um pólitíska sálsýki

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

Svartbók kommúnismans,
Stéphane Courtois og fleiri

Konur í einræðisklóm,
Margarete Buber-Neumann

Gudinn sem brást,
Arthur Koestler og fleiri

Konur í þrælakistum Stalíns,
Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Greinar um kommúnisma,
Bertrand Russell

Leyniræðan um Stalín,
Níkíta Khrústsjov

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum,
Ants Oras

Eistland. Smáþjóð undir oki erlendis valds,
Andres Küng

Þjóðbýltingin í Ungverjalandi,
Erik Rostbøll

Ég kaus frelsið,
Víktor Kravtsjenko

Þjónusta, þrælkun, flótti
Aatami Kuortti

Bóndinn, El campesino
Valentin Gonzalez

Nytsamur sakleysingi
Otto Larsen

Úr álögum
Jan Valtin (Richard Krebs)

RÁÐSTJÓRNARRÍKIN:

GOÐSAGNIR OG VERULEIKI

ásamt grein um pólitíska sálsýki
eftir Arthur Koestler

með formála eftir
Hannes H. Gissurarson



7. nóvember 2017

Bók þessi er gefin út 7. nóvember 2017, þegar hundrað ár eru liðin frá byltingu bolsévika í Rússlandi. Hún er helguð minningu hugsjónamannsins Valtýs Stefánssonar.

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, og ACRE, Alliance of Conservatives and Reformists in Europe, um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims. Atlas Network á einnig hlut að útgáfunni.

Ráðstjórnarríkin: Goðsagnir og veruleiki er þýðing á ritgerðinni „Soviet Myth and Reality“ í greinasafninu *Skýjaglópnunum og flokksjálknum*, The Yogi and the Commissar, eftir Koestler. Hún birtist undir heitinu „Trúin á Sovét“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 29. desember 1945. Þýðanda er ekki getið, en hann var líklega Jens Benediktsson blaðamaður. Jóhann Már Helgason, þá stjórn málafræðinemi, bjó til prentunar. „Pólítísk sálsýki“ er þýðing á greininni „Political Neuroses“, sem birtist fyrst í *Encounter* 1953 og var endurprentuð í greinasafninu *The Trail of the Dinosaur* 1955. Hún birtist í *Nýju Helgafelli* 1956. Þýðanda var ekki getið. Verk Koestlers eru endurútgefin með leyfi Peters, Fraser & Dunlop í Lundúnum.

Mynd af Koestler á forsiðu: Getty Images.

Mynd af skráðgöngu á baksíðu: Bundesarchiv.

Formáli og Skýringar © 2017 Hannes H. Gissurarson.

Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.

Prófarkalestur: Kristinn Ingi Jónsson.

Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-86-1

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

Efnisyfirlit

Formáli · 7

1. kafli: Ný trú · 13

2. kafli: Trúin og staðreyndirnar · 20

3. kafli: Hillingarnar hverfa · 65

Viðauki: Um pólitíska sálsýki · 73

Skýringar · 83

Nafnaskrá · 107



Í baráttunni fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1946 gerði *Morgunblaðið* gys að frambjóðendum Sóssíalístaflökksins, Sígfúsi Sígurhíartarsyni og Jónasi H. Haralz, fyrir að reyna að þvo af sér kommúnístaamerkin, hamar og sígð og mynd af Stalín sem rússneskum bírni. Nýlegt rit Koestlers um goðsagnir og veruleíka kommúnísta, sem *Morgunblaðið* lagði heíla *Lesbók* undir, varð eitt helsta deíluefnið í kosningabaráttunni.

Formáli

LAUGARDAGINN 29. DESEMBER 1945 ráku áskrifendur *Morgunblaðsins* upp stór augu. Lesbókin, sem blaðinu fylgdi að venju, var nú miklu stærri en venjulega, 40 blaðsíður, og öll lögð undir langa grein um „Ráðstjórnarríkin: Goðsagnir og veruleika“ eftir ensk-ungverskan rithöfund, Arthur Koestler. Hafði hún birst í bókinni *Skýjaglópnum og flokksjálknum*, *The Yogi and the Commissar*, í Bretlandi fyrr á árinu. Þegar nánar var að gáð, var þó ekki undarlegt, að ritstjóri *Morgunblaðsins*, Valtýr Stefánsson, vildi fræða Íslendinga betur um hið völduga kommúnistaríki í austri, sem stofnað hafði verið eftir valdarán Leníns og liðs hans 7. nóvember 1917. Nokkrum mánuðum áður hafði þetta ríki í bandalagi við Breta og Bandaríkjamenn sigrað í seinni heimsstyrjöld, en síðan hernumið mestalla Mið- og Austur-Evrópu, þar sem leppstjórnir kommúnista voru að taka völd. Í Vestur-Evrópu höfðu kommúnistar líka víða talsvert fylgi og létu ófriðlega. Tvennar kosningar voru framundan á Íslandi árið 1946, til bæjar- og sveitarstjórna í janúar og til þings í júní. Sósíalístaflokkurinn var í sókn, en kommúnistar höfðu ásamt vinstri jafnaðarmönnum stofnað hann 1938 og réðu þar lögum og lofum. Þáðu þeir ráð og fé frá Moskvu og fylgdu dyggilega línunni þaðan. Til dæmis hafði formaður flokksins, Einar Olgeirsson, á laun borið það undir Kremlverja, hvaða afstöðu skyldi taka til herstöðvabeiðni Bandaríkjanna haustið 1945, og síðan barist hart fyrir að hafna henni, sem og varð þá. Hinn harði kjarni flokksins hafði líka fengið byltingarþjálfun í leyniskólum í Moskvu. Þessi misserin var tekist á um það, hvar hið unga íslenska lýðveldi skyldi skipa sér í sveit.

Í ársbyrjun 1946 gerðu sósíalistar sér vonir um að fella bæjarstjórnarmeirihluta sjálfstæðismanna undir forystu Bjarna Benediktssonar borgarstjóra. Var ungur og efnilegur hagfræðingur, nýkominn frá námi í Svíþjóð, Jónas H. Haralz, sjötti maður á framboðslista þeirra, og átti það að heita baráttusetið. Jónas hafði sumarið áður átt í ritdeilu við Ólaf Björnsson hagfræðidósent um boðskaps Friedrichs A. Hayeks, sem taldi sósíalisma fyrr eða síðar leiða til ánaubar. Nú tók Jónas að sér að svara Koestler í *Þjóðviljanum*, mál gagni sósíalista, og studdist aðallega við skrif eftir enskan lögfræðing, Denis N. Pritt, í tímaritinu *New Statesman and Nation*, en Pritt var kunnur að fylgispekt við Kremlverja. Kvað Jónas *Morgunblaðið* hafa sett nýtt met í „síðlausri blaðamennsku“ með birtingu ritgerðarinnar eftir „falsspámanninn“ Koestler. Meðal annars hefði Koestler rangt fyrir sér um það, sagði Jónas, að í Ráðstjórnarríkjunum giltu almenn hegningarlög um alla þá, sem væru tólf ára eða eldri, og að þar væri launamunur mikill. Hvorug fullyrðing Jónasar var að vísu rétt,

en *Þjóðviljinn* skrifaði sigri hrósandi: „Hvalurinn Arthur Koestler liggur nú skorinn á fjöru Sjálfstæðisflokksins.“ Valtýr Stefánsson ritstjóri svaraði Jónasi H. Haralz í langri grein í *Morgunblaðinu*. „Hinn ungi hagfræðingur nefnir Arthur Koestler falsspámann. En þar fer hann alveg rangt með. Koestler er fyrst og fremst sannorður, óvæginn fréttamaður, sem segir hispurslaust frá því, sem hefur gerst eða er að gerast.“ Á kosningafundum í Reykjavík deildu frambjóðendur sjálfstæðismanna og sósíalista hart um Koestler og lýsingar hans á Ráðstjórnarríkjunum. Sósíalistum þótti svo mikið liggja við, að þeir gáfu út sérstakt blað, *Nýja menningu*, aðallega um Koestler, og dreifðu með *Þjóðviljanum* í Reykjavík. Skáldið Jóhannes úr Kötlum var ábyrgðarmaður blaðsins, en þar var Koestler meðal annars kallaður „fasistaþjónn“. Bjarni Benediktsson barðist eins og ljón í kosningabaráttunni, og veitti *Morgunblaðið* honum öflugan stuðning. Úrslitin í Reykjavík urðu sósíalistum sár vonbrigði. Þeir fengu aðeins fjóra menn kjörna, og Sjálfstæðisflokkurinn hélt meiri hluta sínum. „Sósíalistaflokkurinn hefur gert snarpt áhlaup með of litlu liði og of litlum áróðursvopnum. Áhlaupið hefur mistekist,“ sagði *Þjóðviljinn* daufur í bragði eftir kosningarnar.

Arthur Koestler var einn sérstæðasti og mælskasti menntamaður tuttugustu aldar, í senn fjölfraeðingur og ævintýramaður og engu kyrrlátari en öldin sjálf. Hann fæddist 5. september 1905 í Búdapest, sem þá var höfuðborg konungsríkisins Ungverjalands, annars hluta tvíveldisins Austurríkis-Ungverjalands. Hann var einkabarn af gyðingaættum og ólst fyrstu níu árin upp í allsnægtum, en hagar foreldra hans versnaði til muna í Norðurálfuófriðnum mikla 1914–1918, og hröktust þau þá til Vínar. Haustið 1922 settist Koestler í Tækniháskólann í Vín, en varð að hverfa frá námi sökum fjárskortis. Hann hélt 1926 til Palestínu, eins og margir samtímamenn hans af ætt Davíðs, sem orðið höfðu fyrir áhrifum af sionisma, boðskapnum um að byggja á ný hið forna heimaland gyðinga. Um skeið var hann ritari hægri-sionistans Zeevs Jabotinskys. Koestler varð blaðamaður hjá Ullstein-fyrirtækinu í Berlín 1927 og skrifaði aðallega fjórlegar greinar um vísindi. Hugur hans tók að hneigjast til kommúnisma, og gekk hann á laun í þýska kommúnistaflokkinn í árslok 1931. Hann ferðaðist um Úkraínu og Túrkménístan veturinn 1932–1933 og lærði þá rússnesku, en fyrir talaði hann ungversku, þýsku, ensku og frönsku og hrafl í gyðingamálunum jiddísku og hebresku. Hann bjó í París næstu árin og vann fyrir Willi Münzenberg, áróðursstjóra alþjóðahreyfingar kommúnista. Münzenberg þekkti marga íslenska kommúnista, allt frá því að hann hitti fyrst Brynjólf Bjarnason og Hendrik S. Ottósson á 2. þingi Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, í Moskvu 1920. Hafði Münzenberg meðal annars útvegað Halldóri Laxness boð til Ráðstjórnarríkjanna 1932.

Pegar spænska borgarastríðið hófst sumarið 1936 með uppreisn þjóðernissinna Franciscos Francos gegn lýðveldisstjórninni, gerði Koestler sér ferð í erindum Kominterns til bækistöðva þjóðernissinna í Sevilla, en opinberlega var hann skráður fréttaritari. Ljóstraði hann upp um, að Franco og lið hans nytu stuðnings þýskra

nasista, en forðaði sér síðan hið snarasta frá Spáni. Árið 1937 sneri Koestler aftur þangað og enn skráður fréttaritari. Hann var staddur í Málaga, þegar borgin féll í hendur Þjóðernissinna, og var eftir fyrri skipti sín við þá umsvifalaust handtekin. Eftir að hann hafði í fjóra mánuði beðið aftöku, var hann látinn laus í fangaskiptum. Koestler var nú orðinn frægur blaðamaður, og birti *Þjóðviljinn* fregnir af honum í velþóknunartón. Bókafélag kommúnista, Heimskringla, tilkynnti, að það hygðist gefa út rit eftir hann um Spánarstríðið, og voru nokkrar kaflar úr því prentaðir í íslenskri þýðingu Þorvalds Þórarinssonar í *Rétti og Þjóðviljanum*. En íslenskum kommúnistum snerist strax hugur, þegar þeir fréttu, að Koestler hefði sagt skilið við kommúnismann, og bókin kom aldrei út á íslensku. Hins vegar kemur út í þessari ritröð bókin *Bóndinn, El Campesino* eftir Valentín González, einn af herforingjum lýðveldismanna, sem flýði eftir ósigur þeirra til Rússlands og var látinn dúsa þar í fangabúðum, en slapp á ævintýrlegan hátt til Vesturlanda.

Næstu árin framfleytti Koestler sér með margvíslegum skrifum undir dulnefni, en samdi í hjáverkum skáldsögu um sýndarréttarhöld Josífs Stalíns, arftaka Leníns, yfir gömlum andstæðingum, Moskvuréttarhöldin svonefndu. Kom hún út á ensku 1941, *Myrkur um miðjan dag*, Darkness at Noon, og þykir ein merkilegasta skáldsaga tuttugustu aldar. Hún kom út á íslensku 1947. Er hún einnig endurútgefin í þessari ritröð. Skýring Koestlers á játningum sakborninganna í Moskvu er ekki sú, að þeir hefðu aðallega verið neyddir til þeirra með pyndingum eða hótunum, þótt eflaust hefði hvoru tveggja verið beitt, heldur að þeir hefðu afsalað sér öllum siðferðilegum viðmiðum öðrum en flokkshollustunni, og þegar flokkurinn krafðist þess, að þeir játuðu á sig ódæði, hefðu þeir orðið að hlýða.

Þegar seinni heimsstyrjöld skall á, hnepptu frönsk stjórnvöld Koestler í fanga-búðir eins og aðra „óaskilega útlendinga“, en hann komst eftir talsvert þóf til Bretlands og starfaði um hríð fyrir upplýsingaráðuneyti Breta. Næstu árin dvaldist hann ýmist í Palestínu, Wales eða Frakklandi. Í París kynntist hann frönsku skáldmæringunum Jean-Paul Sartre og Simone de Beauvoir og átti við þau orðasennur um kommúnisma, sem þau tóku þrátt fyrir alla sína galla fram yfir kapítalisma. Eitt sinn sangaði Koestler með Beauvoir, en kynnum hans og þeirra skötu hjúanna lauk, eftir að *Skýjaglópurrinn og flokksjálkurinn* kom út og þeim varð ljóst, að honum væri full alvara með andkommúnisma sínum. Koestler taldi skýjaglópinn, hinn meinlausa friðarsinna í hvítu skikkju, ekki ráða við hinn herskáa, þungstíga flokksjalk með alvæpni. Berjast yrði gegn kommúnisma með skæðari vopnum en friðartalínu einu. Gerði Beauvoir Koestler að söguhetjunni Scriassine í skáldverkinu *Mandarínunum*. Skáldsaga Koestlers, *Myrkur um miðjan dag*, varð eftir stríð met-sölubók í Frakklandi og er talin hafa átt þátt í því, að kommúnistar töpuðu þar Þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 1946 um nýja stjórnarskrá, sem hefði aukið verulega völd stærsta stjórnmaflokksins, eins og þeir voru þá. Í París eignaðist Koestler vináttu heimspekingsins og rithöfundarins Alberts Camus, og hélt hún, á meðan báðir lifðu. Eftir stríðið var Koestler líka með annan fótinn í Bretlandi og varð

góður vinur enska rithöfundarins Georges Orwells, enda hryllti þeim báðum við alræðisstefnunni, sem miðaði ekki aðeins að því að stjórna orðum manna og gerðum, heldur líka hugsunum.

Valtýr Stefánsson ritstjóri var ekki eini Íslendingurinn, sem las greinasafn Koestlers, *Skýjaglópin* og *flokksjálkinn*. Eftir að Steinn Steinarr hafði snúið baki við kommúnismanum eftir harða innri baráttu, orti hann kvæðið „Don Quijote ávarpar vindmyllurnar“, sem birtist í *Nýju Helgafelli* 1957:

Minn herra léði mér fulltingi sannleikans,
hins hreina, djúpa, eilífa sannleika,
sem ég þó aðeins skynja til hálf.
— Með hálfum sannleika berst ég gegn algerri lygi.

Hugsun skáldsins er, að sannleiki okkar Vesturlandamanna sé ætíð bráðabirgðasannleiki. Hann sé um að hafa það, sem sannara reynist, ekki það, sem sé satt. Hann standi til bóta eins og hinn ófullkomni veruleiki okkar. Síðustu vísuorðin eru bersýnilega sótt í upphafsorð annarrar ritgerðar Koestlers í bókinni: „In this war we are fighting against a total lie in the name of a half-truth.“ Í þessu stríði berjumst við gegn algerri lygi með hálfum sannleika.

Rannsóknir hafa síðan í meginatriðum staðfest fullyrðingar Koestlers um glæpi kommúnistastjórnarinnar í Kreml gagnvart þegnum sínum: Þegar bændur í Úkraínu og víðar í Ráðstjórnarríkjunum tregðuðust á öndverðum fjórða áratug við að ganga inn í samyrkjubú og skila uppskeru sinni til ríkisins, voru þeir ýmist sveltir í hel eða sendir í þrælabúðir við heimsskautsbaug. Týndu um sex milljónir manna lífi í hungursneyðinni í Úkraínu og Suður-Rússlandi 1932–1933, en Kremlverjar létu eins og hún væri ekki til. Koestler benti á, að hvergi væri fótur fyrir dómunum yfir gömlum samstarfsmönnum Stalíns í sýndarréttarhöldunum um og eftir miðjan fjórða áratug. Hann hafði líka rétt fyrir sér um fjöldaflutninga heilu stéttanna og þjóðflokka af þeim svæðum, sem Stalín lagði undir sig eftir gríðasáttmálann við Hitler, þegar þeir skiptu á milli sín Mið- og Austur-Evrópu. Er átakanlegur kafli um þessa fjöldaflutninga frá Eystrasaltsríkjunum í bók Ants Oras, *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum*, sem kemur út í þessari ritröð. Því má bæta við, að eftir stríð hélt Stalín þessum fjöldabrottflytningum áfram, eins og Koestler spáði einmitt fyrir um: Krím-Tatarar, Tsjetsjenar og Íngúshar voru fluttir brott ásamt fleira fólki úr Eystrasaltslöndum, Pólverjum, Úkraínumönnum, Moldovum og Bessarabíumönnum. Og þrjátíu árum áður en Aleksandr Solzhenítsyn gerði orðið „gúlag“ fleygt, upplýsti Koestler, að milljónir manna hírðust í þrælabúðum Stalíns. Virðist hann þó hafa ofmetið fjölda þeirra, enda tók hann fram, að hann stýddist ekki við áreiðanlegar tölur. Samkvæmt nýjum tölum voru á öndverðu ári 1953, þegar Stalín féll frá, 2.750.000 milljónir manna geymdar í hinum eiginlegu þrælabúðum og aðrar 2.750.000 milljónir bjuggu á svæðum, sem þær hefðu verið fluttar á nauð-

ugar. Koestler lýsti enn fremur „hinni nýju stétt“, sem nýtur forréttinda í Ráðstjórnarríkjunum, en seinna valdi Júgóslavneski uppgjafakommúnistinn Milovan Djilas það nafn á bók um öfugþróun kommúnismans. Hún kemur einnig út í þessari ritröð.

Margir taka undir þá túlkun Koestlers á marxismanum, eins og þeir Lenín og Stalín framkvæmdu hann í Ráðstjórnarríkjunum, að þar hafi verið reynt að neyða nýrri ofsatru upp á veruleikann. Marxisminn hafi í hugum ýmissa fyllt út í það tóm, sem hefðbundin trúarbrögð hafi skilið eftir sig. Hitt er umdeilanlegra, hvort lenínisminn og stalínisminn hafi verið frávik frá marxismanum, eins og Koestler virðist telja, frekar en rökrétt framhald hans. Ef sósíalismi hefur einhverja merkingu, þá er hún, að ríkið geri fjármagn í eigu einkaaðila upptækt og ráðstafi því. Hagvald og stjórnvald sé sameinað. En við það verður til feikilegt vald, sem lenda kann í höndum misjafnra manna, eins og raunin varð í kommúnistaríkjunum. Hvað verður um stjórnarandstæðinginn í landi, þar sem allir eru háðir stjórninni um afkomu sína? Jafnframt verður þetta vald ofviða mönnum í öðrum skilningi: Enginn einn aðili ræður yfir nægri þekkingu eða kunnáttu til að stilla saman hinar ólíku einingar atvinnulífsins, heimili og fyrirtæki, eftirspurn og framboð, þarfir og framleiðslu. Til þess að einfalda verkefni sitt hljóta valdhafarnir því að reyna að einfalda þarfirnar, en það krefst síðan endurmótunar mannanna. Stjórnin verður því að taka í þjónustu sína listir, vísindi, fjölmiðla, dómstóla og jafnvel íþróttir. Sósíalismi og alræði eru af þessum ástæðum nátengd hugtök. Þótt Koestler hefði snúist gegn stalínismanum, var hann ekki laus við ýmsa fordóma gagnvart fjármagnseigendum á Vesturlöndum fremur en margir aðrir menntamenn. Þess vegna kallaði hann sig enn sósíalista á þessum árum, þótt seinna yrði hann stuðningsmaður Margrétar Thatchers.

Fyrstu árin eftir stríð stóð Koestler í fylkingarbrjósti þeirra vestrænu menntamanna, sem vöruðu við alræðisstefnu kommúnista. Í skjóli Rauða hersins voru kommúnistar þá að leggja undir sig Mið- og Austur-Evrópu og koma á sams konar lögregluríki og í Rússlandi, svo að á skall kalt stríð milli þeirra og vestrænna lýðræðisríkja. Koestler gaf ásamt fimm öðrum rithöfundum og blaðamönnum út bókina *Gudinn sem brást* árið 1949, og kom hún út á íslensku ári síðar. Þrír höfundanna, auk Koestlers þeir Ignazio Silone frá Ítalíu og Richard Wright frá Bandaríkjunum, höfðu verið kommúnistar, en hinir þrír, André Gide frá Frakklandi, Louis Fischer frá Bandaríkjunum og Stephen Spender frá Bretlandi, höfðu um margt átt samleið með kommúnistum, verið „meðreiðarsveinar“ (fellow travellers). Lýsing Koestlers á æsku sinni, baráttu og skoðanaskiptum er almennt talinn einn hinn besti í bókinni. Er hún einnig endurútgefin í þessari ritröð. Koestler átti meðal annars þátt í stofnun samtakanna Frjáls menning (Congress for Cultural Freedom), sem naut stuðnings opinberra aðila í Bandaríkjunum, og vildu þeir veita hinni alþjóðlegu og öfluglu áróðursvél Kremlverja viðnám. Helstu forsvarsmenn samtakanna á Íslandi voru þeir Gunnar Gunnarsson og Tómas Guðmundsson. Alþjóðasamtökin Frjáls

menning var bakhjarl breska tímaritsins *Encounter*, sem hóf göngu sína 1953. Í 2. hefti fyrsta árgangs birtist sú ritgerð Koestlers, sem hér er viðauki, um pólitíska sál-sýki, og kom hún út á íslensku 1956 í *Nýju Helgafelli*, sem átti að gegna svipuðu hlutverki hér og *Encounter* í Bretlandi.

Þegar leið fram á sjötta áratug tuttugustu aldar, eignaðist Koestler ýmis önnur áhugamál, aðallega vísindasögu, rannsóknir á sköpunargáfu og yfirskilvitlegum fyrirbærum. Honum voru veitt Sonning-verðlaunin dönsku 1968, ári á undan Halldóri Laxness. Þau fengu menntamenn fyrir framlag sitt til vestrænnar menningar, og í hópi fyrri verðlaunabega voru Winston Churchill, Bertrand Russell og Alvar Aalto. Síðar áttu meðal annarra Karl R. Popper og Simone de Beauvoir eftir að hreppa hnossið. Nú var Koestler alveg sestur að í Bretlandi, og þar bjó hann með þriðju eiginkonu sinni, Cynthiu Jefferies, sem hafði lengi verið ritari hans. Fyrri eiginkonur hans voru Dorothy Ascher og Mamaine Paget, en hann hafði líka átt margar sambýliskonur og unnustur og ekki þótt nærgætinn við þær allar. Koestler stundaði áfram blaðamennsku og kom til Íslands 1972 til að skrifa um heimsmeistara-einvígið í skák milli þeirra Borís Spasskíjs frá Ráðstjórnarríkjunum og Roberts Fischers frá Bandaríkjunum. Lítt var því þá haldið á lofti, að Koestler hefði lagt lóð á vogarskálina í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík 1946, þegar sókn kommúnista í íslenskum stjórnámálum var stöðvuð, eða að íslensk skáld hefðu sótt hugmyndir í verk hans. Eftir að Koestler hafði fengið Parkinsons-veiki og verið að auki greindur með krabbamein, sem krafðist sársaukafullrar meðferðar, ákvað hann að stytta sér aldur. Hann lést 1. mars 1983, og fylgdi konan honum síðasta spölinn.

Þetta rit Koestlers er endurútgæfið til minningar um 100 ára afmæli rússnesku byltingarinnar 7. nóvember 2017, en þau feikn eru talin hafa kostað um 100 milljónir mannlífa. Byltingin gegndi líka mikilvægu hlutverki í íslenskri stjórn málasögu, enda höfðu íslenskir kommúnistar, lærisveinar Leníns og Stalíns, talsvert meiri áhrif en félagar þeirra í Svíþjóð, Danmörku og Noregi, en Íslendingar miða sig iðulega við þjóðir þeirra landa. Tímamót urðu í þessari sögu, þegar áhlaupi kommúnista á Reykjavík var hrundið í ársbyrjun 1946. Er stafsetning og málnotkun hér færð til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótt. Örstuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

Reykjavík, 4. október 2017.

Hannes H. Gissurarson.

1. kafli: Ný trú

I.

HVORKI FASISTA- NÉ KOMMÚNISTATRÚIN er nýtt fyrirbrigði, heldur ævagamlar hugmyndir, sem skotið hafa aftur upp kollinum. Þær náðu því ekki aðeins til skynseminnar, heldur til gjörvalls mannsins, því að með þeim var tilfinningunum einnig fullnægt.

Trúarbrögð fasismans eru ljós og skilmerkileg. Frumstæðar hugmyndir manna um „blóð og mold“, um ofurmennið er banar drekanum, goð Valhallar og hinn djöfullega mátt gyðinga eru efdar og notaðar í þágu ríkisins. Helmingurinn af snilli Hitlers lá á því, að hann sló á rétta strengi undirvitundar manna. Hinn helmingurinn var í því fólgin, að hann fylgdi út í æsar úrvalskeningunni og hafði sérstakt lag á að færa sér í nyt nýjungar í hagfræði, húsagerðarlist, tækni, áróðri og hernaði. Leynardómur fasismans er í því fólgin, að frumstæðar skoðanir eru endurnýjaðar og settar fram í tímabærri mynd. Nasisminn var eins og skýjakljúfur, sem heitavatnsæðar liggja um frá neðanjarðaruppsprettum, er stafa frá jarðeldum.

Hins vegar var vatnsleiðsla sósíalishreyfingarinnar þannig varið, að þró var á þaki uppi og menn gerðu sér vonir um, að hún myndi fyllast af rigningarvatni einn góðan veðurdag. Rússneska byltingin hafði ekki aðeins rigningu í för með sér, heldur skýfall, eins og það gerist í hitabeltislöndunum. Vatnið fór allt í einu að streyma úr krönnunum, sem hingað til höfðu verið þurrir. Nokkur fyrstu árin var sæmilegt samræmi milli kommúnistatrúarinnar og rússneska veruleikans. Það voru hetjutímar, og þá verða helgisagnir til. Að baki reyknur var í raun og veru eldur.

Og hvílíkur eldur! Þjóðin hafði tekið völdin í sínar hendur og haldið þeim yfir sjötta hluta veraldarinnar. Einkaeign, hagnaðarvonin, kynferðishömlur og þjóðfélagslegar siðvenjur voru afnumdar í einni svipan. Ríkir og fátækir voru ekki lengur til, ekki heldur húsbændur og þjónar eða foringjar og óbreyttir hermenn. Eiginmaðurinn hafði ekki lengur neinn myndugleika yfir konu sinni, foreldrið ekki yfir barni sínu né kennarinn yfir nemanda sínum. Saga *homo sapiens* — manntegundarinnar — virtist vera að hefjast að nýju. Orðum þessara furðulegu tilskipana fylgdi enginn þrumugnýr eins og röddinni frá Sínaí-fjalli, sem mælti fyrir um boðorðin tíu. Þeir, sem á þau hlýddu, fundu skyndilega til eins og einhver skán inni fyrir, skrælþurr skán efasemda, blekkinga og innibyrgðrar skynsamlegrar hugsunar, hefði brostið. Þeir fundu hjá sér tilfinningarót, sem þeir höfðu haldið, að

þeir ættu ekki til. Eitthvað hafði verið leyst úr læðingi í þeim, eitthvað, sem hafði verið svo niðurbælt, að þeir höfðu ekki vitað um tilveru þess, einhver von, sem var svo djúpt grafin, að þeir höfðu gleymt henni.

Vinstri flokkarnir höfðu árum saman, já, áratugum saman, í meira en öld, látið sér tíðrætt um byltinguna, sem koma ætti. En er hún loksins kom, urðu þeir eins forviða og sveitaprestur að lokinni messu fyrir auðum bekkjum, er fréttir það hjá aðstoðarpresti sínum, að útvarpað hafi verið frá himnaríki.

Að því er vinstri flokkarnir sögðu, var þetta messíasarspádómur, sem hafði ræst. Allar algengustu setningarnar í fræðibókunum, um verkamannastjórn og bænda, eignarnám og alræði örlaganna, höfðu breyst úr þurru bleki í lifandi blóð. Trú vinstri flokkanna átti, eins og áður er sagt, ekki rætur sínar í fortíðinni, heldur var hún reist á draumum um framtíðina. Og þessi framtíð var nú orðin að veruleika. Litlaust draumaland var orðið að landi veruleikans með lifandi fólki, en þó nógu fjarlægð til þess að geta gefið ímyndunaraflinu lausan tauminn og með einkennilegum búningum og saknaðarljóðum til að örva hugmyndaflugið.

Framfarir, réttlæti og sósíalismi voru andleg hugtök, sem gáfu ekki tilefni til drauma og ekkert tækifæri til tilbeiðslu, ástar eða til þess að gera sér sérstakar vonir um, að hin heimilislausa og tvístraða hreyfing myndi eignast föðurland, fána og vangamynd af skeggyðum föður með glettnisglampa í augum og mongólskum svip. Hin sagnræna barátta mikillar þjóðar, sem barist hafði fyrir frelsi sínu og leikið þess í milli á strengjahljóðfæri sín, hafði satt hungur hinnar hundrað ára pipar-meyjar, vinstri flokkanna í Evrópu, sem aldrei hafði notið unaðar valdsins.

Þannig varð trúin á kommúnismann til — eða réttara sagt, þannig endurfæddist hún, því að Rússland varð aðeins nýtt tilefni til að endurvekja hugmyndir, sem voru jafngamlar mannum sjálfum. Eins og svipuð fyrirbrigði liðins tíma, gullöldin, fyrirheitna landið og guðsríki, hét þetta nýja ríki dýrlegum bótum fyrir öll vonbrigði manna í lífinu og tilgangsleysi dauðans. Við, sem tekið höfum þátt í kommúnistahreyfingunni, vitum hve fullkomlega ráðstjórnartrúin hefur staðið við þessi loforð sín, ekki heima fyrir í Rússlandi, heldur gagnvart hinum trúuðu utan Rússlands.

Eitt af höfuðeinkennum hinna ævafornu hugmynda manna, er að ofan getur, er sú víska, að á undan efndum fyrirheitisins hljóti að fara ákafleg umbrot, svo sem dómsdagur eða halastjarna og svo framvegis. Þaðan stafar það, að allir ósviknir kommúnistar eru ósjálfrátt mótfallnir öllum umbótatilraunum, er miða að hægfara þróun til sósíalisma. Byltingin er í þeirra augum nauðsynleg til þess að fullkoma komu hins sósíalíska ríkis.

Tilraunir Vesturveldanna, sem þó voru gerðar með hálfum hug, til þess að brjóta bolsévismann á bak aftur með hernaðarlegru íhlutun, örvaði aðeins eldlegan áhuga lærisveinanna og klæddi Rússland dýrðarljóma píslarvættisins, sem það skreytir sig enn með, enda þótt það sé orðið mesta herveldi Evrópu og hafi gleypst helming Póllands og Eystrasaltsríkin þrjú!

„Látið Rússland í friði!“ var upprunalega stjórnmálavígrið, en varð brátt trúarjátning. Á sama hátt urðu árásir íhaldsblaðana til þess, að brátt þótti hinn mesta ósvifni að gagnrýna eða deila á Rússland. Almennt var því borið við, að gagnrýni á Rússland, hversu vingjarnleg og óhlutdræg sem hún annars kynni að vera, yrði til þess eins að gefa íhaldsöflum byr í seglin. Auðvitað var þessu varpað fram til þess að réttlæta þessa afstöðu til Rússlands, því að jafnvel í einkaviðtali, og þó að enginn fréttaritari frá *Daily Mail* væri viðstaddur, þótti aðdáendum Rússa það hinn argasti glæpur og guðlast að fara gagnrýnisorðum um Rússa. Tilhneigingin til að verja Rússland var komin út fyrir öll skynsamleg takmörk og orðin að andlegri vörn fyrir trúarsetningar gegn erlendum efasemdum.

Framfarirnar höfðu endurheimt trú sína: Rússland ráðstjórnarinnar varð nýtt „óþíum fólksins“.

II.

Byltingaraldan, sem flæddi um meginland Evrópu í kjölfar rússnesku byltingarinnar, hjaðnaði með ósigrunum í Þýskalandi, Ítalíu, Ungverjalandi og Balkaníkjunum. Þegar eftir 1920 varð augljóst, að ekki mundi koma til neinnar byltingar í Evrópu á næstunni. Hingað til hafði verið litið á ráðstjórnarríkið sem framvörð byltingarsinna, en nú urðu byltingarsinnar varnarlið ráðstjórnarríkisins. Í einum hörmulegustu átökum, sem áttu sér stað í ýmsum löndum frá Kína til Spánar, höfðu þeir verið notaðir sem sjálfsmorðssveitir. Hagsmunir öreiga annarra landa voru látnir sitja á hakanum fyrir hagsmunum ráðstjórnarsambandsins, og Alþjóðasamband kommúnista, Komintern, var orðið að lyftistöng rússneska utanríkisráðuneytisins. Hinar snöggú stefnubreytingar kommúnistaflokkanna í ýmsum löndum sýna aðeins í stækkaðri mynd breytingar þær, sem orðið hafa á utanríkisstefnu Rússa — svipað því er aukavagn, sem festur er aftan í bíl, rykkist og veltur til og frá.

Þessa þróun mála kölluðu menn „sósíalisma í einu landi“. Föðurland öreiganna var það höfuðvígi, sem varð að vernda, jafnvel þótt fyrir það yrði að fórn þeim, sem stóðu fyrir utan, kjarnanum í byltingarhreyfingu Evrópu. Síðar meir, er vígið hafði verið nægilega treyst, átti setuliðið að ryðjast út úr því og frelsa þá, sem voru *extra muros* — utan virkisins. Fórn þessara manna bar að líta á sem lán, veitt til langs tíma og skyldu þeir hljóta hin dýrlegustu laun, er að skuldadögunum kæmi. Þannig var enn einu sinni lögð áhersla á Messíasarfyrirheitið. Sú staðreynd, hversu Rússland fjarlægðist hinar vinnandi stéttir í Evrópu og hversu erfitt var að komast inn í landið nema sem rækilega undirbúinn pílgrímur, gerði sitt til að fjarlægja Rússland enn meira veruleikanum og örva ímyndunaraflíð og ráðstjórnartrúna.

III.

Hin óheillavænlegu áhrif þessarar stefnu vinstri flokkana í Evrópu eru orðin söguleg staðreynd. Um gjörvalla Evrópu urðu kommúnistaflokkarnir ósjálfrátt til þess að skapa fasismann. Þeir af leiðtogunum og óbreyttum liðsmönnum, sem höfðu vitsmuni og þor til að mótmæla þessari stefnu ráðstjórnarkommúnista, voru ýmist drepnir, reknir úr flokknum eða kærðir til lögreglunnar.

Einræðisfyrirkomulagið í Alþjóðasambandi kommúnista, Komintern, var aðeins spegilmynd af einræðisstjórn ráðstjórnarsambandsins. Aðferðir kommúnista til að vinna hylli verkamanna og menntamanna í Evrópu voru hinar sömu og Rússar beittu við þjóð, sem að hálfu leyti var Asíuþjóð og í raun og veru bæði ólæs og óskrifandi, en um leið virtu þeir algerlega að vettugi vestrænan hugsunarhátt og aðstæður. Á þetta hafa margir af gagnrýnendum Kominterns rækilega bent, svo sem Trotskíj og Borkenau.

En þeir hafa aðeins tekið stjórn málahlið málsins til meðferðar. Eftir er að gera grein fyrir hinum sálfræðilegu ástæðum, er til þess liggja, að meirihluti kommúnista og skoðanabræðra þeirra utan Rússlands hafa látið sér þetta ástand lynda.

Og hver er þá skýringin á því að milljónir manna í Vestur-Evrópu hafa með velþóknun samþykkt hinar sífelldu aftökur, síendurteknar bannfæringar leiðtoga, sem áður voru vinsælir og mikilsmetnir, það hversu hinn óbreytti liðsmaður var með öllu áhrifalaus um stefnu flokksins, hversu þúsundum mannlífa hefur verið fórnað í vonlausu ævintýrabraski, en þess á milli verið látið undan óvinunum og gerðir við þá vináttusamningar, hversu vígordin voru notuð í ófugri merkingu við það, sem fólst í sjálfum orðunum, hversu því var afneitað með fyrirlitningu, sem áður var talið hið eina sanna, hversu loftið var þrungið af dylgjum og ákærum og blindri tilbeiðslu, — já, hvernig hafa menn getað gleypst við þessu og það jafnvel af frjálsum vilja og sjálfsgáfa án þess að hafa yfir höfði sér svipu Gestapo eða OGPU til þess að hressa upp á addáunina?

Þegar hæfileikinn til gagnrýni bregst svona gersamlega, bendir það ávallt til orsaka, sem virðast óskiljanlegar í fljótu bragði. Maður gæti freistast til að kalla það taugabilun, væri ekki vitað að hinn sanni trúmaður (hvort sem hann trúir á Krist eða kommúnismann) er að jafnaði hamingjusamari og rólyndari en guðleysinginn eða trotskistinn. Hinar rótrónu frumhugmyndir mannsins valda því aðeins taugabilun, að efinn geri vart við sig, svo að til árekstrar komi. Til þess að bægjja efasemdunum frá er komið á mjög handhægu varnarkerfi. Hinar ytri varnar-ráðstafanir eru að kaþólskri fyrirmynd.

Ákveðin rit voru bannfærð, svo sem bækur trotskista, og mönnum bar að forðast allt samneyti við villutrúarmenn og þá, sem þóttu grunsamir. Þetta veldur umburðarleysi, svipuðu því, sem gerist með sértrúarflokkum og sem kemur oft fram, jafnvel hjá hinu dagfarsbesta fólki, í ofsa svo miklum, að furðu gegnir.

Hinar innri varnir eru mannum ósjálfráðar. Þær eru eins konar töfrahringur,

er hugurinn slær um þær skoðanir, sem vernda á. Rökum þeim, sem komast inn fyrir hringinn, er ekki svarað með skynsemi, heldur með sérstökum falsrökum. Fjarstæður og mótsagnir, sem utan töfrahingsins mundu taldar einskis nýtar, eru teknar góðar og gildar með ljómandi gervirökum. Því meiri andlegum þroska sem maðurinn er búinn, því glæsilegri eru falsröksemdir hans. Skólaspekin, síðgyðingsfræðin og gullgerðarlistin eru furðusnjöll og sjálfum sér samkvæm. En hjá sannt trúuðum kommúnista er höfuðreglan sú, þó að fullyrðing sé í sjálfu sér hárrétt, að þá geti hún verið rökfræðilega röng.

Því breiðara sem bilið varð á milli trúarinnar á Ráðstjórnarríkin og veruleikans, því teygjanlegri urðu rök hins rétttrúaða, þar til honum fannst að lokum sjálfsgot og eðlilegt, að Ribbentrop yrði sæmdur Lenínorðunni, að milljónamæringurinn væri kallaður öreigi og borðið fyrir framan hann stöðupollur. Lesi maður forystugreinarnar, sem birst hafa í *Daily Worker* undanfarin tíu ár, verður manni innanbrjósts eins og Lísu í Undralandi.

IV.

Þar eð þessu er þannig farið, er tilgangslaust með öllu að ræða við þá, sem haldnir eru kommúnistrúnni, hvort sem þær umræður fara fram einslega eða á opinberum vettvangi. Óhlutrægni er frá byrjun útilokuð, og rökin eru ekki metin eftir gildi þeirra, heldur því, hvort þau henta kerfinu. Og ef þau gera það ekki, þá er reynt að sveigja þau svo til, að þau geri það.

Þeim, sem þannig reyna að komast að réttri niðurstöðu, er líkt farið og barninu, sem athugar hvern hlut, sem það fær í hendur, með það eitt fyrir augum, hvort hann sé ætur eða ekki eða hvort hann sé góður eða vondur á bragðið. Ef maður til dæmis lætur þess getið, að Trotskíj hafi skapað Rauða herinn, þá hefur hann ekki reifað söguleg sannindi, heldur sagt það, sem óbragð er að, og hann verður að vera viðbúinn að mæta andstöðu að sama skapi.

Tilfinningarnar þurfa ekki að birtast í æstri framkomu. Varnarkerfið starfar oftast hiklaust, eins og vel smurð vél. Ef hætta er á, að vélin ætli að stöðvast, þá grípur hún sjálfkrafa til smurninga og hártogana. Þá vill það oft bera við, að andstæðingurinn reidist, en hinn rétttrúaði varðveitir ró sína, — hina brosleitu yfirburði ofstækismannsins og prestsins.

Andmælandinn á við enn aðra erfiðleika að etja. Hann kemst í vandræði vegna óheppilegra bandamanna og vegna þess að íhaldsöflin styðja mál hans og hrópa sigri hrósandi: „Þetta er það sama og við höfum alltaf sagt!“ Það hefur komið á daginn, að íhaldsmennirnir höfðu á réttu að standa þrátt fyrir rangar forsendur. Þó er hann í hjarta sínu með hinum rétttrúaða, sem fer villur vegar, enda þótt forsendur hans séu réttar. En um leið gremst honum heimskan hans, því ekkert er eins óþolandi og að vita aðra halda með þrákelkni fast við villur, sem maður hefur sjálfur

fyrir gert sig sekan um. Af þeim ástæðum er það, sem unglingar gera mönnum svo gramt í geði.

Hjá sumum verður þessi gremja að hatri. Trotskistar hegða sér eins og tálðreginn elskhugi, sem fjasar um það í tíma og ótíma, að unnusta hans sé hóra, en froðufellir þó af reiði í hvert sinn, er hann fær nýja sönnun fyrir því. Tálvonir, sem bregðast, valda jafnmikilli geðshrængu og ófarir í ástamálum.

Að lokum er til sú hættu, að menn kúvendi í skoðunum. Góð dæmi þess og til varnaðar eru þeir Laval og Doriot, sem báðir voru eitt sinn í kommúnistaflokknum franska. Þeir menn mega búast við að renna hratt niður hallann, sem orðinn er háll af umferð hinnar miklu fylkingar hugsjónamanna, sem gerst hafa svikarar. Það er erfitt verk að nema staðar í miðjum slakkanum og hanga þar, og einmanalegt mun þar vera.

V.

Töfrahringurinn, er lykur um kommúnistatrúna, orkar ekki aðeins á flokksbundna kommúnista, heldur einnig, en óljósar á sósíalista, frjálslynda, menntaða framfaramegn og upplýsta presta. Á hinum ömurlegu áratugum milli síðustu heimsstyrjalda, er vinstri flokkarnir urðu fyrir sífelldum svikum og biðu hvern ósigurinn af öðrum, þegar verðhrun, atvinnuleysi og fasismi æddu yfir löndin hvert á fætur öðru, var Rússland hið eina, sem menn vildu lifa og deyta fyrir. Það var eina vonin í öllu vonleysinu, eina fyrirheitið hinum þreyttu og vonsviknu.

Í orði kveðnu höfðu „vinirnir“ ýmislegt við það að athuga, en undir niðri voru þeir snortnir af átrúnaðinum. En þeir voru ekki eiðsvarnir áhangendur rétttrúnaðarins, og því gátu þeir leyft sér að guðlasta, jafnvel að láta sér um munn fara léttúðuga myndni. Gagnrýni þeirra var ekki trú þeirra hættuleg, — til þess var hún of óljós og teygjanleg. En í öllu þessu var einhver traustur og órjúfanlegur kjarni, eins konar töfraþula, sem hljóðaði eitthvað á þessa leið: Hvað sem öðru líður, þá er Rússland „það sem allt veltur á“ — „það sem koma skal“, — „síðasta vonin“ og svo framvegis.

Jafnvel dauðhræddir kauphallarbraskarar og menntaðir kaupsýslumenn komust að þeirri niðurstöðu á krepputímum, að „eitthvað gæti verið til í þessu, þegar öllu er á botninn hvolft,“ rétt eins og guðleysinginn, er á dánarbednum meðtekur hið heilaga sakramenti. Þó að skoðun þessara manna sé ekki eins skýr og ákveðin og kenning hins rétttrúnaða, þá er hennar gætt af sömu blindu eðlishvötinni og jafnmikilli kostgæfni.

Skýring blaðsins *New Statesman and Nation* á stjórnmalastefnu Stalíns sýnir vel snilli þessara opinberu talsmanna Rússlands, þó að rökin séu þar að vísu glæsilegri og sveigjanlegri en almennt gerist. Rússa-„vinurinn“ hefur sömu yfirburði yfir hinn rétttrúnaða sem hinn frjálslyndi maður í trúarefnum yfir bókstafstrúarmanninn, en trúargrundvöllur annars er ekki hótí skynsamlegri en hins.

VI.

Það er með öllu vonlaust að ætla sér að brjóta á bak aftur varnir hins rétttrúaða kommúnista með því að leiða honum fyrir sjónir, á hve heimskulegum forsendum trú hans er reist. Þegar um rótgróna trú er að ræða, er hið ósjálfráða viðnám gífurlegt gegn hverri þeirri árás, er miðar að því að raska grundvelli trúarinnar. Viðnámið er skýrt með því, að kommúnistinn hafni hinu „borgaralega hugarfari“, þar eð það „samrýmist ekki stéttabaráttunni“. Sálgreining er opinberlega bönnuð í Ráðstjórnar-Rússlandi. Sálfræði kommúnista er reist á þeirri kenningu, að til sé „stéttarvitund“, er sé í samræmi við stöðu einstaklingsins innan vébanda framleiðslunnar, en að vísu hefur engum sálfræðingi tekist að sanna þessa kenningu á nokkrum lifandi manni. Þannig er kenning sett fram og hún varin með annarri kenningu, — um að ekki sé hægt að hrófla við henni. Þennan hugsanaferil þekkinga mætavel bæði sálsýkisfræðingar og þeir, sem kunnugir eru kirkjusögu.

2. kafli: Trúin og staðreyndirnar

I.

Í KAFLANUM HÉR Á UNÐAN ræddi ég um trúna á kommúnismann frá sálfræðilegu sjónarmiði. Í þessum kafla mun ég ræða um Ráðstjórnarríkin eins og þau eru í raun og veru. Hyggst ég rannsaka til hlítar, eftir því, sem efni standa til, hvort ráðstjórnarfyrikomulagið sé sósíalískt (í rauninni eða að viðleitni) eða ekki.

Við slíka rannsókn er nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir ótal fyrirbrigðum, sem til þess eru að villa mönnum sýn. Er þar umfram allt að geta hins gífurlega áróðurs, er beinist að einhverju einstöku efni, til dæmis heimskautaleiðangri, flugi um háloftin eða lagningu neðanjarðarbrautarinnar í Moskvu, sem í raun og veru snertir á engan hátt spurninguna um sósíalisma, en vekur hjá mönnum þá hugmynd, að svo sé. Hið síðasta af þessum áróðursáhlauptum mætti í stuttu máli orða svo:

1. Rússneska þjóðin og þá einkum verjendur Stalínsgarðs sigruðu Þjóðverja, af því að þeir „vissu, fyrir hverju þeir voru að berjast“. Sigrar Rússa sanna ágæti stalínismans (stjórnmalakerfi Stalíns).

Ef þessi sérstæðu rök reynast of veigalítill til þess að þola alvarlega rannsókn, þá er gripið til annarra ráða, — en þau eru:

2. Staðreyndir eru dulbúnar eða þeim algerlega neitað (en þó stundum viðurkenndar síðar meir), svo sem hungursneyð árin 1932–1933.

3. Kenningin um hinn innri (esoteríska) og hinn ytri (exoteríska) sannleika. Þetta eru opinberar tilkynningar, sem eru of fátánlegar fyrir vestrænan hugsunarhátt, en réttlættar með því að þær séu eingöngu ætlaðar til notkunar heima fyrir og þá vitnað til þess, á hve lágu menningarstigi rússnesk alþýða standi. Dæmi um þetta er, þegar tilkynnt var, að Zínovjev væri flugumaður bresku leyniþjónustunnar.

4. Greinarmunur gerður á markmiði og leiðum sósíalista. Allar ráðstafanir ráðstjórnarinnar sem ganga í afturhaldsátt, eru með því réttlættar, að þær séu aðeins ráðstafanir til bráðabirgða, til þess gerðar að ná tilætluðum árangri, til dæmis dauðarefsing við verkföllum.

5. Kenningin um, að tilgangurinn helgi tækið. Aðferðir, sem fordæmdar eru, ef þeim er beitt af auðvaldsríkjum, verða af sjálfum sér lofsverðar, ef þeim er beitt í þágu Ráðstjórnarríkjanna, til dæmis gríðasáttmáli Stalíns og Hitlers.

6. Kenningin um hinn óhagganlega grundvöll. Þetta eru víðtækustu falsrök þeirra, sem verja ráðstjórnarfyrikomulagið, og sú taug, er bindur sértrúarmennina, svo sem trotskista, sósíalista og vinveitta gagnrýnendur við ráðstjórnarfyrikomulagið

sem trúaratriði. Þverbrestir, mistök, jafnvel glæpir rússneska skrifstofuvaldsins eru viðurkenndir, en borið er fram til málsbóta, að þetta séu aðeins yfirborðseinkenni, sem engin áhrif hafi á innsta eðli Ráðstjórnarríkjanna, sem reist sé á framförum og hafi tryggt farsæld sína með því, að Þjóðin hafi tekið í sínar hendur framleiðslutækin og afnumið ágóðahvötina. Og því er haldið fram, að líta eigi á Rússland sem sósíalískt ríki, meðan þessi grundvöllur haldist, og því eigi vinstri öfl um heim allan að bera það fyrir brjósti.

Enda þótt þau rök, sem borin eru fram til varnar Rússlandi ráðstjórnarinnar, taki tíðum breytingum, falla þau þó jafnan á hverjum tíma undir einhvern af þeim sex liðum, sem að framan getur. Við skulum því athuga þá nánar.

II.

Vegna þess hve annarlegur hugsunarháttur manna er á ófriðartímum, orka rök þau, sem tilfærð eru undir fyrsta tölulið hér að framan, mest á tilfinningar þeirra, enda þótt þau séu veigaminnst og jafnvel þótt þeir hafi nokkurn stjórnmaláþroska til að bera. Sigrar Rauða hersins vöktu meðal almennings í Evrópu feikilega aðdáun á Rússlandi, er þaggaði niður alla gagnrýni á því.

Það væri fjarstæða að gera lítið úr baráttuhug Rússa eða hernaðarmætti Ráðstjórnarríkjanna. Sigurinn yfir Þýska hernum var frábært sögulegt afrek, þó að það væri á engan hátt kraftaverk.

Rússland er meir en helmingi fólksfleira en Þýskaland, framleiðsla þess á sviði iðnaðar var samkvæmt hagskýrslum ríkisins árið 1939 jafnmikil og framleiðslugeta Þýskalands, og hinar hrjóstrugu víðlendum Rússlands og veðurfar þar eru ómetanleg atriði til varnar gegn innrásarþjóð.

Þess vegna var að óeyndu engin ástæða til að ætla, að Þjóðverjar mundu sigr Rússa, jafnvel þótt ekki væri tekið tillit til aðstoðar Bandaríkjanna og hins breska heimsveldis. Þol og forlagatrú rússneskra hermanna er höfð að orðtaki. Árið 1815 sigruðu þeir Napóleón. Árið 1914 var framleiðslugeta Rússlands á sviði iðnaðar minni en einn fimmti hluti af framleiðslugetu Þýskalands. Í hinni frægu sókn Brúsílovs geystust menn í fyrstu sóknarlínu fram, búnir rífflum og góðum hermannaskóm, í annarri sóknarlínu höfðu menn aðeins skóna, en í þeirri þriðju hvorki ríffla né skó. Þeir urðu að taka þá af félögum sínum, er lágu dauðir í valnum.

Engu að síður héldu þeir áfram að berjast í meir en fjögur ár, — fyrst fyrir tsarinn, þá fyrir Kerenskíj og að lokum fyrir bolsévika. En hér sem í Þýskalandi skall byltingin ekki á, fyrr en herinn var orðinn örmagna og birgðir voru þrotnar.

Í áróðri sínum hafa Rússar fullyrt, að sigur herja þeirra árið 1941 sé sönnun um kosti stalinísmans og yfirburði hans yfir stjórnarkerfum annarra landa. Væri þetta rétt, þá gætum við einnig ályktað sem svo, að sigur Rússa 1815 hafi verið sönnun um ágæti keisarastjórnarinnar og yfirburði þrælahaaldsins yfir meginreglum frönsku

stjórnarbyltingarinnar. Og eins mætti álykta um allar aðrar þjóðir, er þátt taka í þessum ófriði.

Enginn her ann fána sínum eins heitt og japanski herinn. Eftir því ættu hinir hugdjörfu verjendur Salamaua, sem börðust, meðan nokkur maður stóð uppi, og voru mestmegnis úr flokki óbreyttra verkamanna og bænda, eins og þeir sem vörðu Stalínsgarð, með hinni dáðríku fórn sinni að vera sönnun þess, að stjórn Mikadósins sé mesta framfarastjórn í heimi.

Ég veit, að í eyrum hinna sanntrúuðu lætur þetta sem guðlast, en hér er ekki um tilfinningar að ræða, heldur það hvað leyfilegt sé, er draga skal rökréttar ályktanir. Enginn mun neita því, að þýski herinn barðist af frábærri hreysti, en sannar það, að nasisminn hafi á réttu að standa og að þeir, sem flett hafa ofan af hryðjuverkum Gestapós, séu slefberar og eigi að halda sér saman?

Kínverjar börðust í því nær tíu ár einir gegn ofurefli hins japanska árásarhers. Ætti hinn vestræni verkalýður því að taka upp þjóðfélagskerfi Kína?

Veilurnar í slíkum röksemdafærslum eru auðsæjar, og þó orkar ráðstjórnargöð-sögnin svo sterkt á tilfinningalíf manna, að jafnvel hinir menntuðustu menn gleypa athugasemdalaust við þeirri kenningu, að Rússar berjast hraustlega, af því að þeir viti, fyrir hverju þeir séu að berjast, en hins vegar berjast hinir afvegaleiddu og ofstækisfullu Þjóðverjar, Japanar og svo framvegis vel, af því að þeir viti ekki, fyrir hverju þeir berjast.

Ef hugdirfska hins þýska hermanna er engin sönnun þess, að nasisminn sé æskilegur, þá sannar hreysti rússneska hermanna ekki frekar, að stalínisminn sé eftir-sóknarverður, — nema því aðeins að menn skoði það sem staðreynd að órann-sökuðu máli (*a priori*), að stalínisminn sé góður, en nasisminn illur. Með öðrum orðum: með því að setja forsendurnar í stað ályktananna.

Sagan sýnir, að undir baráttuþrek herja renna margar stoðir, og er áhugi þeirra og trú á málefnið, sem barist er fyrir, aðeins ein af þeim og venjulega ekki hin veigamesta. Menn hafa barist og látið líf sitt með jafnmiklum eldmóði fyrir heimskulegt málefni sem gáfulegt, fyrir mál, sem leiða til afturhalds, engu síður en framfaramál og fyrir mál, sem að engu snerta hag þeirra eða eru jafnvel gagnstæð einkahagsmunum þeirra.

Venjulegir einkahagsmunir, hvort sem þeir eru fjárhagslegir eða þjóðfélagslegir, skipta engu máli með þjóðum, sem í ófriði eiga, nema frumstæðar hirðingjaþjóðir séu (barátta um beitolönd) eða, ef um menningarríki er að ræða, að þar geisi borgarastyrjöld.

Annars er sambandið milli hinna raunverulegu eiginhagsmuna hermanna og þess málefnis, er hann telur sig berjast fyrir, slungið ótal þáttum og fer eftir því, hversu tilfinningalífi hans er háttáð. Og svo kynlega eru þessir þættir slungnir, að menn berjast stundum fyrir því að halda við sinni eigin þrælkun. Er því með öllu rangt að álykta, að baráttukjarkur hermanna sanni ágæti þess málefnis, er hann berst fyrir.

Eitt veigamesta tilfinningaatriðið er útlendingahatrið, ekki einungis eins og það lýsti sér í óvild hinna frumstæðu ættflokka hverra til annarra, heldur einnig eins og það kemur fram í þjóðernishreyfingum okkar tíma. Einnig á þetta atriði ekkert skylt við hina raunverulegu eiginhagsmuni. Þannig greip hinn sósíalíski verkalýður í Varsjá til vopna gegn rússneska byltingarhernum árið 1920, og þannig risu Arabarnir í Palestínu með vopn í hendi gegn því, að Gyðingum væri hleypt inn í landið, þó að þeir hefðu af því geysimikinn fjárhagslegan hagnað.

Hvarvetna þar sem árekstrar hafa orðið í þessari styrjöld milli þjóðernistilfinningar og þjóðskipulagshugmynda manna, hefur þjóðernistilfinningin borið hærra hlut. Einræðisríkið Grikkland barðist undir forustu Metaxas gegn innrás ítalskra fasista. Lýðræðisríkið Bretland vingaðist við einræðisríkið Spán. Japan með lénsskipan sinni varð sáttað að kalla við Rússland bolsévismans.

Með öðrum orðum — enda þótt allir þessir pólitísku „ismar“ hefðu aldrei verið til, hefðu ófriðarþjóðirnar skipast í flokka á sama hátt. Bak við vígorð hugsjónanna var kjarninn æ hinn sami, sem sé styrjöld þjóða á milli eingöngu vegna hagsmuna þeirra, annaðhvort til landvinninga eða til að verjast innrás, og með öllum þeim eldmóði, sem þjóðerniskennidinni framast fylgir.

Frá sjónarmiði vinstri flokka var þessi ófriður umfram allt ófriður gegn öflugasta fasistaríki heimsins og því þess verður, að út í hann væri lagt, en ríkisstjórnir bandamanna og mikill meirihluti ópólitískra manna börðust hvorki með né móti neinum „isma“, heldur fyrir tilveru þjóðar sinnar og menningarkerfi liðinnar aldar.

Þegar þessu er haldið fram við kommúnista, játa þeir að vísu, að þetta sé rétt um auðvaldsríkin. En um Rússland sé öðru máli að gegna. En hvað bendir til þess, að hér beri að greina á milli? Jafnvel þótt rússneski herinn berðist undir alþjóðlegum vígorðum, mundi orka tvímælis, hvort það er máttur þessara orða, er knýr þá til hinnar ótraudu baráttu, eða hin frumstæða ósk um að reka illvígán innrásarher af höndum sér.

En nú vill svo til, að hin opinberu vígorð Rússa hafa ekki lengur á sér yfirskin hugsjónanna, heldur hafa þau horfið aftur til sinnar gömlu merkingar, er þau höfðu fyrir byltinguna. Nýr þjóðsöngur hefur komið í stað Alþjóðasöngs verkalýðsins, „Internationalsins,“ nýr hollustueiður til þjóðarinnar í stað eidsins til Rauða hersins, allt jafnræði innan hersins er afnumið, hlýðni við yfirmenn er komið í stað byltingaragans, hinir gömlu herföngjar keisaratímabilsins, sem barist höfðu gegn stjórnarbyltingunni frönsku, hafa aftur verið gerðir að þjóðhetjum, og hin endurborna rússneska kirkja útdeilir aftur blessun Guðs. En um þessa þróun munum við ræða nánar síðar.

Niðurstaðan af rökfærslum þeim, er falla undir fyrsta tölulið hér að framan, verður því sú, að af hreysti þjóðar í hernaði verða engar ályktanir dregnar um það, hvort stjórn hennar eða stjórnarfyriðkomulag er frjálslýnt eða afturhaldskennt, heldur er baráttuhugurinn aðallega kominn undir tilfinningum og gömlum erfða-hugmyndum, sem til þess eru fallnar að hvetja menn til dáða. Niðurstaðan verður

enn fremur sý, að ráðstjórnin hefur hagað vígorðum sínum eftir þessum örvandi erfðahugmyndum og gætt þess nákvæmlega að ganga fram hjá þeim vígorðum, sem áður greindi ráðstjórn frá auðvaldsríkjum. Ef áður nefnd röksemdafærsla sannar því eitthvað, þá sannar hún það, að rússneski hermaðurinn, sem alltaf hefur barist hraustlega fyrir Guð og föðurlandið og ríkisstjórn sína, heldur áfram að berjast hraustlega fyrir Guð, föðurland og ríkisstjórn.

Þetta útilokar þó ekki það, að Rússland sé þrátt fyrir allt sósíalískt ríki. En það verður að sanna með haldbetri rökum. Það út af fyrir sig, hversu háttað er hernaði Rússlands, vekur hjá okkur þá hugsun, að sé Rússland sósíalískt ríki, þá hafi því vandlega verið haldið leyndu, ekki aðeins fyrir umheiminum, heldur og fyrir hermönnum landsins og landslýð öllum.

III.

Menn geta neitað staðreyndunum um ráðstjórnarveruleikann bæði óafvitandi og vitandi vits. Neiti menn þeim vitandi vits, fellur það undir næsta kafla, en oftast neita menn þeim óafvitandi, og er þá fáfræði um að kenna.

Fáfræði „hinna sannt trúðu“ um Rússland eins og það er í raun og veru er feikileg. Níu af hverjum tíu fyllast vandlætingu og vantrú, er þeir eru fræddir á því til dæmis, að verkfallsrétturinn sé afnuminn í Rússlandi og dauðarefsing liggja við, ef út af sé brugðið. Eða ef þeim er sagt, að við kosningar fái kjósendur aðeins að segja já eða nei við frambjóðendalista, er stjórnin leggur fram.

Þessi fáfræði stafar að sumu leyti af því, hve miklum erfiðleikum er bundið að fá réttar upplýsingar, og að sumu leyti af ósjálfráðum ótta við að verða fyrir vonbrigðum. Það má með nokkrum sanni segja, að því glæsilegri hugmyndir sem menn geri sér um Rússland, því tregari séu þeir til að afla sér réttar vitneskju um það. Samfara trúnni er ekki löngun til að vita. Allir lesa biblíuna, en hver les Flavius Josephus?

Vegna þess hve vinstri flokkarnir voru fúsir, þótt óafvitandi væri, til að láta blekkjast, gat áróðursstarfsemi Rússlands ráðstjórnarinnar unnið þau afrek, sem ekki eiga sinn líka í sögunni. Afrek þessi voru aðallega reist á tveim aðferðum:

a. Hinni neikvæðu aðferð, — að dylja staðreyndir.

b. Hinni jákvæðu, — að halda uppi beinni áróðursstarfsemi. Munum við nú ræða þær hvora um sig.

a. *Staðreyndum leynt.*

Erlend blöð voru og eru enn bönnuð í Rússlandi. Rússnesk blöð eru enn undir svo ströngu eftirliti, að jafnvel nasisminn í Þýskalandi hefur aldrei gengið svo langt í því efni.

Í hverri borg í ríkjasambandinu, og er þá Moskva talin með, koma út tvö morgunblöð. Er annað mál gagn stjórnarinnar, en hitt flokksins.

Öll stjórnarblöðin um gjörvallt landið birta á morgni hverjum sömu forystu-

greininna, sem annaðhvort er lesin upp í útvarpi áður eða send blöðunum símleiðis. Er þetta sama forustugreinin og birtist í Moskvublaðinu *Ízvestija*. Öll flokksblöð í landinu birta hins vegar forystugrein Moskvublaðsins *Pravda*. En fréttastofan Tass sér blöðunum á sama hátt fyrir erlendum og innlendum fréttum. Bæjar- og sveitafréttir sjá opinberir starfsmenn um.

Afleiðingin af því, að fréttamiðlunin í þessu víðáttumikla landi er dregin þannig saman á einn stað, er sú, að allur þorri manna er ekki einungis fáfróður um það, sem erlendis gerist, heldur einnig um það, sem ber við heima fyrir, ef það er ekki alveg við bæjardyrnar hjá þeim. Hér skal tilfært dæmi þess, hvernig kerfi þetta starfar:

Veturinn 1932–1933 dvaldi ég að mestu í Kharkov, sem þá var höfuðborg Úkraínu. Þetta var hörmungaveturinn mikla, eftir að fyrsta áhlaupið hafði verið gert til að taka jarðirnar af bændum og leggja þær undir samyrkju. Bændurnir höfðu drepð búpening sinn, brennt eða falið kornið og voru að veslast upp af hungri og taugaveiki. Í Úkraínu einni var dánartalan áætluð um tvær milljónir.

Að fara um sveitirnar var líkt og að ganga svipugöngin. Á járnbrautarstöðvunum stóðu bændur í hópum með kræklóttar hendur og bogna fætur og beiddust ölmusu, og konurnar lyftu upp að vagngluggunum börnum sínum, hræðilegum útlits, með gríðarstór tinandi höfuð, útlimi eins og grannar spýtur og uppþembda og framsetta maga.

Í skiptum fyrir brauðhleif var hægt að fá ísaumaða úkraínska hálsklúta, þjóðbún- inga og rúmábreiður. Fyrir skó eða sokka áttu útlendingar kost á því að ganga í eina sæng með hvaða stúlku sem var, ef hún var ekki flokksfélagi. Fram hjá glugganum á hótélherbergi mínu í Kharkov fór óslitin líkfylgd allan daginn. Rafveita borgarinnar hafði bilað, og borgin var ljóslaus, og strætisvagnarnir gengu aðeins klukkutíma eða svo á dag til þess að flytja verkamennina til og frá vinnu. Ekkert eldsneyti eða olía var til í borginni, og veturinn var strangur, jafnvel á mælikvarða Úkraínu, — allt að 30 stiga frost. Lífið virtist hafa stöðvast, og kerfið allt var að því komið að hrynja saman. Af þessum ástæðum komust hinir gömlu framherjar bolsévika í andstöðu við Stalín og hófu í örvæntingu sinni, en þó með hálfum huga, samsæri gegn honum. Þetta var hin raunverulega ástæða fyrir „hreinsuninni“ og réttarhöldunum. Nú játa kommúnistar í Rússlandi hreinskilnislega hörmungarnar frá 1932–1933, en þá var harðlega bannað að minnast einu orði á það í rússnesku blöðunum, hversu ástatt var í raun og veru. Ekki einu sinni blöðin í sjálfri Úkraínu máttu nefna það.

Á hverjum morgni las ég í Kharkov-blaðinu *Kommunist* um áætlanir, sem hefðu verið framkvæmdar og farið hefði verið fram úr, um samkeppni milli verksmiðju- flokka, hverjir hefðu verið sæmdir rauða fánanum, um nýjar risasamstæður í Úral og svo framvegis. Myndirnar voru ýmist af broshýru ungu fólki með fána í hönd eða sérkennilegu, gömlu fólki frá Úzbekístan, sibrosandi og með stafrófskerið á milli handanna. Ekki var einu orði minnst á hungursneyðina í héraðinu eða drep- sóttirnar, er geisauðu, eða það, að heil þorp lögðust í eyði. Jafnvel var ekki minnst

á rafmagnsleysið í Kharkov í blöðunum þar. Þetta var líkara draumi en veruleika. Blöðin virtust vera að tala um eitthvert allt annað land, sem átti ekkert skylt við það líf, sem hér var lifað daglega. Og eins var því farið um útvarpið.

Afleiðingin af þessu var sú, að allur þorri manna í Moskvu hafði ekki minnstu hugmynd um, hvað var að gerast í Kharkov, og því síður, hvað var að gerast í Tashkent, Arkhangelsk eða Vladívostok — tólf stunda járnbrautarferð í burtu og í landi, þar sem stjórnararindrekar höfðu forgangsrétt til ferðalaga, — en þeir ferðalangar létu ekki móðan mása. Þetta feikistöra land var sveipað skikkju þagnarinnar, og enginn sá, er stóð utan við hring hinna örfáu útvöldu, gat gert sér nokkra skynsamlega grein fyrir því, hvernig ástandið var.

Annar þagnarhjúpur einangraði landið frá umheiminum. Erlendar sendinefndir og blaðamenn sátu í Moskvu. Höfuðborgin hafði forgangsrétt á öllu, — matvælum, eldsneyti, iðnaðarvöru, tannburstum, varalit, verjum og annarri munaðarvöru, sem ófánleg var í öðrum landshlutum. Lífsþægindi þau, er menn nutu þar í borg, gáfu enga hugmynd um, hversu háttað var í því efni annars staðar í landinu.

Ef hinn óbreytti borgari í Moskvu var fáfróður um það, sem var að gerast í hinum fjarlægum hlutum síns eigin lands, þá var fáfræði útlendingsins takmarkalaus. Hann mátti ekki ferðast um nema í fylgd með eftirlitsmönnum frá öryggisþjónustunni, sem voru annaðhvort túlkar, leiðsögumenn, bifreiðastjórar, menn sem hann kynntist „af tilviljun“ eða jafnvel daðurfélagar. Hann mátti ekki gefa sig að öðrum en embættismönnum ríkisins, og hefði óbreyttur ráðstjórnarborgari afskipti af útlendingum, átti hann á hættu að verða kærður fyrir njósnir eða jafnvel landráð.

Ofan á erfiðleikana sem útlendingurinn átti við að etja við að fá réttar upplýsingar, bættust, að því er blaðamennina snertir, vandkvæðin á því að koma þessum upplýsingum úr landi. Væri erlendur blaðamaður staðinn að því að smygla úr landi fréttum, sem fréttaeftirlitið hafði bannað, var hann rekinn úr landi, en það vilja hvorki blaðamenn eða vinnuveitendur þeirra hætta á nema í ýtrustu nauðsyn. En hvenær sú nauðsyn er raunveruleg, er oft álitamál, og afleiðingin af þessari sífelldu þvingun varð sú, að jafnvel hinir samviskusömustu blaðamenn komust að nokkurs konar þegjandi samkomulagi: Þeir símsendu engin ósannindi og héldu sig nauðugir viljugir að tilkynningum stjórnarinnar, en létu eftir því sem þeir þorðu skína í athugasemdir sínar og gagnrýni milli línanna, með hnitmiðuðum, tvíráðum lýsingarorðum eða sérstökum stílblæ, sem vitanlega fór fram hjá öllum lesendum öðrum en þeim, sem þær voru ætlaðar. Útkoman af öllu þessu varð þannig mynd, afskræmd af hálfsgögðum sannleika og undandrætti. — Á þessari undirstöðu reisti Rússland ráðstjórnarinnar hina jákvæðu áróðursstarfsemi sína.

b. Jákvæður áróður.

Áróðursstarfsemi Ráðstjórnar-Rússlands erlendis notar tvær aðferðir með mjög lofsverðum árangri. Önnur er sú að leggja aðaláhersluna á hagskýrslur, er sýna allt í stórum dráttum, en ganga framhjá smáatriðunum, er einstaklinginn varða. Hin

er sú að leggja áherslu á eitthvert sérstakt atriði, sem alls ekki er einkennandi, og heimfæra það upp á heildina.

Fyrri aðferðin orkar á ímyndunarafli okkar, sem orðið hefur fyrir áhrifum frá Ameríku og er mjög næmt fyrir öllum hagskýrslum. Ótal tölur um framleiðslu, húsasmíðar, fræðslumál, flutningamál og launamál eru settar fyrir lesandann, en á bak við allan hávaðann og reykingarnar er falinn raunveruleikinn um hlutskipti einstaklingsins og hið daglega líf í Ráðstjórnar-Rússlandi.

Að vísu mun enginn neita því, að í Rússlandi varð bylting á sviði iðnaðar. En svo varð einnig í Englandi, Þýskalandi, Ameríku og Japan á 18. og 19. öld. Í Rússlandi kom iðnbyltingin á eftir öreigabyltingunni, og því finnst áróðursmönnum rússnesku réttmætt að benda á nýjar verksmiðjur, sem reistar hafa verið, og nýjar járnbrautir, sem „frábær sigurtákn sósíalísmans“.

Þessi loddaraleikur með orð á sína sögu. Það má rekja hann til hinna frægu orða Leníns: „Kommúnismi er ráðstjórnarvaldið að viðbætti rafvæðingu alls landsins.“ Lenín átti með þessum orðum við það, að sósíalismi væri aðeins mögulegur í landi með nútíðarmenningu, þar sem iðnaður væri á háu stigi, og iðnaðarverkamennirnir hefðu forustuna fyrir íbúum sveitanna, sem væru á eftir tímanum. Hann hélt því með öðrum orðum fram, að iðnaður á háu stigi væri frumskilyrði þess, að hægt væri að stofna sósíalískt þjóðfélag.

Þessum frumsannindum hefur áróðursvél Stalíns hagrætt svo, að fjöldinn fór að trúá því, að sósíalismi og verksmiðjusmiði væru eitt og hið sama. Menn litu ekki á Dnjepr-stífluna, Túrks-Síb járnbrautina, Hvítahafsskurðinn og neðanjarðarbrautina í Moskvu og svo framvegis sem athyglisverð verkfræðileg afrek, sambærileg við sams konar verk í Englandi og Ameríku, heldur sem eitthvað einstakt, sem heimurinn hefði aldrei áður séð, sem meginkjarna, blóma og fullkominun hins eina sanna sósíalísma. Allur þorri rússnesku þjóðarinnar trúir því í raun og veru, að Moskva sé eina borgin í veröldinni, sem geti státað af neðanjarðarbraut.

Hin dáleiðslukenndu áhrif þessarar áróðursjöfnu: sósíalismi = iðnaður á háu stigi, voru þau, að menn gleypu ekki aðeins við henni heima fyrir, í Rússlandi, heldur tóku Rússlandsvinirnir erlendis í hinum gömlu iðnaðarlöndum henni einnig tveim höndum. Dnjepr-stíflan og neðanjarðarbrautin í Moskvu, rússneska háloftaflugið og heimskautaleiðangrarnir, rússneska flugtækni og eldvörpunar, — allt var þetta hinum sanntrúðu ráðstjórnarvinum sem eins konar helgir dómur.

Þessi sefasjúka tilbeiðsla náði hámarki sínu í allri þeirri aðdáun, sem þyrllað var upp umhverfis sósíalísku kvenleyniskyttuna Ljúdmílu Pavlítsjenko, sem skotið hafði 137 Þjóðverja með *sósíalískri hæfni* og lýsti afreki sínu fyrir blaðamönnum auðvaldsins með *sósíalísku raunsei*. Það sem hér er með skáletri, er orðrétt tekið úr rússnesku blöðunum.

Hin aðferðin, að leggja áherslu á sérstætt atriði og heimfæra það upp á heildina, er óbrotnari: Ferðamönnum, blaðamönnum og ljósmyndasmiðum eru sýndar fyrirmyndarverksmiðjur, fyrirmyndardagheimili fyrir börn, fyrirmyndarverka-

mannaklúbbar og heilsuhæli. Þessara gæða nýtur hugsanlega einn hundraðshluti þjóðarinnar, en kjör hinna 99 hundraðshlutanna eru ekki „sýnd á myndinni“.

Fyrir ófriðinn, sem nú geisar, gátu menn farið frjálssir ferða sinna í hvaða menningarlandi sem var, ef vegabréf þeirra var í lagi. Þetta gilti jafnt um fasistaríkin, Ítalíu og Þýskaland. En í Rússlandi máttu menn aðeins ferðast um ákveðin héruð. Rússneskir embættismenn stóðust ekki reiðari en er þeim var borið á brýn, að þeir gripu til viðhafnarsýninga í því skyni að blekkja menn. Eðlilegasta og sjálfsgaðasta leiðin til þess að hrinda þessum aðdróttunum hefði verið að afnema þær hömlur, sem aðdróttanirnar voru reistar á, og segja við umheiminn: „Komið og sjáið sjálf.“

En Rússar lýstu yfir því, að þetta væri ógjörningur, því að sérhver útlandingur gæti hæglega verið skemmdarverkamaður eða njósnari. Ráðstjórnarvinirnir tóku þessa viðbáru góða og gilda. Það er augljóst, hversu mikil fjarstæða þetta er, þegar þess er gætt, að Þýskaland hafði að minnsta kosti jafnmikla ástæðu til að óttast njósnara árin 1933 til 1936, er það var að hervæðast á laun.

En Þjóðverjar vissu eins vel og Rússar, að auðvelt er að dylja fyrir umheiminum hernaðarleyndarmál og jafnvel hinar harðvítugustu pólitísku ofsóknir með venjulegu lögregluflirtíli, ekki síst í einræðisríkjunum. Leyndarmálið, sem ráðstjórnarsambandið gætti af svo mikilli kostgæfni, var ekki hernaðarlegs eðlis, heldur laut það að lífskjörum og afkomu almennings í landinu.

Bak við alla skrautelda hagskýrslanna, bak við táknin og stórmerkin, lágu víðerni ráðstjórnarveruleikans í myrkri og þögn. Þessi raunveruleiki — hversdagslíf fólksins í Kazan og Saratov, í Ashkabad og Tomsk, jafnvel í úthverfum Moskvu — svo að ekki sé talað um þvingunarvinnuna í fangabúðunum við Hvítahafið eða allar þær milljónir manna, sem fluttir hafa verið sem útlagar til Síberíu og Mið-Asíu, — allt er þetta eins fjarlæggt og hulið hinum vestræna áhorfanda og sú hlið tunglsins, er frá jörðu veit, er hulin stjörnufræðingnum, sem athugar það í kíkí sínum.

IV: Innri og ytri sannleikur

Í fullan mannsaldur hefur Rússland verið einangrað frá umheiminum af nýjum kínverskum múr, sem kastað hefur skuggum sínum á báða vegu. Fáfræði almennings í Rússlandi um, hversu ástatt væri í auðvaldsheiminum, var jafnvel meiri en vanþekking manna í auðvaldsheiminum á ástandinu í Rússlandi. Eina huggun hins rússneska almennings var sannfæring hans um, að félagarnir í auðvaldsríkjunum byggju við ennþá verri kjör en hann. Menn hugsuðu sem svo, að verið gæti, að þeir væru í hreinsunareldinum, en þá væru félagar þeirra erlendis í helvíti.

Í kvikmyndum, útvarpi, blöðum og í bókmenntunum var heiminum utan múrsins eða landamæranna lýst svo, að hann væri byggður digrum bankastjórum, sem hversdagslega gengu í kjól með pípuhatt, eða yfirstéttarmönnum með stírðnað kuldaglott á vör og síðan hins vegar dauðsveltum öreigalyð, er hefðist við í kjallara-

holum og bruggaði þar launráð sín. Það var heimur fullur hryllings hinna rússnesku ævintýra.

Í kvikmynd, er ég sá í Moskvu árið 1933, var þýskur vísindamaður húðstrýktur í neðanjarðarhvelvingu í kaþólsku munkaklaustri. Voru það munkar, sem húðlátid frömdu með aðstoð þýskra stormsveitarmanna. Forspjallið að myndinni var eftir Lúnatsjarskíj, fyrrum þjóðfulltrúa menntamála Ráðstjórnar-Rússlands. Kvikmynd þessi var gerð með það fyrir augum að sýna hana einungis í Rússlandi, og munaði miklu, hve lélegri hún var að listagildi en fyrri snildarverk af þessu tagi, er ætluð voru til áróðurs erlendis.

Ég minnst einnig jafnglöglega annars atviks. Vinsæll úkraínskur rithöfundur var að skrifa smásögu, sem gerðist í Lundúnum. Hann var kominn í ógöngur með atriði, þar sem lögregluþjónn hrindir verkamanni á sunnudagsgöngu út af gangstéttinni. Hann leitaði ráða til mín. Hvað mundi lögregluþjónninn segja? Og hvaða illyrðum mundi hann hreyta út úr sér?

„Spurningin er aðeins sú,“ sagði ég, „hvers vegna lögregluþjónninn hrindir manninum út af gangstéttinni.“

„Nú, — það er auðvitað,“ sagði rithöfundurinn. „Ég sagði yður, að hann væri verkamaður. Hann var flibbalaus og ekki með neitt hálsbindi.“

Hann var í einlægni sannfærður um það, að í auðvaldsborginni Lundúnum gengju lögregluþjónarnir um á sunnudagsmorgnum og hrintu öreigunum út af gangstéttunum. Og þetta var alls ekki ómenntaður maður. Hann var ungur maður, er hafði hlotið háskólamenntun í Rússlandi, og vinsældir hans sem rithöfundar fóru sívaxandi. Hugmyndir Rússa um auðvaldsskipulagið voru álíka fráleitar og hugmyndir lesenda *Daily Mail* um bolsévismann.

Sama einstrengingslega aðferðin var notuð gegn andstöðunni heima fyrir í Rússlandi. Einræðisstjórnin, sem stóð og féll með sínum eigin óskeikulleika, gat ekki leyft, að almenningur fengi vitneskju um það, að stjórn málaágreiningur væri innan flokksins. Þess vegna hlutu hinir ákærðu í Moskvuréttarhöldunum að vera meðal hinna svörtu sauða. Það var óhugsanlegt að viðurkenna, að þeir væru heiðarlegir stjórnálamenn, sem að vísu væru í andstöðu við stjórnina. Það varð að láta þá leika hlutverk gagnbyltingarmannsins, sem er flugumaður erlends ríkis, — ekki af sannfæringu, heldur af því, að honum er borgað fyrir það, eða af einhverjum öðrum djöfullegum hvötum.

Fórnarlömbin tóku að sér þessi hlutverk af misjöfnum ástæðum, eftir því sem hver var gerður. Menn eins og Búkharín, sem aðhylltust sömu lífsskoðun og ákær-endur þeirra, gengu í þennan leik af frjálsum vilja, af því að þeir voru sannfærðir um, að það væri seinasta fórnin, sem þeir gætu fært flokknum, þar eð þeir höfðu bedið stjórn málaágreiningar ósigur og höfðu því samkvæmt miskunnarlausum öfgum einræðisríkjanna fyrirgert lífi sínu. Aðrir, sem voru útslitnir eftir ævilanga baráttu, hugðust geta með því bjargað lífi ættingja sinna, sem haldið var sem gíslum, þó að þeir gætu ekki bjargað sjálfum sér (sbr. ummæli Kamenevs um son sinn í öðru

réttarhaldinu). Og enn aðrir, sem lítilsigldari voru, höfðu látið bugast af andlegum og líkamlegum pyndingum og lofordum um miskunn, sem þeir í einfaldni sinni trúðu á í lengstu lög.

Að síðustu voru lögregluþjófsmálaráðgjafar, sem ekkert áttu á hættu. Játningarnar í Moskvu eru þeim einum dularfullar, sem leita einnar sameiginlegrar skýringar á framkomu þessara manna, sem meðgengu af svo ólíkum hvötum.

Aðferð sú í áróðursstarfsemi Rússa heima fyrir að gera allt sem einfaldast og skiljanlegast leiddi til þeirrar hefðar, að þeir, sem ákærðir voru um stjórnmalaglaði, urðu í réttarhöldunum að játa sakir þær, er þeir voru bornir, afdráttarlaust og ótilneyddir. Og þegar þessari hefð var einu sinni komið á, var ekki frá henni vikið.

Hér er skýringin á því furðulega fyrirbrigði, að í réttarhöldunum í Kharkov yfir þýskum stríðsglaðamönnum í desember 1943 voru hinir þýsku liðsforingjar og undirforingjar látnir hegða sér eins og fólk úr sögum Dostojevskíjs. Einn þeirra sagði frá því við réttarhöldin ótillkvaddur, að hann hefði eitt sinn við fjöldaftöku á rússneskum mönnum tekið vélbyssuna af einum hermannanna og skotið með henni móður með barn í fanginu. Útlendingum, sem viðstaddir voru réttarhöldin í Kharkov (en þau voru kvikmynduð og myndin sýnd opinberlega í Lundúnum), þóttu þau ekki síður óeðlileg en réttarhöldin í Moskvu. Hinir ákærðu töluðu með íburðarmiklum orðum, sem þeir bersýnilega höfðu lært utan að, og stundum gripu þeir fram í fyrir hinum opinbera ákæranda á röngum stað, eins og þeir hefðu gleymt markorðinu, en komu síðan að sama efni aftur.

Það er enginn vafi á því, að Þjóðverjar frömdu hryðjuverk í Rússlandi, svo gifurleg, að þau eru með öllu óskiljanleg vestrænum hugsunarhætti. En að þessir ákveðnu Þjóðverjar hefðu framið þessa sérstöku glaði, sem þarna var um að ræða, var ekki sannað með neinu nema játningu þeirra sjálfra. Þetta dregur á engan hátt úr hinni hræðilegu sekt nasismans, en það sýnir, að hið rússneska réttarfar er orðið svo klafabundið áróðursþörfinni heima fyrir, að það hefur glatað möguleikanum til að gera jafnvel sannleikann sennilegan.

Réttarfar, sem notað er í þágu áróðurs, hlýtur að bera fráleitan árangur. Samkvæmt niðurstöðu Moskvuréttarhaldanna var Trotskíj þegar orðinn flugumaður erlends ríkis um það leyti, er hann var yfirmaður Rauða hersins og braut á bak aftur erlenda íhlutan. Og frumkvöðlar rússnesku byltingarinnar voru allir að Stalín undanskildum og þeim, sem dáði höfðu nógu snemma, erindrekar bresku, þýsku eða japönsku leyniþjónustunnar. Þeir drápu Gorkíj á eitri og reyndu að byrja yfirmanni OGPU (sem síðar reyndist samsekur þeim) baneitraða kvikasilfursupplausn, voru önnunum kafnir við að kasta skruflyklum inn í vélar, seldu smám saman föðurland sitt í hendur hinum svívirðilegasta erlenda lýð fyrir ærið fé, reyndu að myrða Föður Stalín og höguðu sér að jafnaði eins og glæpamenn af verstu tegund.

Væri verjendum kommúnismans bent á þessar firrur og mótsagnir, þá mundu þeir segja þær ósannindi. En væru þeim sýndar hinar opinberu skýrslur, sem gefnar voru út í Moskvu um réttarhöldin, þá mundu þeir að vísu játa, að þær væru

ýktar, en segja um leið þeim til réttlætningar, að þær væru ætlaðar hinum fáfróða almenningi í Rússlandi. Í raun og sannleika er rússnesk alþýða pólitískt þroskaðasta eða óþroskaðasta alþýða í heimi, allt eftir því sem við á í það og það skipti. Áhrif þau, sem „sannleikurinn til heimanota“ hefur haft á rússneskan almenning hin síðustu tuttugu ár, munum við ræða í næsta kafla.

V.

„Breska stjórnin hefur lýst yfir því, að markmið hennar í styrjöldinni við Þýskaland sé hvorki meira né minna en geryðing Hitlerstefnunnar. Þetta þýðir það, að Bretar og Frakkar hafa sagt Þjóðverjum eins konar „hugsjónastríð“ á hendur. Minnir það á trúarstýrjaldir fyrrum. Ekkert er það til, er réttlætt getur stýrjaldir af þessu tagi. Menn geta aðhyllt eða verið andvígir hugsjónum þeim, sem í Hitlerstefnunni eru fólgnar, eins og raunar öðrum hugsjónastefnum, því að það fer eftir sköðunum manna á stjórnámálum. En þess skyldu allir menn vera minnugir, að hugsjónum verður ekki útrýmt með valdi. Það er því ekki einungis heimskulegt, heldur og glæpsamlegt að heyja stýrjöld sem þessa til þess að „geryða Hitlersstefnunni“, en hafa að yfirskyni, að hún sé barátta fyrir lýðræðinu.“

Þannig fórust orð Molotov, þjóðfulltrúa utanríkismála, á fundi Æðsta ráðs Ráðstjórnarríkjasambandsins 31. október 1939. Er ráðstjórnarvinunum er bent á þessa ræðu og aðrar henni líkar, er fluttar voru árin 1939–1941, svara þeir með drýgindalegu brosi, að þetta hafi verið neyðarúrræði til þess eins að vinna tíma, og kalla það „byltingar-herbragð“.

Griðasáttmáli Hitlers og Stalíns var kenskubragð til þess að friða Þýskaland, þangað til Rússland væri undir það búíð að leggja út í styrjöld, að sama skapi og upplausn Kominterns og vinsamleg yfirlýsing Earls Browders í garð auðvaldsskipulagsins var bragð til þess að láta Bandamenn ekki ugga að sér, þangað til allt væri búíð undir næstu byltingaröldu.

Sömu rök og þessi eru borin fram til varnar hverri ráðstöfun, hverju lagaboði eða ræðu, sem frá forráðamönnum Rússlands kemur, hvort heldur það gerist heima fyrir eða á alþjóðavettvangi.

Í þessu efni kemur einmitt til greina hin aldagamla deila um það, hvort tilgangurinn helgi tækið — öll tæki. Ég mun ekki ræða hér hina siðferðilegu hlið þessa máls. Frá raunsæissjónarmiðinu einu getur vel verið, að það hafi verið Rússlandi til framdráttar að beita hlífðarlaust aðferðum Machiavellis, en það hefur orðið til að spilla, afskræma og að lokum eyðileggja hina alþjóðlegu byltingahreyingu, og fyrir það hefur bestu mönnum verkalýðsstéttarinnar í Evrópu verið fórn að.

Tiltæki eins og það að draga hakakrossfánann við hún og láta hljómsveit Rauða hersins leika nasistasönginn á flugvellinum í Moskvu við komu Ribbentrops þangað hefði mátt líta á sem kuldalega tækifærisstefnu, ef það hefði átt sér stað í

einhverju af auðvaldsríkjunum. En það fær aðra og dýpri merkingu, þegar það gerist í „föðurlandi verkamanna og bænda“.

Það, sem á hefur unnist með þessu, verður ekki metið til jafns við þann gífurlega hnekki, sem jafnaðarmannahugsjónin beið við það siðferðilega.

Tiltæki sem þetta verður ekki metið á dauðan stærðfræðilegan mælikvarða, því að afleiðingar þess eru óútreiknanlegar. Báðum megin jöfnunnar eru óþekktar stærðir. Menn hafa gleymt því of fljótt, að hrun Frakklands 1940 var ekki eingöngu að kenna starfsemi fimmtu herdeildar hægri flokkanna. Heróp kommúnista, að þetta væri styrjöld hinna ríku og „óviðkomandi hinum vinnandi stéttum“, átti rík-astan þátt í því að lama baráttukjark franska hersins.

Hver getur með nokkrum rétti fullyrt, að ávinningur Rússa af þessari utanríkis-málastefnu þeirra vegi upp á móti því mikla tjóni, er hlaust á fyrstu vígstöðvum styrjaldarinnar?

Árin 1939–1941 héldu blöð Kominterns uppi starfsemi og óduldum andróðri gegn bandamönnum til þess að þóknast Hitler. Tveim árum síðar var Komintern leyst upp, að því er fullyrt var til þess að þóknast Churchill og Roosevelt.

En það er ekki hægt að reka úr vistinni stofnun eins og Alþjóðasamband kommúnista, rétt eins og það væri þjónn, sem ekki væri not fyrir, og ráða annan á morgun. Það er ekki hægt að fara með hugsjónir, skoðanir og fórnarvilja milljóna manna af öllum þjóðernum eins og tölur á pappír. Hið sama gildir um almenning í Rússlandi sjálfu. Það er almennt viðurkennt, að stjórn málaeg menntun sé meginskilyrði þess að geta skilið sósíalismann. Það er ennfremur játað, að rússnesk alþýða sé svo ómenntuð, að áróðursstarfsemin þar heima fyrir þurfi að vera sérstaklega óbrotin og auðskilin.

Hvers árangurs er því að vænta, þegar áróðurinn er í algerðri mótsögn við sjálfan sig frá degi til dags? Hann verður óhjákvæmilega sá, að fólkið, sem veit ekki sitt rjúkandi ráð vegna mótsagna, sem það greinir óljóst í öllum hávaðanum, sér sitt óvænna og sættir sig við þá staðreynd, að stjórn mála séu óskiljanleg, gefur skilyrðis-laust upp alla gagnrýni og felur sig forsjá leiðtögganna.

Þannig sækir í sama menningarviðhorf og ríkti fyrir byltinguna. En mönnum er þó búin nokkur hughreysting í sárabætur. Þeir eru sviptir réttinum til að dæma, en hvattir til að fordæma. Séð er fyrir fórnarlömum, sem menn geta látið bitna á gremju sína og óánægju. Nýr óviðjafnanlegur pólitískur orðaforði, svo sem „óðir hundar“, „djöflar“, „hýenur“ og „sárasóttargepill“ er kominn í stað orða, sem áður voru notuð til að láta í ljós stjórn málaágreining.

Hámarki náði endurreisn þessarar sósíalísku menningar, þegar teknar voru upp aftur opinberar aftökur til dægrastyttingar fyrir fólk. Þrjátíu til fjörutíu þúsund manns voru viðstaddir aftökurnar eftir Kharkov-réttarhöldin. Aftökurnar voru kvikmyndaðar af mikilli nákvæmni og nærmynd tekin af sjálfri hængingunni. Síðan var myndin sýnd um gjörvallt Rússland og jafnvel víða erlendis. Atburðinum lýsti fréttaritari *The Times*, sem hafði sérstaklega verið falið að vera viðstaddur (31. des-

ember 1943), með þessum orðum, sem eru svo þrungin samúð og hrifningu, að þau eru þess verð, að þau séu tilfærð:

Réttarhöldin sjálf voru veigamikill þáttur í hinu mikla menningarstarfi. Þau fullnægðu ekki einungis hinni brennandi þrá eftir strangasta réttlæti, heldur sýndu þau hinum mikla mannfjölda, sem safnast hafði saman á torginu, innsta kjarna þýsks hugarfars og spillingar. Og sveitafólkið, er í þrjá daga, eftir að aftökurnar höfðu farið fram, horfði á skrokkana hanga, sá vesaldóm óvinarins og hinar gífurlegu veilur fasismans. ... Vögnunum, er hinir dæmdu menn stóðu á, var ekið burt, og við það féllu þeir hægt út af þeim. Hófst þá hengingin, og mátti þá heyra, að hinn mikli fjöldi áhorfenda umlaði hásum rómi af innilegri ánægju. Sumir sýndu fyrirleitningu sína á hinum deyjandi mönnum með því að taka undir andköf þeirra með blístri. Aðrir létu í ljós fögnuð sinn með lófataki.

Fyrirsögnin á þessari lýsingu var „Endurmenntun“, og var hún sett í fullri alvöru.

Veraldarsögunni flökrar ekki við öllu. Við höfum ekki haldið því fram, að við hefðum andstyggð á þeim aðferðum, sem notaðar eru (að vísu höfum við það), heldur að afleiðingar þeirra verði ekki séðar fyrir. Af því leiðir, að það er ekki hægt að réttlæta þær fyrirfram með rökfræðilegum niðurstöðum. En af því leiðir einnig, að sú spurning getur vaknað með okkur, hvort ekki verði hægt að réttlæta þær eftir á.

Það getur farið hrollur um okkur, er við hugsum um þær milljónir manna, sem fórnad hefur verið miskunnarlaust innan Rússlands og utan, þann gífurlega hnekki, sem sósíalistahreyfingin hefur beðið og þá miklu siðferðilegu niðurlægingu, sem hún er komin í. Og þó er það svo, meðan við teljum það víst, að Rússland stefni að sósíalisma, þótt ef til vill hægt fari og krókaleiðirnar séu margar, að þá verður ekki ofangreindri spurningu svarað.

En hvaða sönnun er fyrir því, að Rússland stefni í meginatriðum að sósíalisma og að það, sem bendir til hins gagnstæða, séu aðeins gárar á yfirborðinu? Þetta er mergur málsins. Ef ég tek mér ferð á hendur með lestinni frá Lundúnum til Edinborgar og vakna um nóttina við það, að ég er á suðurleið í stað þess að halda norður, þá verð ég vafalaust hvumsa við, en ég gæti talið mér trú um, að líklega sé ég staddur í fjallahéraði og listin verði því að fara eintómar krókaleiðir. En ef ég vakna morguninn eftir í Bournemouth á suðurströnd Englands og lestarstjórinn fullyrðir við mig, að skemmsta leið frá Lundúnum til Skotlands liggja um þá borg, þá hef ég fullt leyfi til að efast um sannsögli hans.

Krókaleiðir eru óhjálkvæmilegar á ferðalögum, og eina ráðið til þess að komast að því, í hvaða meginstefnu er haldið, er að athuga leiðina góðan spöl og draga síðan meðalboglínu í gegnum allar bugðurnar. Persónulegar staðhæfingar leiðtoganna skipta engu máli, og hvort þeir trúa þeim sjálfir hefur ekkert sögulegt gildi. Eini

mælikvarðinn, sem allt verður að miðast við, er hinn raunverulegi árangur, sem náðst hefur á hinum ýmsu sviðum. Næsti kafli verður stutt yfirlit yfir, í hvaða meginátt þjóðfélagsþróun Rússlands hefur stefnt.

VI. Erfðir í réttindum

1. Peningaerfðir.

Ein af frumkenningum sósíalismans er sú, að börn öll, er fæðast í þennan heim, skuli njóta jafnréttis til að afla sér menntunar og frama. Í samræmi við það voru erfðir vegna skyldleika, samkvæmt erfðaskrá eða líftryggingu afnumdar skömmu eftir byltinguna.

1. Erfðir samkvæmt lögum eða erfðaskrá eru afnumdar. Eftir dauða manns falla eigur hans (fastar eða lausar) til ríkisins.

2. Þangað til lögin um almannatryggingar til handa þeim, er þurfandi eru, ganga í gildi, skulu niðjar hins látna, bræður og systur, eiginkona eða eiginmaður, sem ekki eru vinnufær, fá styrk af eignum þeim, er hinn látni lætur eftir sig.

3. Fari eignirnar eigi fram úr 10.000 rúblum og einkum, ef þær eru jarðeignir, húsmunir, verkfæri eða garðyrkjuáhöld, þá skulu þær fyrst um sinn vera í vörslum eftirlifandi eiginmanns, eiginkonu eða ættingja og til afnota fyrir þau, skv. II. gr. tilskipunar þessarar. Tilskipun útgefin 27. (14.) apríl 1918.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar Ráðstjórnarsambandsins.

Hinn 18. nóvember 1919 voru afnumdar allar líftryggingar, höfuðstólseignir og tekjur manna (Lagabálkur 56–542). Gamalmenni, örkumla menn og unglingar, sem urðu fyrir tjóni við það, að erfðir og líftryggingar voru afnumdar, verða algjörlega á framfæri ríkisins. Nýja stjórnarskráin frá 1936 kom aftur á misrétti frá fæðingu. Erfðir voru aftur lögfestar og takmarkalaus umráðaréttur yfir erfðafé samkvæmt erfðaskrá tryggður hverjum einstakling (Stjórnarskrá Ráðstjórnarríkisins, 10. gr.). Líftryggingum var einnig komið á aftur. Efnaðir borgarar voru hvattir til þess í auglýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins (GOSSTRAXH) að kaupa lífsábyrgð. Lægsta tryggingarupphæð er 5.000 rúblur, er við dauða hins tryggða greiðist erfingjum hans (sbr. auglýsing í *Literatura í Ískústvo* 9. október 1943). Algjört jafnrétti frá fæðingu hlýtur alltaf að hafa verið meira í orði en á borði, á meðan foreldrarnir höfðu misháar tekjur. Þetta var óhjákvæmilegt á því tímabili, er sósíalisminn var að þokast af fyrsta stiginu (hver maður á að vinna eftir getu sinni og uppskera laun í samræmi við afköst sín) yfir á annað stigið (hver maður á að vinna eftir getu sinni og uppskera laun í samræmi við þarfir sínar, — þ. e. eftir því hve mörg börn hann á, læknishjálp og svo framvegis).

Jafnvel hinn bjartsýnasti gat ekki búist við því, að algjöru jafnrétti yrði komið á í einni svipan. Hins vegar var ástæða til að ætla, að stjórn, sem stefndi, þótt hægt færi, að sósíalisma, mundi gera sér far um að draga úr þeim áhrifum, sem misjöfn afkoma foreldra hlýtur óhjákvæmilega að hafa á börnin. Hún mundi reyna að sporna við því, að um forréttindi frá fæðingu yrði að ræða. En ráðstjórnin rússneska tók þveröfuga stefnu. Erfðir voru aftur lögfestar, menn voru hvattir til að líftryggja sig, og það sem meira er, — börn afburðamanna fengu sérstakan ríkisstyrk, þar til þau voru orðin fullveðja. Ég tilfæri hér aðeins eitt dæmi:

Látinn er eftir þunga sjúkdómslegu hinn víðfrægi flugvélasmiður, félagi N. M. Políkarпов, hetja hinnar sósíalísku vinnufylkingar og félagi æðsta ráðs Ráðstjórnarríkjanna. Hefur ráðstjórnin ákveðið að veita ekkju Políkarповs og dóttur hans 100.000 rúblur í viðurkenningarskyni fyrir starf hans og ekkjunni auk þess 1.000 rúblur í mánaðarlegan lífeyri og dóttur hans 500 rúblur á mánuði, þar til hún hefur lokið námi, og ennfremur systur hins látna 400 rúblur á mánuði, meðan hún lifir. (*Soviet War News*, 2. ágúst 1944).

Ungfrú Políkarпов elst þannig upp á heimili, þar sem þrír úr fjölskyldunni hafa samanlagt í tekjur á mánuði 1.900 rúblur án þess að vinna fyrir þeim og eiga auk þess fjárupphæð, er nemur 100.000 rúblum, til að grípa til. Ef þessi sama ungfrú hefði verið fædd af foreldrum í stétt óbreyttra verkamanna og faðir hennar orðið öryrki annaðhvort fyrir aldurs sakir eða vegna slysfara, mundi hún hafa alist upp á heimili með 30–75 rúblur í tekjur á mánuði í stað 1.900 rúblna.

2. Forréttindi til mennta.

Misréttið er ekki aðeins bundið við þá, sem fullorðnir eru og vinna fyrir kaup, heldur nær það fyrir beinar aðgerðir ráðstjórnarinnar jafnvel til hvítvöðungsins í vöggunni. Börn í Rússlandi alast upp í fátækt eða ríkidæmi rétt eins og í auðvaldsríkjunum. Fyrsti varnargarðurinn gegn erfðum á forréttindum féll, er hin nýja stjórnarskrá Ráðstjórnarríkjanna lögfesti erfðir á fjármunum, og annað enn veigameira var það, er frjáls og ókeypis aðgangur að námi var afnuminn með því að krefjast skólagjalds við æðri menntastofnanir.

Tilskipun 2. október 1940 (*Ízvestija*, 3. okt. 1940) mælti svo fyrir, að skólagjald við framhaldsskóla skyldi vera 150–200 rúblur og við háskóla 300–500 rúblur á ári. Skólagjaldið fyrir fyrsta námstímabilið skyldi greiðast innan mánaðar frá birtingu tilskipunarinnar. Afleiðingin varð sú, að um 600 þúsund fátækir stúdentar gátu ekki greitt skólagjaldið og urðu því að hætta námi. (P. Meyer: *The Soviet Union: A New Class Society*, *Politics* 1944, New York, bls. 83.)

Æðri menntun (frá 15 ára aldri) varð þannig forréttindi þeirra unglinga af foreldrum, sem höfðu efni á að kosta þá til náms, en það var einkum fólk í stétt

embættismanna, verkfræðinga og menntamanna. Þróunin í þessa átt hófst löngu áður, en til ársins 1932 þurftu að minnsta kosti 65% af námsmönnum við vélháskólana og verkfræðingaskólana að vera verkamenn eða börn verkamanna (*Pravda* 13. júlí 1928). Með þessari ráðstöfun var komið í veg fyrir, að efnaðir nemendur gætu bolað hinum fátækari frá æðri skólum. Með tilskipun 19. september 1932 var þessi verndarráðstöfun afnumin í framkvæmd. Eftirfarandi tafla sýnir, hversu fækkað hefur verkamönnum og börnum verkamanna við æðri skóla:

	1933	1935	1938
	%	%	%
Háskólar	50,3	45,0	33,9
Framhaldsskólar	41,5	31,7	27,1

(Tekið úr *Sozialistitsjeskoje Strojteltstvo SSSR*, Moskva 1934, bls. 410, og 1936 bls. 576, og *Kúltúrnoje Strojteltstvo SSSR*, Moskva 1940, bls. 114.)

En augljósast verður, hvert stefnir, þegar athugaðar eru niðurstöðutölurnar úr iðnskólunum, því að þaðan eru menn teknir í mikilvægustu forstjórastöðurnar í Ráðstjórnarríkjunum. Þær tölur líta þannig út:

Verkamenn og börn þeirra	43,5%
Bændur og börn þeirra	9,6%
Skrifstofumenn, sérfræðingar og börn þeirra	45,4%

(Tekið úr bók Solomons Schwarz, „Heds of Russian Factories,“ *Social Research*, Sept. 1942, New York, bls. 321).

Eftir að skólagjaldi var komið á 1940, voru stofnaðir liðsforingjaskólar (Súvorovherskólarnir), og var sonum liðsforingja sérstaklega ívilnað um aðgang að þessum skólum (Tilskipun 23. ágúst 1943). Þá eru einnig til sérstakir skólar fyrir börn embættismanna. Hins vegar eru börn þeirra manna, sem ekki hafa ráð á að greiða fyrir þau skólagjöldin við framhaldsskólana, kvödd til eins ára skylduvinnu, er þau hafa lokið barnaskólanámi (Tilskipun 2. október 1940). Eru þau þá þjálfuð í sex mánuði og allt að tveim árum til sérstakra starfa síðar meir, en að þeim tíma liðnum er þeim skylt að taka að sér störf, hvar sem vera skal. Af þessu fyrirkomulagi leiðir, að börn verkamanna og bænda verða að öllum jafnaði verkamenn og bændur, en börn þeirra, sem hærra eru settir, þokast af sjálfu sér í hærri stöður. Fátæklingarnir njóta að vísu námsstyrkja, en skilyrðin fyrir þeim eru mun strangari en í flestum auðvaldsríkjum. Til þess að öðlast slíka styrki þurfa menn að hafa fengið við próf ágætiseinkunn að minnsta kosti í 2/3 hluta námsgreinanna, en fyrstu einkunn í hinum. Staðreynd sú, að börn fátækra manna þurfi að sýna frábæra hæfileika til þess að fá að afla sér þeirrar menntunar, sem rétt er skilyrðislaust að sonum hinna ríku, bendir óneitanlega til þess, að það djúp sé staðfest á milli stéttanna,

sem afburðamaðurinn einn getur komist yfir. Þróunarstig þessara mála eru tvö. Fyrst fór fram stéttaskipting eftir tekjum, og var það óhjákvæmilegt. En því næst er þessi stéttaskipting eftir tekjum, er til næstu kynslóðar kemur, látin ná til allra þegar frá fæðingu, fyrir beinar aðgerðir ríkisvaldsins. Arfgeng embættismannastétt, iðnaðarmannastétt og herforingjastétt verður uppistaðan í þessu nýja stéttaþjóðfélagi, og ræður engu í því efni, hver framleiðslutækni á, heldur hverjir það eru, sem fara með völdin í landinu. Og allar þessar stéttir sýna sömu viðleitni til að halda við völdum sínum og sérréttindum og í öðrum ósviknum stéttaþjóðfélögum, er sagan greinir frá.

Erfitt er að sjá, hvornig hægt er að réttlæta allar þær tilskipanir og lagaboð, sem þróun þessi er reist á, með því, að þau séu „bráðabirgðarástafanir“ eða „neyðarúrræði á erfiðum tímum“. Erfðarétturinn var tryggður með stjórnarskránni, sem vissulega átti ekki að vera neitt dægurplagg. Og ekki er hægt að segja, að það hafi verið gert til þess að þóknast Churchill og Roosevelt, er ráðstjórnin árið 1932 svipti verkamenn þeirri vernd, er þeir höfðu notið gegn því, að efnamennirnir gætu bolað þeim frá námi við æðri skóla. Og ekki verður heldur talið, að ráðstjórnin hafi sett skólagjöldin á til þess að flýta fyrir innrás Bandamanna á meginlandið. Ef um væri að ræða eina einustu tilskipun um menntamál á síðasta áratug, er til framfara horfði, þá gæti maður ef til vill verið í vafa um raunverulegan ásetning ráðstjórnarinnar. Ég skora því á hina hneyksluðu ráðstjórnarvini, er lesa þessa bók, að benda á þótt ekki sé nema eina slíka tilskipun. Hið sama er að segja um kennsluáðferðirnar, það sem kennt er í skólunum og þann anda, er svífur þar yfir vötnunum. Allar nýjungar í kennslu, allar tilraunir og aðferðir, er vænlegar voru til nytsemda, hafa verið lagðar niður í Rússlandi. Samskólar eru þar ekki lengur til. Piltar og stúlkur mega ekki vera í sama skóla, er þau eru orðin tólf ára. Keppni milli kennara og nemenda hefir verið afnumin. Ameríska kennsluáðferðin, hin svokallaða pedologi, er tekin var upp í Rússlandi á fyrstu árum byltingarinnar og miðar að því að hagnýta sem mest athafnaþrá og forvitni barnsins, hefur einnig verið lögð niður á þeim forsendum, að hún sé reist á „falsvísindum“, sem séu „skaðleg og andstæð marxistastefnunni“. En í stað hennar hefur ráðstjórnin endurvakið hina ómenguðu „marxistastefnu“ með því að lýsa yfir eftirfarandi meginreglum:

Skólastjórnin er einráður um stjórn skólans. ... Kennarinn á ekki að veigra sér við að gefa nemendum fyrirskipanir, og honum ber að refsa þeim, ef nauðsyn krefur. ... (Þetta sagði Potemkín, þjóðfulltrúi menntamála Rússa, á menntamálafundi Ráðstjórnarríkjanna í ágúst 1943, sbr. *Útsjítelskaja Gazeta* [Kennarablaðið] 7. ágúst 1943.)

Reynsla hinna bestu kennara hefur fyrir löngu afsannað það skraf, að þvingun eða refsing hafi skaðleg áhrif. Skynsamleg hirting er áhrifameiri en fortölur. (*Pravda* 2. ágúst 1913.)

Fortölur hindra það, að menn læri að hlýða. ... Skólar, sem láta hjá líða

að innræta nemendum þjóðlegan hugsunarhátt, leiða til spillingar og hafa þjóðhættuleg áhrif. (Potemkín, á sama fundi og áður, sbr. sama blað, sama dag.)

Og þannig mætti halda áfram. Allt gætu þetta verið góðar og gildar reglur fyrir enskan menntaskóla af íhaldsamara tagi.

VII: Fátæklingar og milljónamæringar öreigaríkisins

Ég hef á það bent, að ekki verði hjá komist nokkru misræmi í launakjörum manna á umskiptatímum og að ekki verði deilt á ráðstjórnina fyrir það eitt. En það má deila á hana fyrir það, hve mikill launamunurinn er, og fyrir þá stefnu hennar að auka muninn fremur en að draga úr honum.

Dróunin í þessa átt á rætur sínar í þeirri meginreglu um hámarkstekjur, er Lenín setti fram í bók sinni *Ríki og byltingu*, að engir embættismenn ríkisins, að forseta lýðveldisins meðtöldum, skyldu hafa hærri laun en fullgildur verkamaður. Þetta var ein af þeim þremur meginreglum, sem áttu að vernda einræðisstjórn öreiganna gegn spillingu embættismanna (hinar tvær voru um sameiningu framkvæmdavalds og löggjafarvalds og rétt kjósenda til að víkja frá embætti hvaða starfsmanni ríkisins hvar sem væri og hvenær sem væri).

Jafnræðiskenningin var á fyrstu árum byltingarinnar framkvæmd svo út í æsar, að Lenín varð sjálfur, meðan á borgarastyrjöldinni stóð, að fyrirskipa, að leiðtogar þeir, er bæru ábyrgð á heill og lífi félaga sinna, skyldu hafa forgangsrétt til brýnustu lífsnaudsynja. Var það gert til þess að tryggja herstjórunum á þessum umbrotatímum ófriðarins nægilegan svefn og mat og, ef mögulegt væri, rólegan samastað til að vinna við landabréf sín. Þetta voru forréttindi, sem veitt voru af brýnni nauðsyn, raunveruleg „neyðarráðstöfun“, en hafði þó óvæntar og annarlegar afleiðingar. Upp frá þessu voru „forréttindi ábyrgra leiðtoga“ talin sjálfögð og eðlileg á öðrum sviðum hins daglega lífs, svo sem dvöl á dýrum hressingarhælum á Krímskaga, einkabústaður til sumardvalar, sjúkrahús eingöngu ætluð fyrir „hina ábyrgu“, gistihús og skemmtistaðir.

Þetta voru þó aðeins forréttindi til ýmissar nauðsynjavöru og lífsþæginda, en ekki til peninga. Ákvæðin um hámarkstekjur (um 100 rúblur á mánuði) voru enn í gildi um flokksfélaga, en á þá, sem báru meira frá borði, hina svokölluðu NEP-menn, innlenda og erlenda sérfræðinga, er ekki voru í flokknum, var litið með fyrirlitningu sem óhjákvæmilegt þjóðarböl. Á tímum fyrstu fimm ára áætlunarinnar varð munurinn á launakjörum manna enn meiri. En þó keyrði um þverbak með hinni frægu ræðu Stalíns í júní 1931 um atriðin sex, því að með henni var hafin baráttan gegn jafnræði í launakjörum.

Því var haldið fram, að þetta jafnræði í launum bæri að afnema þegar í stað og að fullu og öllu, því að það væri „af erlendum toga spunnið og stórskadlegt hinni

sósíalísku framleiðslu“. Það var kallað „smáborgaraleg heimska“, glæpur gegn ríkinu, nokkurs konar grýluorð eins og „gagnbylting“ og „trotskismi“. Í kjölfar ræðu Stalíns fór að venju af stað gífurlegur áróður um land allt, eins konar krossferð á hendur jafnræðisreglunni, með þeim árangri, að allur þorri manna sannfærðist um, að misjöfn launakjör væru undirstöðuatriði sósíalísmans.

Ástæðan til þessarar nýju stefnu voru örðugleikar þeir, er fimm ára áætlunin hafði mætt. Hin gífurlega hrifningaralda, sem risið hafði 1927, er því var heitið að „ná og fara fram úr“ auðvaldsríkjunum, hafði hjadnað að sama skapi sem lífskjör manna versnuðu í stað þess að batna, enda voru þau orðin verri nú en þau höfðu verið fyrir byltinguna. Það varð að finna nýja leið til þess að auka og bæta framleiðsluna, hvað sem það kostaði, — og þessi nýja leið fannst. Hún var fólgin í þeirri bráðabirgðaráðstöfun, að menn skyldu fá misjafnt kaup og laun. En sá mismunur varð brátt svo mikill, að hann „náði og fór fram úr“ því misræmi um tekjur, er menn áttu við að búa í auðvaldsríkjunum, eins og ég mun brátt sýna fram á. Menn hafi það hugfast, að þess var ekki getið, að leið þessi væri farin til bráðabirgða og vegna illrar nauðsynjar, heldur var því beinlínis haldið fram, að hér væri um stórsigur að ræða fyrir hina sósíalísku lífsskoðun.

Jafnnaúðsynlegt hinum unga rússneska iðnaði var að koma á hagfelldu vinnukerfi. Það þurfti að leggja niður einstaklingsaðferðirnar við framleiðsluna, en taka upp hina fullkomnustu verkaskiptingu, nota hin hraðvirkustu tæki og greiða verkamönnum kaup eftir afköstum þeirra. Allt var þetta gert aðgengilegt mönnum með því að prýða það hinni rómantísku gyllingu „stakhanovismans“, sem er eitt furðulegasta áróðursbragð síðari tíma.

Kvöldið 30. ágúst 1933 losaði Aleksej Stakhanov, ungur kolanámumaður, er vann í Donetz-námunum, á 6 stunda vinnuvakt sinni 102 smálestir af kolum í stað sjö smálesta sem venjulegt var, um fjórtán sinnum meira en meðalafköstum nam. Nokkrum dögum síðar jók hann afköst sín enn, fyrst með því að losa 175 smálestir og seinna 227 smálestir á einni „vakt“ eða þrjátíu og tvisvar sinnum meðalafköst. (*Verkamenn í landi sósíalísmans*. Ping Stakhanov-manna í Moskva 1936.)

Útvarp, blöð og ræðumenn um gjörvöll Ráðstjórnarríkin lofsungu þetta stórfenglega afrek Stakhanovs með hrifningu, sem er sambærileg við áhrifin af sýnum Bernadettu frá Lourdes á menn. Brátt fóru fleiri kraftaverk að gerast. Djúkanov námumaður losaði 125 smálestir á „vaktinni“ og E. Vínogradova og M. Vínogradova, vefarar við Nogín-verksmiðjurnar, juku svo afköst sín, að önnur þeirra gat annast 144, en hin 150 vefstóla í stað 16 til 24 áður. *Pravda* gat um mann í trésmiðaverksmiðju, er innti af hendi starf 63 heflara, 55 manna er settu saman smíðisgripina og 15 sögunarmanna. Brátt kom að því, að hver verksmiðja hafði á að skipa verkamönnum, er afköstuðu 200%, 500%, 1000%, eða jafnvel 2000% miðað við meðalafköst.

Stakhanov birti sjálfur leyndardóm þessara „kraftaverka“ í ræðu, er hann flutti á fyrsta þingi Stakhanov-manna. Hann kvaðst hafa tekið eftir því, að hann og félagar

hans notuðu loftborinn ekki nema lítinn hluta vinnutímans, vegna þess að þeir urðu að hætta að bora, er þeir höfðu losað nokkuð af kolum, til þess að flytja þau í burtu, og þeir gátu ekki byrjað að bora aftur, fyrr en því verki var lokið. Að fara þannig úr einu verki í annað olli mikilli tímaeyðslu, og hann komst því að þeirri niðurstöðu, að vinnuflokkur mundi ná betri árangri, ef einn maður gerði ekkert annað en að losa kolin, en hinir ynnu að því að bera frá honum og önnur störf, er með þyrfti.

Hér var með öðrum orðum komin á verkaskipting, sem um áratugi hafði verið talin sjálfögð í námuiðnaði í VesturEvrópu. Með því voru lagðar niður hinar æva-gömlu og þægilegu vinnuaðferðir, sem rússneskir námumenn settu sig svo illa við að falla frá. Og þeir voru neyddir til að taka upp verkaskiptinguna í hinu barnalega og rómantíska gervi stakhanovismans. Auðvitað var verkaskiptingin í sjálfri sér nauðsynleg alveg eins og misjafnar launagreiðslur. En eins og misræmið í launakjörum manna fór langt fram úr því, sem þekktist í auðvaldsríkjunum, leiddi verkaskiptingin til þrælkunar verkalyðsins, sem rekinn var áfram miskunnarlaust undir því yfirskeyni, að það væri sósíalísk nauðsyn.

„Stakhanovhreyfingin er sérstætt ráðstjórnarfyrirbrigði, — sérstætt sósíalískt fyrirbrigði,“ sagði Ordzhoníkídze, þjóðfulltrúi þungaiðnaðarins, á þingi Stakhanovmanna. Og Molotov fórust þannig orð: „Hér er því ekki um það að ræða, hvort menn ofreyni sig. Að telja mínúturnar og sekúndurnar við vinnuna gefur henni hljóðfall, ... gefur henni menningargildi. Það er því ekki ofreynsla verkamannsins, sem skiptir máli, heldur menningarleg afstaða hans til vinnunnar.“

Menningin í þessari nýju merkingu hefur þróast ört innan iðnaðar Ráðstjórnarríkjanna. Stakhanov-menn, en þeir eru flokkstjórar, sem á auðvaldsmáli eru kallaðir verkstjórar, höfðu matstofur fyrir sig í verksmiðjunum og fengu í laun allt að því tvítugfalt meðalkaup manna.

Sem dæmi má nefna, að samkvæmt Moskvublaðinu *Trud* (20. janúar 1936) höfðu 60 verkamenn í einni af Donetz-námunum frá 1.000–2.500 rúblur hver í laun á mánuði, 75 höfðu 800–1.000 rúblur hver, 400 höfðu 500–800 og þeir þúsund menn, sem eftir voru, höfðu að meðaltali 125 rúblur hver á mánuði.

Hæstu laun í þessari námu, sem var ekki arðbærari en aðrar námur, voru um 30 sinnum hærri en lágmarkslaunin, sem þar voru greidd.

En forstjórar fyrir námum, þar sem 1.500 menn vinna, eru ekki í hæsta flokki innan tæknistéttarinnar. Laun framkvæmdastjóra, yfirverkfræðinga og forstjóra í hæsta launaflokki eru allt að því 100 sinnum hærri en meðallaun og allt að því 300 sinnum hærri en lágmarkslaun. Þróun þessi náði hámarki sínu árið 1943, er fyrsta milljónamæringi öreigaríkisins var fagnað í ráðstjórnarblöðunum af mikilli hrifningu.

Ráðstjórnarsinninn kann að bera fram þau rök, að ástæða sé að vísu til að harma, hve mikils mismunar gæti í launakjörum manna í Ráðstjórnarríkjunum, en hér sé þó aðeins um laun að ræða, en ekki hagnað, eins og í auðvaldsríkjunum. Frá raunhæfu

sjónarmiði skiptir minnstu máli, hvort félagi Berdjebekov, — framkvæmdastjóri fyrirmyndarbúsins í Kazakhstan og fyrsti maðurinn, sem Rússar viðurkenndu, að væri milljónamæringur, — á búgarðinn, sem hann situr á, eða hefur aðeins stjórn hans á hendi. Vald hans yfir þeim, er vinna hjá honum, er samkvæmt gildandi vinnulöggjöf (sjá síðar) í raun og veru meira en vald eigandans í auðvaldsríkjunum. Börn hans öðlast þau forréttindi, er auður veitir, bæði um menntun og frama, og þau munu ekki þurfa að vinna fyrir tekjum sínum fremur en börn milljónamæringa í auðvaldsríkjunum. Munurinn er aðeins sá, að Berdjebekov fær ekki að kaupa land eða verksmiðjur sjálfum sér til handa. En hver sækist eftir að kaupa verksmiðju, ef hann getur notið allra hlunninda eins og væri hann eigandi hennar án þess að þurfa að eiga nokkuð á hættu fjárhagslega?

Sú þróun, sem milljónamæringar öreigaríkisins bera vitni um, verður ekki skilín, nema kjör þeirra séu borin saman við lífskjör fátæklinganna þar í landi. Ráðstjórnarríkin eru eina stórveldið í heiminum, sem aldrei gefur út skýrslur um launakjör og verðlag á lífsnaúðsynjum og engar skýrslur um tekjur og gjöld. Hins vegar birta rússneskar hagskýrslur háværar greinargerðir um iðnaðarframleiðsluna, en um neytendurna er vandlega þagað.

Einstaka menn, svo sem Ciliga, Sedov, Yvon og Serge, sem lifað hafa meðal alþýðunnar í landinu, hafa komist úr landi og þorað að segja sannleikann um ástandið þar afdráttarlaust. Þessir menn hafa lýst hinum aumu lífskjörum, sem almenningur í Rússlandi á við að búa, — en hafa vitanlega verið bornir út af áhangendum Ráðstjórnarríkjanna sem trotskistar og rógberar. Engu að síður er hægt að komast að hinu rétta í þessu máli með því að athuga til hlítar þær heimildir, sem til eru frá ráðstjórninni sjálfri, og ætla má, að óhætt sé að treysta. Þannig birtir rússneskt tímarit, *Planovoje Khoziaistvo* (Áætlunarbúskapur), sem er málgað stjórnaðinnar og kom út árið 1938, nokkrar tölur um matarneyslu meðalverkamanna fjölskyldu í St. Pétursborg á keisarátímunum, en fjölskylda þessi hafði afkomu sína af vinnu við iðnaðinn.

Þannig höfðu meðallífskjör manna, frá því er byltingin hófst og til ársins 1929, batnað um 54%, en voru 1937 komin 32% niður fyrir það, sem þau höfðu verið fyrir byltinguna. Að sömu niðurstöðu, þótt með annarri aðferð sé, kemst F. Forest, og er hún reist á heimildum frá ráðstjórninni og verðlagi í smásöluverslunum í Moskvu, sem sendiráð Bandaríkjanna í Rússlandi hefur gefið skýrslu um og rússneska ráðstjórnin staðfest (F. Forest: *An Analysis of Russian Economy, New International*, janúar–febrúar 1943).

Tölur hans eru þessar:	1913	1928	1940
Verðvísitala	100	187	2248
Kaupvísitala	100	233	1383
Raunveruleg kaupvísitala	100	125	62

Ennfremur hefur Colin Clark komist að sömu niðurstöðu (*Critique of Russian Statistics*) og reisir hana eingöngu á rússneskum stjórnarheimildum. Samkvæmt út-

reikningi Clarks hefur matarneysla einstaklings árin 1913–1934 minnkað um 30% (úr 49,6 pence á viku eftir ensku verðlagi 1934 í 38 pence). Þessi tala er, eftir því sem Polanyi fullyrðir, 30% fyrir neðan það, er þau 10% í Englandi eiga við að búa, er lélegast fæði hafa, samkvæmt niðurstöðum Sir Johns Orrs.

Að því er ég best veit, hafa engir ráðstjórnarmenn eða kommúnistar, er þekkja til þessara mála, fram að þessu reynt að hrekja tölur þessar eða gefið út skýrslur um launakjör og verðlag lífsnauðsynja í Rússlandi, er bendi til þess, að ofangreindar niðurstöður séu ekki réttar. Enda mundi það reynast erfitt verk, þar eð niðurstöðurnar eru reistar á útreikningum samkvæmt heimildum, sem komnar eru frá ráðstjórninni um framleiðslu matvæla, meðallaun, fólksfjölda og svo framvegis.

Mismunurinn á launagreiðslum á sviði landbúnaðar hófst með hinni frægu ræðu Stalíns í febrúar 1933, er hann ávarpaði bændur og hvatti þá til að safna auði. Það virtist í fyrstu óræð gáta, hvernig fara ætti að því að losna við „bölvun jafnræðisins“, þar eð jarðirnar höfðu verið teknar til samyrkju og allir bændur áttu jafnan hlut í hinu sameiginlega landi.

En brátt varð fundin á þessu hin snjallasta lausn: Framleiðslu landsins var ekki skipt jafnt milli félaga samyrkjunnar, heldur eftir „vinnudögum“, sem hver þeirra lét í té. Og skilgreining orðsins „vinnudagur“ var með ýmsum hætti, eftir því hvers eðlis vinnan var. Þannig skyldi dagsverk verkamanns jafngilda hálfum „vinnudegi“, dagsverk manns, er færi með dráttarvél, fimm, og dagsverk umsjónarmanna og stjórnenda fimm og jafnvel allt að tíu „vinnudögum“. Á máli auðvaldsríkjanna heitir þetta, að bændur urðu launþegar og urðu að þola sama misrétti um launakjör og verkamenn, er unnu í verksmiðjum, og urðu að lúta forstjóra samyrkjubúsins og undirmönnum hans hverjum af öðrum á sama hátt og verkamennirnir í verksmiðjunum. Eins og ég hef áður getið um er milljónamæringurinn Berdjebekov forstjóri fyrir ríkisbújörðunum í Kazakhstan, en það er alræmt fyrir að vera eitt af allra fátækustu héruðum Ráðstjórnarlýðveldisins.

Verkamenn, bændur og hermenn eru þrjár meginstöðir Ráðstjórnarlýðveldisins. Hermennirnir máttu því ekki vera eftirbátar iðnaðar- og bændastéttarinnar í baráttunni gegn hinni „smáborgaralegu jafnræðisstefnu“ (þetta voru orð Stalíns). Nú fær óbreyttur hermaður í Rauða hernum 10 rúblur í kaup á mánuði, liðsforingi 1.000 rúblur, yfirforingi 2.400 rúblur (*The Economist* 3. júlí 1943). Hlutföllin milli launa óbreytts hermanns og undirforingja í breska hernum eru því sem næst 1 á móti 4, í bandaríska hernum 1 á móti 3, en í Rauða hernum eru hlutföllin 1 á móti 100. Það er fróðlegt að heyra, hvað ráðstjórnarvinirnir segja um þetta fyrirbrigði. Í bæklingi, er nefndist *Milljónamæringar í Ráðstjórnarríkjunum* og kom út árið 1943 í kommúnistaritsafninu *Rússland nútímans*, kemst höfundurinn, Reginald Bishop, þannig að orði:

Annað atriði, sem valdið hefur miklum misskilningi, eru laun hermanna,
— sem sé það, að óbreyttur hermaður í rauða hernum fær mjög óveruleg

laun, en yfirmenn tiltölulega há laun, — liðsforingi um 1.000 rúblur á mánuði, yfirforingi rösklega 2.000 rúblur og aðrir hærri laun eftir því sem staða þeirra er hærri. Augljóst er, að milljónamæringar Ráðstjórnarríkjanna hafa ekki orðið til fyrir það, að þeir hafi þegið laun eftir tign. Jafnaugljóst er og það, að hér er ekki um stéttamismun að ræða, heldur heilbrigða sósíalíska stefnu í fullu samræmi við þær reglur, er gilda um almennar launagreiðslur í Ráðstjórnarríkjunum. Allir karlmenn í Rússlandi eru herskyldir. Þeir eru í þjónustu ríkisins um takmarkaðan tíma og fá í staðinn lítils háttar skotsilfur. Að þessum tíma liðnum hverfa þeir aftur að borgaralegum störfum, venjulega betur undir þau búnir en þeir voru, áður en þeir voru kvaddir til herþjónustu. Enda þótt laun þeirra í hernum hafi verið óveruleg, þá hafa þeir notið svo margvíslegra fríðinda, til dæmis ókeypís frímerkja, ferða, hreinlætisvöru (!), skemmtana, reyktóbaks og svo framvegis — að þeir hafa að minnsta kosti verið eins vel haldnir og hermenn annarra ríkja.

Hvað ætli breski hermaðurinn mundi segja, ef hermálaráðuneytið lækkaði kaupíð hans niður í átján pence á viku og Sir James Grigg réttlætti þessa ráðstöfun með því, að hermennirnir væru fluttir ókeypís á vígstöðvarnar, nytu auk þess þeirra hlunninda að fá tvö frímerki og átján vindlinga ókeypís á viku og ókeypís aðgang að sýningum ENSA, leikflokks til skemmtunar hermönnum?

VIII. Vinnuskilyrðin og verkalýðsfélögin

Vinnulöggjöfin, er samkvæmt ummælum Molotovs átti að verða til þess, að menn öðluðust „menningarlega afstöðu til vinnunnar“, var svo miskunnarlaus, að hún tók í því efni langt fram allri þeirri harðneskju, er verkalýður fasista á Ítalíu og nasista í Þýskalandi átti við að búa. Framkvæmdastjórum og verkstjórum í verksmiðjum var fengið vald í hendur til þess að reka verkamenn fyrirvaralaust úr vinnunni, ef þeir komu meir en tuttugu mínútum of seint til vinnu eða ef þeir fóru í burtu, áður en vinnutíminn væri úti, ef þeir voru hysknir eða afköst þeirra voru ekki fullnægjandi og svo framvegis (Tilskipun 29. des. 1939). Væru menn reknir vegna leti, voru skömmtunarseðlar þeirra teknir af þeim (meðan vörur voru skammtaðar), og þeir misstu rétt til húsnæðis. Árið 1939 fékk hver launþegi vinnubók, sem verkstjórinn geymdi og skráði í athugasemdir um hegðun verkamannsins, ávirðingar hans, ástundun eða leti og svo framvegis. Það varðaði við hegningarlögin að ráða mann í vinnu, sem ekki hafði vinnubók.

En hvorki ógnir né refsingar dugðu til að sporna við því, að fjöldi óánægðra verkamanna færu úr vinnu þeirri, er þeir höfðu. Því voru árið 1938 gerðar ráðstafanir til þess að rígbinda verkamenn við vinnustöðvar sínar. Frá því árið 1940 var mönnum refsað með þvingunurvinnu, ef þeir fóru leyfislaust úr vinnu og jafnvel fyrir að koma of seint eða slóra og svo framvegis. Hvern þann, er gerst hefur sekur

um einhverja ávirðingu, verður að dæma innan 5 daga, frá því að brotið er framið. Dómarastörfin annast aðeins einn dómari nú (áður dómari og tveir ólöglerðir meðdómendur). Dómarar og framkvæmdastjórar eiga von á þungri refsingu, ef þeir sýna linkind (Tilskipun 26. júní og 24. júlí 1940). Sjúkratryggingar og aðrar tryggingar miðast við það, hve lengi hinn tryggði hefur verið í sömu atvinnu. Þannig fá verkamenn engan sjúkrastyrk greiddan fyrstu sex mánuðina, er þeir eru í nýrri atvinnu. Úr því hækkar sjúkrastyrkurinn smám saman og nær hámarki, er menn hafa unnið tíu ár samfleytt á sama stað. Ef menn breyta um vinnustað, gildir hið sama og er þeir fara í nýja atvinnu (*International Labour Review*, b. 38, 1938).

Um sama leyti og ofangreind lagafyrirmæli voru sett, var sex daga vinnuvikan og sjö stunda vinnudagurinn afnuminn, ákvæðisvinnutaxtinn lækkaður og lágmarks-krafan um afköst hækkuð, svo að meðalmánaðarlaunin héldust óbreytt, enda þótt vinnutíminn væri lengdur um 15%. Þar við bættist, að dregið var af kaupum þeirra verkamanna, er ekki gátu fullnægt þeim framleiðslukröfum, sem gerðar voru til hvers um sig, en það voru 32% allra verkamanna (Skýrsla Shverníks, aðalritara Verklýðssambands Ráðstjórnarríkjanna, 16. apríl 1941).

Lög, sem sett höfðu verið til verndar konum og unglíngum (til varnar því að þau væru látin vinna nætur- og eftirvinnu), voru felld úr gildi. Þess ber að geta, að það, sem hér hefur verið sagt, á við árin fyrir ófrið þann, er nú stendur yfir, en frá því í desember 1941 hafa allar greinar iðnaðarins í Rússlandi og allir flutningar, er beint eða óbeint koma styrjöldinni við, verið undir herlögum (Margaret Miller: *Labour in the U.S.S.R.*, British Association for Labour Legislation 1942, bls. 19–21).

Fjarvist frá vinnu, hyskni og hirðuleysi var látið varða dauðarefsingu.

Þegar litið er yfir það, sem skýrt hefur verið frá hér að framan, er ekki óeðlilegt, að vakni með mönnum sú spurning, hvernig það hefur mátt verða, að lagalegri stöðu verkamannsins í Ráðstjórnarlýðveldinu hefur hrakað svo herfilega sem raun ber vitni um. Hvernig það var mögulegt að afnema grundvallarréttindi hans og hvernig lífskjör hans hafa getað versnað svo mjög frá því á keisarátímanum, en þó risið upp á sama tíma ný stétt, er lifir í allsnægtum. Hvernig hefur allt þetta getað orðið án mótstöðu og í landi, sem að orði kveðnu hefur verið undir einræðisstjórn öreiganna?

Í auðvaldsríkjum með lýðstjórnarfyrirkomulagi eru verkamönnum opnar tvær leiðir til þess að hafa áhrif á stjórnarákvarðanir: almennar kosningar og verk-lýðsfélögin. Augljóst er, að fyrri leiðina er ekki um að ræða í ríki, sem aðeins leyfir einn stjórnarmálaflokk. Kjósendur í Ráðstjórnarríkjunum hafa aðeins rétt til þess að greiða atkvæði með eða móti þeim eina lista frambjóðenda, sem borinn hefur verið fram af stjórnvöldum. Að greiða atkvæði gegn slíkum lista getur komið kjósendum í koll, því að í flestum sveitakjördæmum fara kosningar fram opinberlega, auk þess sem það er með öllu tilgangslaust: Þar er ekki völ á öðrum frambjóðendum.

Löglegir andstöðuflokkar eru ekki til, engin óhád blöð og engir möguleikar á því, að almenningsálitid geti látið til sín taka gegn ríkisvaldinu. Eina leiðin, sem opin er

þeim, sem óánægðir eru, er leynileg stjórnmalastarfsemi fárra manna flokka. Síðari leiðin, sem aðallega lýtur að hinni fjárhagslegu hlið málanna, er verklýðssamtökin. Ráðstjórnarvinir í Vestur-Evrópu þekkja í raun og veru sáralítið til starfsemi þessara félaga innan Ráðstjórnarríkjana. Meðan borgarastyrjöldin stóð yfir og næstu ár, höfðu verklýðsfélögin með verksmiðjunefndum og eftirlitsnefndum sínum raunveruleg yfirráð yfir auðlindum landsins og björguðu landinu frá hruni og stjórnleysi.

En þegar hin fjárhagslega nýskipun (NEP) hófst, misstu þau aðstöðu sína til áhrifa á fjármál ríkisins, en gátu enn gætt brýnustu hagsmuna verkamanna. Er skrifstofuvald Stalíns kom til sögu árin eftir 1925, varð gagnger breyting á starfsemi og högum verklýðssamtakanna. Er byrjað var á fimm ára áætluninni, voru þau sameinuð skrifstofuvaldi ríkisins. Hlutverk þeirra var nú ekki lengur að gæta hagsmuna verkamanna, heldur áttu þau að herða á vinnuaganum og sjá til þess, að hámarksafköstin yrðu aukin.

Þessi félagsskapur, sem áður hafði verið athvarf og vörn verkamannastéttarinnar, var nú orðinn verkfæri í hendi ríkisins til þess að kúga verkamenn. Allar þær tilskipanir og lagafyrirmæli, sem getið hefur verið hér að framan, — um refsingu fyrir brot gegn vinnuaganum, um vinnubækur og lengri vinnutíma og svo framvegis — voru samþykktar opinberlega samkvæmt meðmælum verklýðssamtakanna, enda hófust þessi lagaboð venjulega á þessum formála: „Samkvæmt tillögu miðstjórnar verklýðssamtakanna hefur æðsta ráð Ráðstjórnarsambandsins ákveðið að ...“

Verklýðsfélög Ráðstjórnarríkjana eru skipulögð sem starfsgreinafélög eftir framleiðslugreinum, og í þeim eru allir þeir, sem við fyrirtækin vinna, jafnt framkvæmdastjórinn og verkstjórinn sem þvottakonan. Kosningar fara fram á starfsmannafundum verksmiðjunnar, og leggur þá formaður sveitaráðs eða héraðsráðs fram frambjóðendalista, sem greidd eru atkvæði um með því, að allir rétta upp hönd í einu. Stefnuskrá verkalýðsfélaganna er best lýst með því að tilfæra hér ummæli tveggja af fremstu leiðtogum þeirra:

Það verður að vera algjörlega á valdi forystumanna iðnaðarins að ákvarða launastigann. Þeir einir verða að draga markalínuna. (Andrejev í *Pravda* 29. desember 1935. Meyer, *Politics*, New York, mars 1944.)

Til þess að komið verði á skynsamlegu launakerfi og vinnan verði skipulögð á hagkvæman hátt, er nauðsynlegt, að forráðamenn iðnaðarins og tæknilegir framkvæmdastjórar taki þessi mál þegar í sínar hendur og beri ábyrgð á þeim. Þetta er einnig gert vegna þess, hve nauðsynlegt er að valdið sé að mestu í eins manns hendi og til þess að tryggja fjárhagslega afkomu fyrirtækisins. [Verkamennirnir] ... mega ekki rísa til varnar gegn stjórn sinni. Það er fortakslaust rangt og er hið sama og að taka völdin úr höndum stjórnarinnar. Það er gjörspillt tækifærisstefna, runnin undan rifjum vinstri flokkanna og miðar að því einu að svipta einstaklinginn áhrifavaldi sínu og

hindra framkvæmdarstjórnina í starfi sínu. (Weinberg í *Trud* 8. júlí 1933. Meyer, *Politics*, New York, mars 1944.)

Nú spyrjum við: Hvaða ástæðu hafði ráðstjórnin til þess að taka upp þá stefnu, sem lýst hefur verið í þessum kafla og köflunum næst á undan? Ekki vil ég halda því fram, að hún hafi farið svo að ráði sínu gegn betri vitund, og því síður vil ég væna hana um, að hún hafi hallast að stefnu gagnbyltingarmanna. Slíkar fullyrðingar mundu minna um of á hinar neikvæðu baráttuadferðir kommúnista. Til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu verðum við að telja það víst, að stjórninni hafi gengið gott eitt til, er hún greip til „bráðabirgðaráðstafana“, sem hún af áróðursnauðsyn varð að fela undir viðfældnara gervi.

Augljóst er, hverjar voru meginástæður þess, að lagt var út á þessa braut: Það voru engar hugsjónir til, er örvuðu menn til að auka framleiðsluna. Því var gripið til peninganna sem hvatningartækis. Menn gátu ekki beygt sig undir vinnuagann af frjálsum vilja. Þess vegna varð að halda honum uppi með þvingunarráðstöfunum. En hvorug þessara ástæðna getur réttlætt það, hve hóflaust stjórnin hefur beitt þessum aðferðum. En það, sem kemur til að vega þyngst, er sagan kveður upp dóm sinn um rússnesku þjóðfélagstilraunina, er sú óhrekjanlega staðreynd, að þær hugsjónir, sem eru meginstoðir sósíalísmans, hafa hrunið.

IX. Löggjöf Rússlands

Eftir eyðileggingu þá, er leiddi af borgarastyrjöldinni, og hungursneyðina, sem ríkti í landinu, komust börn, svo að tugum þúsunda skipti, á vergang eða mynduðu með sér flokka ungra glæpamanna. Urðu þessi börn almenningi hin mesta plága og þjóðfélaginu og stjórninni hið erfiðasta vandamál. Yfirvöldin kölluðu þessa umkomuleysingja „besprízornije“, frávillinga eða flækingsa.

Vergangsbörn þessi voru mikilvægur þáttur í erlendri áróðursstarfsemi ráðstjórnarinnar árin 1920–1930. Hlutverk þessarar áróðursstarfsemi var tvíþætt. Hún átti að vekja samúð manna með rússnesku þjóðinni vegna hinna hræðilegu þjánínga hennar og um leið aðdáun á hinum nýju uppeldisaðferðum, sem beitt var til þess að leysa þennan mikla vanda.

Ágætust allra hinna stórfenglegu rússnesku kvikmynda frá þessum tíma var „Vegurinn til lífsins“ eftir Ekk. Hún sýndi, hversu glæpaflokkur forhertra unglingsa var leiddur inn á rétta braut án nokkurrar þvingunar, valdbóðs eða refsingar, en í þess stað með því að halda þeim að heilbrigðum störfum, telja um fyrir þeim og láta þá venjast reglubundnu borgaralegu lífi. Kvikmynd þessi, er fór sigurför um allan heim, sýndi á athyglisverðan hátt afstöðu sósíalísmans til glæpa og glæpamanna, — afstöðu, sem reist er á þeirri kenningu, að umhverfið móti sálarlíf mannsins. Hugtök svo sem refsing, hefnd og ógnun voru lögð fyrir róða, en í þeirra stað var talað um ráðstafanir til þjóðfélagslegrar verndar og lækninga fyrir hina afvegaleiddu.

Vissulega voru þetta undirstöðuatriði hinnar rússnesku löggjafar fyrst í stað og hyrningarsteinarnir undir heimspeki sósíalísmans. Séu þeir teknir í burtu, þá hrynur allt kerfið. Ef afbrotamaðurinn, er spillst hefur af umhverfinu, batnar því ekki við að breyta um umhverfi, þá hlýtur að vera vonlaust um, að hægt sé að bæta hið afvegaleidda þjóðfélag okkar með því að breyta um stjórnarkerfi. Sé þessu þannig farið, þá hafa íhaldsmennirnir á réttu að standa. Mannlegt eðli er óumbreytanlegt og mun aldrei geta öðlast þá óeingingirni og ábyrgðartilfinningu, sem nauðsynleg er í sósíalísku þjóðfélagi. Þetta eru undirstöðuatriði hinnar sósíalísku kenningar, og það mundi ekki hafa þurft að endurtaka þau hér, ef rökspekingum Ráðstjórnarríkjanna hefði ekki tekist að hylja svo kjarna málsins, að hann verður varla greindur.

Flökkubörnin urðu þannig eins konar prófmál fyrir stjórnarvöldin. Hversu fátækt sem landið er, þá hlýtur að vera hægt, ef þjóðfélagsþróun er heilbrigð, að leiða þessa ungu frávillinga aftur inn á „veginn til lífsins“ og láta þá sameinast aftur þjóðfélagsheildinni. Menntu verða að minnast þess, að því fór fjarri, að þeir væru glæpamenn fyrir arfgenga hneigð, heldur voru þetta munaðarleysingjar, er misst höfðu foreldra sína í borgarastyrjöldinni, enda voru þeir úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Árið 1934 var kveðinn upp dómur í prófmálinu. Nú var ekki lengur talað um „þjóðfélagslega vernd og lækningu“, en í þess stað gefin út Tilskipun 7. apríl 1935, þar sem dauðarefsing var látin ná til barna, er þau voru orðin fullra 12 ára.

Þetta gerðist 18 árum eftir byltinguna. Flækingarnir og frávillingarnir frá tímum borgarastyrjaldarinnar voru nú orðnir fulltíða menn, en ný kynslóð ungra glæpamanna, er fæddir voru undir hinum nýju stjórnarháttum, hafði risið upp, er bersýnilega var svo vonlaust um, að í stað þess að sjá þeim fyrir kennurum og leiðbeinendum voru þessir unglíngar umsvífalaust leiddir til aftöku. Kommúnistar og vinir þeirra hafa þrúfaldlega neitað, að ofangreind tilskipun væri til. Því tilfæri ég hana hér orðrétta, og er hún þýdd úr lagasafni Ráðstjórnarlýðveldisins (1935, 19–155):

Ráðstafanir til að bæla niður glæpahneigð unglínga:

Tilskipun 7. apríl 1935. CEC (Framkvæmdanefnd æðsta ráðs Ráðstjórnarríkjasambandsins) og SNK (Þjóðfulltrúaráð Ráðstjórnarríkjasambandsins): Með það fyrir augum að bæla niður sem fyrst glæpahneigð unglínga skipa CEC og SNK svo fyrir:

1. Unglíngar frá 12 ára aldri, sem staðnir eru að þjófnaði, ofbeldi, líkamsárásam, limlestingum, manndrápi eða tilraunum til manndráps, skulu leiddir fyrir sakamáladómstól og refsað samkvæmt ákvæðum hegningarlaga.

2. Þeir, sem staðnir eru að því að hvetja unglínga eða bjóða þeim þátttöku

í glæpum eða sem þröngva unglíngum til fjárvíka, saurlífnaðar eða til að betla og svo framvegis, hafa unnið til fangelsisvistar eigi skemur en 5 ár.

Lög, sem mæla svo fyrir, að í glæpamálum skuli farið með 12 ára börn eins og fullorðna, eiga enga hliðstæðu í löggjöf nokkurs menningarríkis, — og reyndar ekki heldur með menningarsnaudum þjóðum.

Önnur lög, sem eiga sér heldur engan líka í löggjöf annarra landa, mæla svo fyrir, að skyldulið manns, er strýkur úr herþjónustu til annars lands, skuli dæmt til útlegðar í Síberíu í 5 ár, ef það vissi ekki um glæp hans. Hafi því hins vegar verið kunnugt um glæpinn, þá er refsingin 5 til 10 ára fangelsi og eignir þess gerðar upptækar. Tilskipun 8. júní 1934, 3. gr. (birt í *Ízvestíja* 9. júní 1934), hljóðar svo:

3. Flýi hermaður eða strjúki til útlanda, skal þeim af skylduliði hans, sem fullorðnir eru og hafa á einhvern hátt aðstoðað hann við undirbúning glæpsins eða til að fullkomna hann eða hafa vitað um glæpinn og ekki gert yfirvöldunum viðvart, refsað með 5 til 10 ára fangelsi og eignir þeirra gerðar upptækar. Aðrir fullorðnir ættingjar svíkarans, sem bjuggu hjá honum eða voru á hans vegum, er glæpurinn var framinn, skulu missa kosningarétt sinn og vera fluttir til 5 ára dvalar í fjarlægustu héruð Síberíu.

Tilskipun þessi veur aftur upp hinn frumstæða skilning á samábyrgð fjölskyldunnar eða ættflokksins (blóðsök). Frá því 1935 hefur það verið föst venja að flytja burt ættingja þeirra manna, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar, og hefur þessi aðferð verið látin ná til allrar landráða- og byltingarstarfsemi, hvernig sem henni hefur verið farið, en til þessara afbrota má í raun og veru telja allar ávirðingar, svo sem stjórnómálagan ágreining, skemmdarstarfsemi og fjarvist frá vinnu. Einstaklingurinn verður því raunverulega að líta á fjölskyldu sína sem nokkurs konar gísl fyrir hegðan sinni. Þess vegna var það orðin föst venja, að konur þeirra manna, er settir höfðu verið í fangelsi, flýttu sér til hlutaðeigandi yfirvalda til þess að fá skilnað. Þessar ráðstafanir kvennanna voru aðeins skoðaðar sem formsatriði og hafði engin áhrif á sambúð þeirra og eiginmanna þeirra.

Krylenko, þjóðfulltrúi dómsmála, komst þannig að orði í ræðu, er hann hélt í sambandi við hin nýju lög um ofbeldisárásir á almannafríð og ríkisvald (*Ízvestíja* nr. 37. 12. febr. 1936):

Frjálslyndir menn og tækifærissinnar líta svo á, að því öflugra sem eitthvert ríki sé, því meira umburðarlyndi geti það sýnt andstæðingum sínum. Nei! Og aftur nei! Því öflugra sem ríkið er, því meira má það sín, og því traustari eru þau bönd, er tengja flokkinn og ríkisstjórnina hinum stritandi fjölda og því meiri er reiði okkar og andstyggð á þeim, sem reyna að hindra okkur í

starfi okkar við að byggja upp hið sósíalíska ríki, og því réttmætara er það, að við grípum til hinna harðvítugustu ráðstafana gegn þeim.

Þegar hér er komið sögu, hafa allar meginreglur sósíalismans verið felldar burt úr rússneskri löggjöf. Hin nýja kennslubók í lögum tók aftur upp orðið „refsing“ í stað þjóðfélagsverndar. Og það var opinberlega viðurkennt, að tilgangurinn með refsilöggjöfinni væri hefnd og ógnun og að vekja ótta manna fyrir refsingunum. Fórnarlömb „hreinsunarinnar“ sem áður getur, — háa sem lága, — þótti nú ekki ráðlegt að kalla „vandráðamenn þjóðfélagsins“, heldur „óða hunda, rottur, hýenur, óþverra og afhrak“. Væri sú kenning Marx rétt, að umhverfið gæti gert mann að glæpamanni, þá hlaut sú spurning að vakna, hvers konar ógnarumhverfi það væri, sem hefði getað breytt öllum hinum gömlu, góðu bolsévíkaleiðtogum í landráðamenn og óða hunda! Þetta var æði óþægileg spurning og erfitt að svara henni. En henni skaut ósjálfrátt upp í huga hvers og eins, sem braut heilann um kenningar Marx. Eina ráðið til að komast hjá þessari spurningu var að kollvarpa þeim meginstöðum, er sósíalísk hugsun hvíldi á.

Stefna þessi hefur gegnsýrt alla hina nýju löggjöf Rússlands, hvort heldur hún varðar almenn mál eða einkamál, svo sem hjúskap, hjónaskilnað, kynferðismál, ferðalög, trúmál eða hernaðarmál. Mun ég víkja að nokkrum þessara atriða síðar. Bæði jafnaðarmenn og kommúnistar á meginlandinu hafa barist af eldmóði gegn lögum, sem refsa fyrir samkynhneigð og telja fóstureyðingu glæpsamlegt athæfi. Deilurnar um samkynhneigð eru svo gamalkunnar, að óþarft er að rifja þær upp hér. En sé hún glæpur, þá hefði helmingur allra rithöfunda, listmálara og hljómlistarmanna, allt frá Platóni og Leonardo da Vinci til Proust, orðið að eyða ævi sinni í fangelsi.

Að því er snertir fóstureyðingu, eru rök kommúnista í stuttu máli þessi: Hver sú kona, sem ekki vill eignast barn, hefur að jafnaði við getnaðarvarnir. Ef kona hefur ákveðið að láta taka fóstur sitt, þá hljóta að liggja til þess veigamiklar ástæður, annaðhvort fjárhagslegar eða sálfræðilegar. Þegar þannig er ástatt, er það æskilegra frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að barnið, sem amast er við, fæðist ekki. Sé konan staðráðin í að losna við fóstur sitt, reynir hún það án þess að skeyta hið minnsta um fyrirmæli laganna.

Á tímum Weimarlýðveldisins þýska var meðaltala þeirra kvenna, er nutu sjúkrahúsvistar vegna ólöglegra fóstureyðinga, 500.000 á ári, og eru þá ekki talin önnur tilvik en þau, er voru svo alvarleg, að sjúkrahúsvist var nauðsynleg!

Afleiðing þess, að fóstureyðingar eru bannaðar með lögum, er því sú, að efnaðar konur geta látið framkvæma hinar ólöglegu aðgerðir við tiltölulega góð skilyrði og látið fara sæmilega um sig, en þær sem fátækar eru, verða að stofna lífi sínu í hættu við að framkvæma fóstureyðinguna sjálfar eða leita að öðrum kosti til skottulækna. Lögin um bann gegn fóstureyðingum voru einu lagafyrirmælin í sögu Ráðstjórnarríkjanna, sem opinberar umræður voru leyfðar um, áður en þau öðluðust gildi.

Því var lofað að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, og efnt var til atkvæðagreiðslu um það í nokkrum verksmiðjum til reynslu. Kom þá í ljós, að meiri hlutinn var á móti lögunum. Var þá hætt við að bera málið undir atkvæði þjóðarinnar, og var bannið lögfest með tilskipun 27. janúar 1936. (Lagasafn 1936, nr. 308.)

Þessi hættulega gagnbyltingartilraun, — að leita álits almennings, — hefur ekki verið endurtekin síðan. En því má bæta við, að kröfur þær, er hin nýju lög gera um, að viss læknisfræðileg skilyrði þurfi að vera fyrir því, að fóstureyðing megi fara fram, og allur sá málarekstur, sem til þess þarf að fá á því staðfestingu yfirvaldanna, eru miklu strangari en í Þýskalandi, Stóra-Bretlandi og Bandaríkjunum. Þessar síðustu athugasemdir eiga einnig við um nýju hjónaskilnaðarlögin frá 1944. Réttarfarið í skilnaðarmálum minnir einna helst á hinn illræmda rannsóknarrétt miðaldanna. Hafi menn í hyggju að höfða skilnaðarmál, þá verða þeir, sem þess sækja — maðurinn eða konan, — að tilkynna það í dagblaðinu á staðnum, á eigin kostnað (24. gr. kafli C). Hvað þetta hefur að segja, veit sá einn, sem þekkir rússneska smáborg eða þorp.

Á vegabréf hjónanna er skráð nákvæm lýsing á hjónabandi þeirra og skilnaðarástæðan, en í Rússlandi verða menn að sýna vegabréf sín við öll hugsanleg tækifæri, við matarúthlutun, vinnuráðningu eða ef sótt er um leyfi til að ferðast með járnbrautarlestinni innan héraðs. Málareksturinn fer fram fyrir opnum dyrum, — fyrir þjóðardómstólnum, — en hlutverk hans er það eitt að reyna sættir með aðilum. Takist þær ekki, þá er hlutverki hans lokið, því að hann hefur ekki vald til þess að veita skilnað. En sá, sem skilnaðar æskir, getur leitað til æðri réttar til þess að fá sér dæmdan skilnaðinn (25. gr). Vel má vera, að þessi æðri réttur veiti skilnaðinn, en hitt getur líka komið fyrir, að hann neiti um hann. Um það fer allt að geðþótta dómars, því að lögin segja ekkert um það, hvað séu gildar ástæður til hjónaskilnaðar.

Þegar þess er gætt, að viðurkennt markmið laganna er að vinna gegn hjónaskilnaði, hlýtur sá dómari, er gengur gegn þeirri stefnu með því að leyfa hjónaskilnað, að vera gæddur meira en meðalhugdirfsku. Annars getur sá, er skilnaðarins æskir, ef hann hefur þá ekki fengið sig fullsaddan, áfrýjað máli sínu til héraðsdóms fjórðungs eða bæjar eða til hæstaréttar, en það tekur nokkur ár og kostar offjár. Skilnaðarleyfið kostaði áður 50 rúblur, en nú 500–2.000 rúblur, og eru þá ekki talin með laun málafærslumanns og annar kostnaður (27. gr.).

Séu öll útgjöld reiknuð, þá kostar skilnaðarmál, sem útkljáð er fyrir fyrsta dómi, sem rétt hefur til þess, sveitardómstólnum, ekki minna en 3.000 rúblur, og er þá farið vægt í sakirnar. Meðaltekjur hins rússneska borgara á mánuði voru samkvæmt síðustu stjórnarskýrslum árið 1938 289 rúblur. Þegar frá eru dregnir skattar og launaskerðing, verður niðurstaðan sú, að minnsti kostnaður við skilnaðarmál verður mun hærri en nemur meðalárstekjum hins rússneska borgara. Með öðrum orðum: Þótt ekki væri nema af fjárhagslegum ástæðum, er hjónaskilnaður ókleifur öllum

þeim, sem minni tekjur hafa en yfirverkfræðingar, forstjórar og æðri embættismenn. En eins og áður er sagt, er það ekki fjárhagshliðin ein, sem örðugleikunum veldur. Í ágúst 1944 skýrðu blöðin frá því, að fyrsta mánuðinn eftir að hin nýju skilnaðarlög gengu í gildi (8. júlí 1944), hefði ekki komið fram ein einasta skilnaðarbeiðni í gjörvöllu Ráðstjórnarríkjasambandinu.

Með lögnum er hjónaskilnaður í raun og veru algjörlega afnuminn, nema í hlut eigi hinar æðri forréttindastéttir. Þetta er hið viðurkennda markmið laganna, og ráðstjórnin hefur aldrei tekið málin neinum vettlingatökum. Hvert ráðstjórnarríkjanna hefur í orði kveðnu rétt til þess að segja sig úr ríkjasambandinu, — og möguleiki hins rússneska borgara til að fá hjónaskilnað eru álíka miklir og möguleikar Úkraínu til þess að öðlast sjálfstæði.

Aðalhlutverk eiginkonunnar í Rússlandi er að eignast börn. Sömu lög og banna hjónaskilnað leggja sérstakan skatt á piparsveina og piparmeyjar og hjón, sem eiga færri börn en þrjú (Tilskipun 8. júlí 1944, 16.–18. gr.). Hins vegar fá mæður, sem eiga þrjú börn eða fleiri, nokkra fjárupphæð í viðurkenningarskyni og þær sem eiga fjögur börn eða fleiri, auk þess mánaðarstyrk, en þær sem eiga fimm til sex fá „mæðramerkið“, móðirin með 7–9 börn heiðurspening „móðurdygðarinnar“, en sú, sem á 10 börn eða fleiri, öðlast nafnbótina „móðurhetja“. Lofsöngur ráðstjórnarblaðanna um hin nýju lög fór jafnvel fram úr hinu venjulega hástigi öfganna. Í ritstjórnargrein í *Pravda* daginn eftir að tilskipunin var gefin út, segir svo: „Með okkur gerist það fyrst í sögu allra þjóða og landa, að ríkið tekur móðernið undir umhyggjusama vernd sína.“ Er þessi fullyrðing óvenjulega heimskuleg, jafnvel þó að hún sé sett fram fyrir almenning í Rússlandi, því að til dæmis í Englandi hefst ómagastyrkur við annað barn (samkvæmt lögnum um almannatryggingar) í stað fjórða í Rússlandi. Enn fremur má geta þess, er nasistastjórnin í Þýskalandi tók fyrir nokkrum árum að hvetja til barneigna með piparsveinaskatti, peningaverðlaunum og öðru þess konar, að þá gerðu rússnesku blöðin gys að því með fullum rétti og sögðu, að með þessum ráðstöfunum væri „kvenedlið svívirt og litið á konuna eins og stóðmeri“.

Án þess að vera sérstaklega illgjarn gæti maður óskað þess, að allir þeir, sem skrifa forystugreinar í ráðstjórnarblöðin, yrðu skyldaðir til að kvænast „móðurhetjum“. Saga rússnesku löggjafarinnar frá því, er Lenín leið, sýnir samfellda skerðingu á frelsi einstaklingsins á öllum sviðum mannlegs lífs, — jafnvel skerðingu á umferðarfrelsi manna. Með tilskipuninni frá 27. desember 1932 (Lagasafn 1932, 84–516), er mælir svo fyrir, að allir skuli skyldir að bera vegabréf innanlands, voru rússneskir þegnar sviptir réttinum til að fara frjálsir ferða sinna um land sitt.

Menn þurfa að fá sérstakt leyfi til að ferðast til hinna meiri háttar iðnaðarborga eða í umhverfi þeirra, allt að 20–100 km frá borgunum sjálfum, og séu menn fjarvistum frá heimilum sínum, þótt ekki sé nema einn sólarhring, verður að tilkynna það lögreglunni. Enn einu sinni má leita árangurslaust að hliðstæðri löggjöf menn-

ingarríkja á friðartímum. Enginn má fara utan nema á vegum ríkisstjórnarinnar. Tilraun til að komast úr landi á ólöglegan hátt varðar dauðarefsingu.

Það er álitid mjög hættulegt að vera sendur utan í stjórnarerindum, því að maður, sem dvalid hefur erlendis, liggur undir grun um að hafa „spillst“ í ferðinni. Höfuðmarkmið ráðstjórnarinnar, sem allt annað hefur orðið að víkja fyrir, hefur verið að vernda þjóðina fyrir „spillingunni“, með öðrum orðum vitneskjunni um lífsskilyrðin erlendis, og halda við hinum órjúfanlega varnargarði, sem legið hefur um Rússland undanfarin 25 ár. Af þessum ástæðum neituðu Rússar að taka á móti flóttamönnum frá Þýskalandi á tímum nasismans, er leiddi til þess, að Evian-ráðstefnan 1938 fór út um þúfur og allar tilraunir til að leysa þennan mikla vanda með alþjóðasamstarfi reyndust árangurslausar. Af sömu ástæðum neituðu þeir að leyfa landvist þeim úr útlendingahersveitunum, er komust lífs af og höfðu verið settir í fangabúðir í Frakklandi, og því var það, sem þeir seldu þýska andfasista í hendur nasista í Þýskalandi, eftir að griðasáttmáli Stalíns og Hitlers hafði verið gerður. Sannanir fyrir þessu ásamt nöfnum hlutaðeigandi andfasista eru til í Englandi.

Enn einu sinni hljótum við að spyrja: Hvað lá á bak við þessa furðulegu stefnu, er ráðstjórnin tók? Og enn einu sinni hlýtur svarið að vera þetta: Það þurfti að berja niður allt, sem mælti með eða örvaði hinn frjálsa aga, sem sósíalísminn gerir ráð fyrir, en í stað þess koma á þvingunum og þrælsótta. Og við þetta bættist nauðsynin á að afstýra því, að menn fengju vitneskju um lífskjör manna í þingræðislöndunum, svo að ekki væri hægt að bera þau saman við lífskjörin í Rússlandi.

X. Hin nýja valdastétt

Kjarni valdsins í Ráðstjórnarríkjasambandinu er kommúnistaflokkurinn. Hin röt-tæka breyting, sem varð á stjórn hans og aðstöðu óbreyttra félaga í flokknunum á undanförunum áratugi, er veigamikid atriði, ef skilja á til hlítar hina nýju stjórnar-hætti. Og hún gefur okkur góða hugmynd um, hvað Stalínsstefnan er í raun og veru.

Hér verður fyrst rætt um breytinguna innan flokksstjórnarinnar. Ég mun ekki rifja upp nöfn þeirra byltingarleiðtoga, er komið var fyrir kattarnef í „hreinununum“. Það er á allra vitorði, að Stalín er einn uppistandandi allra þeirra manna, er mest gætti í stjórnámálum á dögum Leníns. Almennt er álitid, að fjöldaaftökurnar eftir réttarhöldin hafi aðallega tekið til æðstu embættismanna ríkisins, — að þær hafi verið síðasti þáttur valdastreitu og átaka milli leiðtoganna og að Stalín hafi með þeim losað sig við persónulega og pólitíska keppinauta. Við það hafi hann fengið frjálsar hendur og getað framfylgt hinni slóttugu tækifæris- og málamiðlunarstefnu sinni, sem fullrytt er, að hafi ráðið úrslitum um, að Rússland komst yfir þá miklu örðugleika, er steðjuðu að bæði innanlands og utan frá.

Væri þetta rétt, þá hefðu hreinsanirnar aðeins verið afleiðing stjórnámálaþgra vandræða, sem ráðið hefði verið fram úr með því miskunnarleysi, sem einkennir

bæði Rússa í heild og kommúnistaflokkinn sérstaklega og hefði því aðeins náð til þeirra manna, er höfðu stjórnsmál að atvinnu, en í engu hróflað við undirstöðu byltingarríkisins. Slík stjórnsmálavandræði eru að öðru leyti en aðferðinni við að leysa þau sambærileg við ósamkomulag innan ráðuneyta lýðræðisríkjanna og þurfa ekki nauðsynlega að fá á sig svip gagnbyltingar og leiða til blóðbaðs.

En þessi skýring á hreinsununum er algjörlega röng. Þær tóku ekki eingöngu til valdhafanna og stjórnsmálamannanna, heldur höfðu þær gagnager áhrif á allan kommúnistaflokkinn, frá hinum óbreytta félagi til hins ædsta leiðtoga, og gjörbreytti eðli hans. Eftirfarandi skýrsla, sem gefin er út af stjórnvöldunum, sannar þessa fullyrðingu mína: 17. þing kommúnistaflokks Rússlands var háð í janúar–febrúar 1934, — áður en hreinsanirnar fóru fram. 18. flokksþingið var háð í mars 1939, skömmu eftir hreinsanirnar. Á 17. þinginu voru 22,6 % af fulltrúunum gamlir flokksmenn, frá því fyrir 1917, með öðrum orðum frá því fyrir byltinguna. Á 18. þinginu var hliðstæð tala 2,4%. Með öðrum orðum hafði aðeins 1/10 hluti hinna gömlu flokksfélaga lifað af flokkshreinsanirnar. (Tölur þessar og þær sem á eftir fara eru teknar úr skýrslum kjörbréfanefndar 17. og 18. flokksþings kommúnista, er Schwartz tilfærir í: „Head of Russian factories“, *Social Research*, New York, september 1942.)

Á 17. þinginu höfðu 17,7 % verið flokksfélagar frá því 1917, höfðu með öðrum orðum gengið í flokkinn á byltingarárunum. Á 18. þinginu var hliðstæð tala 2,6%. Það lætur því nærri, að á 17. þinginu hafi um 40% fulltrúanna verið flokksfélagar frá því fyrir borgarastyrjöldina, en aðeins 5% á 18. þinginu. Samanburðurinn verður þó enn greinilegri, ef árið 1919 er tekið sem dæmi. Á 17. þinginu voru 80% af fulltrúunum „gamlir“ flokksfélagar (frá því 1919 eða áður). Á 18. þinginu var hliðstæð tala 14,8%.

Um það leyti er 18. flokksþingið var háð, voru flokksfélagar alls 1.588.852. Af þeim voru aðeins 20 þúsund eða 1,3% „gamlir bolsévíkar“, er höfðu verið í flokknunum frá því 1917 eða áður. En 1918 var félagatala flokksins 260–270 þúsund, meirihlutinn ungt fólk. Hvað hafði orðið af hinum? Schwartz gerir ráð fyrir, að um 1/4 hluti þeirra hafi látið lífið í borgarastyrjöldinni. Er það vel í lagt. Þá hefðu 200 þúsund þeirra átt að vera á lífi, er 18. þingið sat á rökstólum. En í flokknunum voru á þeim tíma aðeins 20 þúsund, — 9/10 hlutar höfðu horfið árin 1931–1939, eins og skýrsla skipulagsnefndarinnar ber með sér. Og það voru ekki leiðtogar, jafnvel ekki flokksfulltrúar, heldur óbreyttir flokksfélagar, verkamenn og bændur, sem höfðu hafið byltinguna og börðust í borgarastyrjöldinni.

Hreinsanirnar höfðu gjörbreytt svo kommúnistaflokknum, að hann átti ekkert sameiginlegt með þeim flokki, sem var í fullu gengi á tímum byltingarinnar, nema nafnið eitt og 1,3% af flokksmönnum. Ráðstjórnarvinurinn mun ef til vill svara því til, að kommúnistaflokkurinn sé enn flokkur verkamanna og bænda. En er hann það? Enn taka hinar opinberu tölur af skarið. Samkvæmt kjörbréfanefnd 17. þingsins voru 17,3% af fulltrúunum „verkamenn innan framleiðslunnar“. Á 18.

Þinginu voru engar skýrslur gefnar um það, hve margir af fulltrúunum voru verkamenn. Ástæðan til þess kom brátt í ljós á þinginu sjálfu, því að þar var samþykkt, vitanlega í einu hljóði eins og venjulega, að breyta lögum flokksins á þann hátt að fella burtu þau ákvæði, er lutu að stéttaruppruna flokksfulltrúanna og sett höfðu verið til þess að tryggja það, að flokkurinn yrði jafnan og aðallega flokkur verkamanna og bænda.

Kommúnistaflokkurinn í Rússlandi var því ekki lengur, hvorki í orði kveðnu, né raunverulega, flokkur hinna vinnandi stétta. Þetta verður enn ljósara, þegar athugað er, að ekki einn einasti hinna víðfrægu stakhanov-verkamanna var kjörinn í miðstjórn flokksins, og er hún þó ekki skipuð færri en 139 mönnum.

Hverjir eru þá þessir menn, sem fylla flokkinn? Þessi völdugi skari, sem er ein og hálf milljón, er í öllum ábyrgðarstöðum og stjórnar ríkinu. Hverjir eru þeir, þessi 90,7% af fulltrúunum, sem þegar árið 1934 voru ekki „verkamenn innan framleiðslunnar“? Ráðstjórnarríkið þekkir auk þeirra aðeins eina stétt manna, — völduga og fjölmenna stétt: þá sem stjórna framleiðslunni og þá sem fara með stjórn ríkisins, — embættismennina og verkfræðingana. Um þriðji hluti ráðstjórnarinnar eru verkfræðingar, en hinir hafa allir verið forstjórar eða framkvæmdastjórar.

Í undanförunum köflum hefur verið sýnt fram á, hversu þessi nýja yfirráðastétt hefur æ meir og meir fjarlægst fjöldann, hvernig henni hefur tekist að skapa nýtt kerfi um erfðir á forréttindum, sem miðar að því að koma á eins konar erfða-eðli (er minnir á gamla rússneska stjórnaraðalinn), og hvernig henni smám saman hefur tekist að loka gáttum sínum og afstýra því, að nýir menn bættust í hópinn, ýmist með löggjöf, með því að koma á misræmi í launakjörum manna, með menntunarhömlum eða með því að falla frá þeirri meginstefnu að vernda rétt verkamanna til að stunda nám við æðri menntastofnanir. Með hreinsununum, og er skrifstofuvaldið tók stjórn kommúnistaflokksins í sínar hendur, var alræði öreiganna úr sögunni, og í þess stað hófst ný stétt til vegs og valda.

XI. Nauðungarvinna. — Innskotskaflí

Spurningunni um það, hve margir rússneskir menn létu lífið eða voru hnepptir í fangelsi í sambandi við hinar miklu stjórn málaumbreytingar á síðustu tuttugu árum, verður ekki svarað til fulls. Þagnarmúrinn umhverfis Rússland, er svo mjög hefur varnað þess, að nokkuð bærist út um hag landsins, jafnvel þótt um hin lítillfjörlegustu atriði væri að ræða, er hvað þéttastur, þegar að þessu máli er vikið. Ráðstjórnin hefur opinberlega viðurkennt, að eingöngu menn í nauðungarvinnu hafi unnið að Hvítahafsskurðinum og að nokkru leyti að Túrks-Síb-járnbrautinni, en til þessara risaframkvæmda hefur þurft að minnsta kosti eina milljón manna.

Þetta eru allar þær upplýsingar, er ráðstjórnin hefur gefið um málið. Engar tölur hafa verið birtar, og engum óviðkomandi mönnum hefur verið leyfður aðgangur að vinnustöðvunum. Þó veita hagskýrslur Ráðstjórnarríkjanna um íbúatölu landsins

eða öllu heldur skorturinn á slíkum hagskýrslum nokkra óbeina fræðslu í þessu efni.

Árið 1930 var „gert hreint“ í hagstofu ríkisins og lýst um leið yfir því, að hagskýrslur væru „vopn í baráttunni fyrir kommúnismanum“. Vissulega voru þær vopn, hið þögula vopn, því að eins og áður hefur verið sagt, er Rússland eina stórveldið í heimi, sem ekki hefur birt neina skýrslu um launakjör og verðlag. Enn fremur hafa engar manntalsskýrslur verið gefnar þar út árin 1926–1940. Manntal fór fram í janúar 1937, en tölurnar voru ekki birtar, vegna þess, að því er stjórnin tilkynnti, að um „stórkostlega skekkju var að ræða fyrir tilvernað fjamdanna þjóðarinnar“ (*Ízvestija* 26. mars 1939).

Þá var aftur „gert hreint“ á hagstofunni og nýtt manntal látið fara fram í janúar 1939. Samkvæmt því var íbúatala Ráðstjórnarríkjasambandsins samtals 170.126.000 manns, eða um 15 milljónum lægri en búast hefði mátt við eftir hagfræðilegum lögmálum. (Manntal í desember 1926: 147.000.000; opinberlega áætlað af stjórninni 1930: 157.500.000; meðalaukning á ári samkvæmt yfirlýsingu Stalíns 1. október 1935: 3.000.000, en lágmarksáætlun 1939: 185.000.000).

Hvað hafði orðið um þessar 15 milljónir „týndra sálna“? Ekki hafa þær glatast vegna þess, að getnaðarvarnir hafi aukist svo hröðum skrefum, því að verjur voru því nær ófánlegar í öllu Rússlandi allan þann tíma, sem um er að ræða. Verið getur, að nokkrar milljónir hafi dáið í hungursneyðinni 1932–1933, fósturlát og barnadauði kunna að hafa aukist vegna næringarskorts, og þeir, sem eftir eru, hafa hugsanlega látið lífið í nauðungarvinnunni, því að áætlað var af sjónarvotti, að dánartala fangarna þar væri 30% á ári. Allt eru þetta getgátur. En víst er um það, að hagfræðilega eru um 10% af íbúum Rússlands týndir.

Hingað til hef ég aðeins stuðst við opinberar heimildir frá stjórnvöldum Ráðstjórnarríkjanna. Um ástandið í nauðungarvinnuflokkunum og það, hve margir hafa verið sviptir borgararéttindum í Rússlandi, eru aðeins til einkaheimildir, svo sem rit Ciligas, Trotskijs, Serges og fleiri. Ég ætla hér að tilfæra frásögn manns, sem fyrir skömmu var sjónarvottur að því, sem hann greinir frá. Er það Lucian Blit, einn af leiðtogum jafnaðarmannaflokks Gyðinga í Póllandi. Er frásögnin að nokkru leyti reist á skýrslu, sem hann gaf „Sósíalistafélagi bandamannavina“ 9. apríl 1943, og að sumu leyti á atríðum, er hann sagði mér frá sjálfur.

Eftir fall Póllands 1939 hafði Blit, sem átti mikinn þátt í að skipuleggja varnir Varsjár, flúið til Vilnius, sem þá var undir stjórn Litáens. Frá Vilnius fór hann aftur í mars 1940 til Varsjár sem fulltrúi flokks síns til þess að taka þátt í leynihreyfingunni þar. Hafði hann meðferðis fasað vegabréf, gefið út á tilbúið nafn, Wiszinsky, pólskan bókara.

Á leið sinni varð hann að fara um pólskt landsvæði, sem var á valdi Rússa. Rússneskum landamæravörðum tókst að hafa hendur í hári hans 30. maí 1940, og settu þeir hann í varðhald. Hann lét þó ekkert uppskátt um það, hver hann væri í raun og veru né um erindi sitt, enda var flokkur hans deild úr öðru Alþjóðasambandinu, sem

jafnaðarmenn réðu og bannað var í Rússlandi. Á þessum tímum var allt á ringulreið í Póllandi, og tugir þúsunda pólskra manna flýðu frá þeim hluta Póllands, er Þjóðverjar höfðu á valdi sínu, yfir á svæði það, er Rússar höfðu hertekið. Blit þóttist vera einn þessara manna, og með hann var farið eins og aðra pólska flóttamenn í Rússlandi.

Hann var settur í Lomza-fangelsið og haldið þar í 10 mánuði, frá 30. maí 1940 til 30. mars 1941. Klefi hans nr. 81 var á þriðju hæð og var um 4 fermetrar að flatarmáli. Í honum var eitt eins manns rúm, sem þeir voru þó jafnan tveir um, — og á þessum 10 mánuðum hafði hann haft 7 rekkjunauta. Þessir átta menn fengu fyrst að ganga um úti í tíu mínútur 22. janúar 1941 og höfðu þeir þá verið innilokaðir í 236 daga. Næst fengu þeir að viðra sig mánuði síðar, 22. febrúar. Þeim var bannað að lesa, skrifa eða hafa nokkurt samband við umheiminn. Fyrir brot á aga, svo sem með því að tala of hátt, opna glugga eða tálga taflmenn úr brauðskorpunum og svo framvegis, var mönnum refsað með því, að þeir voru látnir standa í 48 klukkustundir upp við vegg í ísköldum klefanum og í skyrtunni einni saman.

Ef brotin voru alvarlegri, þá voru menn látnir standa í 48 stundir í köldu vatni upp í mitti. Síðari refsingin endaði oft með lómum, brjálæði eða dauða. Yfirheyrslur fóru venjulega fram að næturlagi, og fylgdu þeim barsmíðar og hótanir um líflát. Barsmíðum var einnig beitt við kvenfólk, einkum ungar stúlkur, ef þær voru grunaðar um að vera viðriðnar frelsishreyfingar pólskra stúdenta.

Algennt var, að menn yrðu vitskertir eða stytta sér aldur. Í klefa Blits vaknaði eitt sinn um nótt sterkbyggður bóndi frá Kolno-héraðinu og fullyrti, að hann væri Jesús Kristur og að tími væri til þess kominn að taka hann af krossinum. Hann var með óráði í fimm daga, en á sjötta degi fóru varðmennirnir á brott með hann. Ungur Gyðingur, sem flúið hafði frá landsvæði því, er var á valdi nasista, yfir til Rússa, hrópaði dag og nótt í heila viku: „Ég er ekki Trotskíj!“

Ef rannsókn málsins leiddi ekki til neinnar sérstakrar ákæru á hendur fanganum vegna pólitískra ávirðinga, þá var máli hans vísað frá, en hann var þó að viðtekinni venju dæmdur til þriggja og allt að átta ára útleiddar og betrunarvinnu í fangabúðum fyrir að hafa farið í leyfisleysi inn á rússneskt landsvæði. Þessi sömu örlög hlutu allir Pólverjar, er leituðu á náðir Ráðstjórnarríkjanna undan harðýðgi Þjóðverja. Mál Blits fór fram svo:

Aðfaranótt 26. febrúar 1941 fékk ég fyrirskipun um að taka saman föggur mínar, og var síðan farið með mig niður. Skömmu síðar var farið með mig og nokkra aðra fanga inn í dimmt og allstórt herbergi. Þar var hverjum okkar réttur bréfmíði, án þess að nokkur skýring væri á því gefin, og okkur skipað að undirrita hann. Á þennan miða voru vélritaðar þrjár línur. Var það yfirlýsing sérnefndar OGPU í Lomza (rússnesku leynilögreglunnar), sem fjallaði um þessi mál, þess efnis að samkvæmt 120 gr. hegningarlaga

Lýðveldisins Hvíta-Rússland dæmdi hún hér með M. Wiszinsky til þriggja ára betrunarvinnu í fangabúðum fyrir að hafa farið á ólöglegan hátt inn fyrir landamæri ríkisins. Ég átti einskis annars úrkostar en að skrifa undir. Og það gerði ég. Síðar sagði forstjóri fangelsisins mér, en hann var einnig formaður sérnefndarinnar, að ég hefði fengið svo vægan dóm, af því að engar sérstakar ákærur hefðu komið fram á hendur mér! Margir aðrir, meðal þeirra fyrrverandi hermenn í pólska hernum, fengu fimm ára dóm. Gyðingur einn, sem ég man ekki nafnið á, var dæmdur til átta ára betrunarvinnu. Sérnefndin hafði vald til að dæma menn í allt að átta ára hegningu. Dómum hennar varð ekki áfrýjað.

Þann 4. apríl 1941 kom Blit til vinnubúðanna í Pleseck við Onega-fljót. Þar voru fyrir um 35 þúsund fangar. Í þessu hálfgerða íshafsloftslagi, þar sem hitastigið gat komist niður fyrir frostmark, jafnvel í júnímánuði, urðu menn og konur að vinna 12–13 stundir á dag í hörkufrosti við að fella tré í snævipöktum skóginum. Matarskammturinn á dag var lítið eitt af brauði og tveir diskar af heitri súpu, kl. 4–5 f. h. og 8–9 e. h. Þess á milli fengu menn ekkert nema heitt vatn. Sykur, ávexti og grænmeti sáu þeir aldrei, enda voru allir fangarnir meira og minna með skyrbjúg og höfðu að nokkrum mánuðum liðnum misst flestar tennur sínar.

Ekki var þeim séð fyrir íverufötum, dýnum til að liggja á eða ábreiðum, og fötin, sem þeir höfðu komið með, voru á skömmum tíma orðin að ræflum og voru jafnan rennblaut, þegar þeir komu úr vinnunni, en gaddfreðin að morgni. Hverjum fanga, karli og konu, var gert að skyldu að höggva 8 fermetra af trjáviði á dag.

Meðalmaður gat ekki afkastað miklu meiru en helmingi þess, sem krafist var. Konurnar áttu að afkasta jafnmiklu. Brauðskammturinn var miðaður við afrek dagsins. Væru afköstin fyrir neðan helming þess, sem var áskilið, var hlutaðeigandi algerlega sveltur. Konur þær, sem yngri voru, drýgðu brauðskammt sinn með því að selja fangavörðunum blíðu sína. Það kostaði eitt pund af brauði í hvert sinn. Saurlífnaður, þjófnaður, klögumál og hvers konar spilling urðu þættir í viðleitni þessara manna til að halda við í sér líftórunni. Af 450 Pólverjum í mínum flokki voru í ágúst 1941 120 manns með svo mikla bólgu í öllum limum og líkama, að þeir gátu ekki reist sig frá kofagólfinu. Dánartalan í fangabúðunum var 30% á ári. Við unnum hvíldarlaust. Einnig á sunnudögum. Jafnvel 1. maí var vinnudagur. Allur þorri fanganna í fangabúðunum, sem ég var í, fengu engan hvíldardag þá fimm mánuði, sem ég var þar. Í fangabúðunum voru eingöngu glæpamenn og pólitískir afbrotamenn. Hinir síðarnefndu voru greindir í tvo flokka: „Njósnaara og landráðamenn“, og „menn hættulega þjóðfélaginu“, er flestir voru úr þjóðernisminnihlutunum. Í mínum fangabúðum voru til dæmis 400 Grikkir, gamlir íbúar úr Kierz á Krímsskaga, sem allir höfðu verið

teknir höndum á einum og sama degi 1938 og dæmdir sameiginlega til fimm ára nauðungarvinnu.

Þeir munu aldrei sleppa úr fangabúðunum. Í Ráðstjórnarríkjasambandinu leiðir það ekki af sjálfu sér, að menn fái frelsi sitt, er þeir hafa tekið út hegningu sína, heldur er það komið undir sérstökum úrskurði OGPÚ. Ef stjórnmalafangar eiga í hlut, kemur slíkur úrskurður aldrei, eða ef felldur er um þá úrskurður, þá er hann jafnan á þá leið, að dómur þeirra skuli framlengdur um fimm ár í viðbót.

Blit var látinn laus ásamt öðrum Pólverjum eftir árás Þjóðverja á Rússland árið 1941 og eftir að Stalín–Sikorski sáttmálinn hafði verið undirritaður. Hann gekk í pólska herinn, sem þá var verið að stofna og skipuleggja í Alma Alta. En heppni sem þessi hendir aldrei þegna Ráðstjórnarríkjanna. Ef þeir á annað borð eru sendir í fangabúðirnar norður við Íshafið, þá eru þeir dæmdir til að tortímast í hinu kalda víti heimskautanæturinnar.

En hve margir eru þeir, sem þannig hafa farist? Um það verður ekkert sagt með vissu. En menn, sem gægst hafa bakvið hið mikla leiksvið Ráðstjórnarríkjanna, áætla, að þeir séu um 10% af öllum íbúum Rússlands. Þetta er ekki eins mikil fjarstæða og virðist í fljótu bragði, þegar þess er gætt, að 5 milljónir sjálfseignarbænda, eða 36% af þjóðinni, voru reknir í útlegð á þeim árum, er verið var að koma samyrkjubúskapnum á!

Hér við bætist, að hægri- og vinstri menn, trotskistar, Búkharínsinnar og svo framvegis, voru brotnir á bak aftur, og náði sú útrýming hámarki sínu í hreinsuninum. Ótrúlegt er, að andstaðan hafi horfið með öllu, frá því að þessir atburðir gerðust, sérstaklega þegar á það er litið, að í hlut á þjóð, sem hlotið hefur byltingarandann að sögulegum erfðum og hefur auk þess orðið fyrir siðferðilegum áföllum, sem reynt hafa á þolrifin, eins og til dæmis er Ribbentrop kom til Moskvu einn góðan veðurdag í ágúst 1939 eins og þruma úr heiðskíru lofti og var fagnað af stjórnvöldum með miklum ágætum.

Það gengi kraftaverki næst, ef á meðal 170 milljóna, er byggja Ráðstjórnarríkin, hefðu ekki verið nokkur hundruð þúsunda manna, er látið hefðu í ljós andstyggð sína og örvæntingu. Það er erfitt fyrir menn með vestrænan hugsunarhátt að gera sér grein fyrir því í einstökum atriðum, hvernig lífsskilyrðin eru í landi, þar sem stjórnvöld líta á það sem glæp, ef menn greinir á um stjórnmal.

En þegar mönnum er orðið þetta ljóst, þá skilja þeir, að hinn sífelldi straumur „þjóðhættulegra manna“ í fangabúðirnar til nauðungarvinnu er í raun og veru rökrétt og óhjákvæmileg afleiðing þessa viðhorfs, og furða sig ekki á, að tala þessara nauðungarvinnnumanna fer ekki niður úr 10% af rússnesku þjóðinni. „Ég hef verið með mörgum rússneskum fjölskyldum,“ segir Blit að lokum, „en engin þeirra gat fagnað því, að ekki væri að minnsta kosti einn úr fjölskyldunni, eða af vinum hennar „fjarstaddur“.“

Er ég átti tal um þetta við kunnan rússneskan blaðamann í Kújbíshev, lagði hann

áherslu á það, þó nokkuð hreykinn, að þessir fangar væru ekki yfir 18 milljónir að tölu, — allt annað væru ýkjur. Starfsmenn stjórnarinnar urðu bálreiðir, ef því var haldið fram, að tala fanganna væri yfir 20 milljónir, en samþykktu með þögninni allar tölur þar fyrir neðan.

Þetta er ein af mörgum frásögnum frá fyrstu hendi, sem ég hef í fórum mínum. Heimildarmenn mínir eru mér persónulega kunnir, og ég veit, að þeir eru áreiðanlegir og grandvarir menn. Þó geng ég þess ekki dulinn, að ráðstjórnarvinunum og öðrum velunnurum kommúnista, sem ekkert þekkja til þessara mála, kemur skýrsla þessi fyrir sjónir eins og furðusaga frá öðrum heimi.

Menn geta eftir atvikum sætt sig við, að hugmyndir þeirra séu „leiðréttar“ um til dæmis 10%, en þegar „leiðréttingin“ er orðin 1000%, verður það hverjum manni ofraun að samþykkja hana viðstöðulaust. Það, sem gerst hefur í Rússlandi undanfarna tvo áratugi, hefur orðið til þess að breikka svo djúpið milli raunveruleikans og trúarinnar á kommúnismann, að það þarf bæði mikla andlega áreynslu og hugrekki til að stökkva yfir það, — og skilja að fullu við hjartfólgnustu vonir sínar.

Ég hef kallað kafla þennan „Innskot“. Hann er eini kaflinn í þessum bækling, sem reistur er á einkaheimildum, en ekki opinberum gögnum. Hneyksluðum lesanda er í sjálfvald sett, hvort hann trúir því, sem þar er sagt, eða ekki, og honum er velkomið að kalla mig trotskista, mensévískan gagnbyltingarmann, japanskan njósnara, ýlfrandi hýenu eða hverju öðru nafni, sem þeim er valið, er gagnrýna Rússland. En hann getur ekki tekið sömu afstöðu til opinberra rússneskra heimilda, svo sem rússneskra laga, tilskipana og hagskýrslna og svo framvegis, sem vitnað er til í öðrum köflum þessa rits. Ég valdi frásögn Blits sem mynd í bókina. Menn geta látið sem þeir sjái ekki myndina, án þess að það hafi áhrif á lesmálið.

XII. Hvatir og hugsjónir byltingarinnar bældar niður

Í stað trúarhugsjónarinnar, sem var lífæð lénsfyrirkomulags miðaldanna, var auðvaldsskipulagið reist á fjárhagslegri samkeppni. En án hennar væri auðvaldsskipulagið ekki til. Í stað samkeppninnar varð sósíalisminn að reisa tilveru sína á nýjum hvötum. Án þeirra getur ekkert sósíalískt þjóðfélag orðið til.

Stjórnarbyltingin 1917 afnumdi hagnaðarhvötina og hina fjárhagslegu samkeppni. Kaupmaðurinn varð starfsmaður ríkiseinkasölnunnar, sýslunarmaður, sem launað var án tillits til vöruveltu. Bóndinn varð smám saman launþegi, sem fékk kaup sitt greitt að nokkru leyti með afurðum og taldi sig á engan hátt eiganda jarðar eða bústofns.

Á tímum verksmiðjunefndanna þurfti verkamaðurinn ekki að óttast, að honum yrði refsað eða vikið úr vinnu. Skóladrengurinn lærði það eitt, sem hann hafði áhuga á. Hermaðurinn barðist án liðsforingja. Fólk giftist án presta og skildi með því að lýsa aðeins yfir vilja sínum til þess.

Hinar nýju hvatir og hugsjónir byltingarinnar voru þessar: Sameignarfyrirkomulag

í stað samkeppni einstaklinganna, frjáls agi í stað fjárhagslegrar og lagalegrar nauðungar, ábyrgðartilfinning gagnvart þjóðfélagsheildinni, alþjóðasamheldni og alþjóðahyggja verkalýðsins í stað þjóðernisrembinga, virðing fyrir göfgi vinnunnar í stað virðingar fyrir ættgöfgi eða stöðu, andi bræðralags meðal jafningja í stað undirgefni undir föðurlega forsjá guðs og leiðtogans, umbætur í stað refsinga, fortölur í stað nauðungar, — almennt nýtt og betra samfélag manna, þar sem bræðralag, jafnrétti og samábyrgð eru allsráðandi. „Einn fyrir alla og allir fyrir einn.“

Allt hljómar þetta nú sem naprasta háð. Orðum eins og „draumórar“, „rómantík“ og „tilfinningavæmni“ skýtur ósjálfrátt upp í hugum manna, jafnvel sannfærðra kommúnista. Reynsla þeirra og sá raunveruleiki, sem blasð hefur við þeim í Rússlandi undanfarin tuttugu og fimm ár, hefur gert þá kaldhæðna.

Og vegna þess að þeir hafa viljað trúá því, að Rússland og sósíalismi væri eitt og hið sama, þá hafa þeir gleymt því, hvað sósíalismi er í raun og veru. Án þess að skapa mönnum nýjar hvatir og hugsjónir í stað þeirra hvata, sem bera auðvaldsskipulagið uppi, getur eðlileg þjóðfélagsstarfsemi ekki farið fram, og þjóðarlíkaminn lamast. Þjóðfélag, sem ekki er reist á heilbrigðum hvötum og hugsjónum og á engin siðferðileg verðmæti, mun, hversu sem fjárhagskerfi þess kann að vera farið, annaðhvort tortímast í ógnaræði og stjórnsleysi eða liggja eins og lífvana hrúgald undir svipuhöggnum.

Við því var ekki að búast, að byltingarhugsjónin frá 1917 gæti hrósað sigri án mikilla erfiðleika og hindrana á þeim miklu breytingatímum, er stóðu yfir.

En saga Ráðstjórnarríkjanna er ekki saga sóknar og undanhalds á víxl. Boglína þróunarinnar rís jafnt og þétt fyrsta áratuginn, fram til 1925, en úr því leitar hún sífellt niður á við, þar til svo er komið að lokum, tuttugu árum eftir að tilraunin hófst, að undantekningarlaust og á öllum sviðum lífsins hefur verið fallið frá hinum nýju hvötum og hugsjónum, en þær gömlu, sem fleygt hafði verið út á hlaðvarp-ann, verið teknar upp í þeirra stað.

Ófriðurinn hefur flýtt fyrir þessari þróun og fullkomnað hana. Það var táknrænt að fleiru en einu leyti, er erkibiskup rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar Sergej var krýndur í dómkirkjunni í Moskvu 12. september 1943 og með því opinberlega viðurkenndur biskup yfir öllum Rússum. Í því var fólgin játning ráðstjórnarinnar á því, að henni hefði ekki tekist að skapa mönnum nýja trúarhugsjón, ný siðferðileg verðmæti, nýja trú, sem menn væru reiðubúnir að lifa og deyja fyrir.

Beri ráðstjórnarvinurinn fyrir sig, að ekki sé hægt á tíma einnar kynslóðar að skapa nýtt andlegt viðhorf, þá ætti hann að kynna sér sögu siðbótarinnar, sögu múhamedstrúar eða endurreisnartímabilsins. Allar ómengaðar andlegar byltingar hafa borist út með stórstraums hraða, og tilfinningaöflin, sem þau leystu úr læðingi, hafa aftur gagnbleytt hinar gömlu, skrælnuðu trúarskoðanir manna. Og þó höfðu þeir Lúther, Múhamed og Galileo hvorki blaðaeinokun eða útvarp til að styðjast við. Á síðari árum hefur nasisminn sýnt, að hægt er að breyta hugsunarhætti fjölmennrar

Þjóðar á miklu styttri tíma. Innan tíu ára var dulfræði nasismans komin á í Þýskalandi í stað kristindóms og húmanisma.

Ráðstjórnarvinirnir halda því fram, að ein af ástæðunum til endurreisnar rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar hafi verið að vinna hylli Balkan-þjóðanna. Þetta er að öllum líkindum rétt, en það sannar aðeins það, sem við höfum haldið fram. Það sýnir, að til þess að geta vænst stuðnings erlendis frá eða heima fyrir þurftu rússnesk stjórnvöld að færa sér í nyt trúarhvatir manna, einmitt vegna þess að sósíalismiinn, eins og hann er framkvæmdur í Rússlandi, hefur ekki nægilegt andlegt aðdráttarafl. Það er annar uppvakningur, sem á hann skyggir: alslavastefnan (panslavismiinn). Alslavaping hafa verið haldin árlega í Moskvu frá því árið 1941, og hafa sótt þau fulltrúar frá Póllandi, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu, Júgóslavíu, Svartfjallalandi og fleiri löndum. Ræður þær, sem fluttar hafa verið á þessum þingum, mundu hafa þótt afturhaldskennar jafnvel árið 1910.

Föðurland verkalyðsins hafði ennþá einu sinni gerst leiðtogi allra Slava. Höfuðandstæðingurinn var ekki lengur auðvaldsskipulagið, heldur „erfðafjandi allra slavneskra þjóða, — þýski innrásarlýðurinn“ (orð Berlings hershöfðingja á fjórða alslavapinginunni). Þeir ráðstjórnarvinir, sem ráðast með mestu offorsi á pangermönsku stefnuna, eru oft hlynntir alslavastefnunni. Hún minnir þá á rússaskyrtuna og rússneska strengjahljóðfærið balalajka, sem eru, eins og kunnugt er, óaðskiljanlegur hluti sósíalismans.

En í heimi staðreyndanna er alslavastefnan kynþáttahreyfing, sem notuð hefur verið til framdráttar rússneskri yfirráðahneigð og landvinningastefnu. Markmið hennar hefur verið að ná yfirráðum yfir Hellusundi (Dardanellasundi) og fá aðgang að Eystrasalti, Eyjahafi og Adríahafi. Og markmiðið er enn hið sama. Með því að leysa upp Alþjóðasamband kommúnista, Komintern, en endurreisa í þess stað rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna og vekja upp aftur alslavastefnuna, sagði Rússland að fullu og öllu skilið við sósíalismann, en tók í stað þess upp landvinningastefnuna.

Hernaðarandi og þjóðernisrembingur sigldu í kjölfar þessarar breytingar. Hollustueiði hersins var breytt. Rússneski ráðstjórnarnýliðinn sór áður að „helga allar athafnir og hugsanir því háleita marki að leysa alla verkamenn undan okinu og berjast fyrir heill Ráðstjórnarríkjasambandsins, fyrir sósíalismanum og bræðralagi allra þjóða“. Frá því árið 1939 sver hann að „vinna fyrir föðurlandið og ráðstjórnina til hinstu stundar“. Hinn gamli alþjóðasöngur Ráðstjórnarríkjanna, Internationalinn, var lagður niður 15. mars 1944, en í hans stað kom nýr þjóðsöngur, sem hóf til skýjanna „Rússland hið mikla“, er skapað hefði „Samband hinna frjálsu lýðvelda“, en hvergi er þar vikið einu orði að alþjóðasamtökum.

Herskólar, sem stjórnarvöldin lýstu þannig, að þeir væru „skipulagðir á sama hátt og gömlu liðsföringjaskólarnir“, voru stofnaðir 23. ágúst 1943. Embætti umboðsmanna stjórnarinnar í hernum var lagt niður 10. október 1943. Heitið „Lífvarðarherdeild“ var tekið upp aftur veturinn 1941—1942. Í stað Lenínorðunnar og merkis Rauða fánans voru 29. júlí 1942 stofnuð ný heiðursmerki, er kennd voru

við Súvorov, Kútúzov og Aleksandr Nevskíj. Eftir 1935 var smám saman komið á fót aftur mötuneytum og klúbbum fyrir liðsforingja og þeim séð fyrir þjónum og tekin upp aftur kveðja að hermansið, og loks voru með tilskipun 6. janúar 1943 teknir aftur upp axlaskúfar eins og þeir, sem yfirmenn í keisarahernum notuðu. Það hefði verið auðvelt verk að finna upp nýjar gerðir tignarmerkja, en tilgangur tilskipunarinnar var bersýnilega sá að vekja athygli á því á táknrænan og áberandi hátt, að síðustu leifar byltingarhégómans væru úr sögunni fyrir fullt og allt.

Til þess að vera í samræmi við hinn nýja sið þurfti að ónýta kennslubækur, sagnfræðirit og jafnvel alfræðiorðabækur og semja þær að nýju. Þar til hreinsanirnar hófust, var Pokrovskíj höfuðsagnfræðingur Ráðstjórnarríkjanna. Hann hafði samið rit sín frá sjónarmiði marxismans og barist ótrauðlega gegn þjóðardrambi og hetjudýrkun í hverri mynd sem var. Eftirmenn hans urðu fyrst Shestakov, en síðar Eugen Tarlé. Kennslubók Shestakovs í sögu, sem hann hafði fengið verðlaun fyrir, og bar einkunnarorðin: „Við elskum fósturjörðina og verðum að kunna skil á hinni dásamlegu sögu hennar,“ var tekin til notkunar í öllum menntaskólum landsins árið 1936. Undir forustu eftirmanns hans, Tarlés, kom fram nýtt og næsta furðulegt mat á mönnum og viðburðum í sögu liðsins tíma.

Fram að hreinsununum höfðu leiðtogar hinna miklu múguppþota á sautjándu og átjándu öld, svo sem Búlavín, Stenka Razín og Emeljan Púgashov, verið opinberlega og með réttu viðurkenndir fyrirrennarar öreigabyltingarinnar. En Búlavín hafði gert uppreisn gegn átrúnaðargoði Stalíns, Pétri mikla, og Púgashov, leiðtogi hins ánauðuga bændalýðs og námumannanna í Úralfjöllum, hafði beðið ósigur fyrir Súvorov fursta, en Stalín hafði stofnað Súvorov-heiðursmerkið í minningu hans. Menn þessir voru því, hvað sem öðru leið, uppreisnarmenn gegn valdhöfum og þess vegna sekir. Samkvæmt þessu úrskurðaði höfuðsagnfræðingur Ráðstjórnarríkjanna, að þessir byltingarleiðtogar liðsins tíma hefðu ekki verið heiðarlegir stjórnámálemenn, þar eð „hreyfing þeirra hefði ekki verið laus við stigamennsku“. Með skírskotun til þessa úrskurðar mætti afmá sögu allra byltinga, svo sem Spartakusar, Dantons og Leníns, því að enginn þessara byltinga var laus við „stigamennsku“.

Í hinni frægu ræðu sinni 7. nóvember 1941, á 24. ársdegi kommúnistabyltingarinnar í Rússlandi, en sú ræða varð upphaf hinnar nýju hetjudýrkunar, komst Stalín svo að orði: „Megi hið glæsilega fordæmi hinna miklu forfedra vorra, þeirra Aleksandrs Nevskíjs, Dmítríjs Donskojs, Kúzma Míníns, Dmítríjs Pózharskíjs, Aleksandrs Súvorovs og Míkhaíls Kútúzovs, verða yður hvatning í þessari styrjöld.“ Hin venjulega áróðursalda hefur síðan skipað þessum sex mönnum sess meðal verndardýrlinga Rússa hið næsta þeim Marx og Engels og píslarvottum byltingarinnar. Meðal þessara „sex goða í hinum nýja helgidómi Ráðstjórnarríkjanna“ voru fjórir furstar og einn helgur maður, en enginn þeirra hafði beitt sér fyrir þjóðfélagslegum framfaramálum.

Um Kúzma Mínín segir alfræðiorðabók Ráðstjórnarríkjanna, sem gefin var út 1930 (upplagið ónýtt síðar) : „Sagnfræðingar yfirstéttanna hófu hann til skýjanna

og töldu honum mest til gildis, að hann hefði verið laus við alla stéttarmeðvitund, en hefði barist eingöngu fyrir „hina heilögu móður, Rússland,“ og reyndu að gera hann að þjóðhetju.“ Pozharskíj fursti var forustumaður Rússa í ófriði þeirra á hendur Pólverjum árið 1611. Súvorov fursti barðist gegn stjórnarbyltingunni frönsku, gegn öreigauppreisn Púgashovs og gegn Pólverjum. Kútúzov fursti barði niður bændauppreisn, sigraði Napóleón og Pólverja. En Donskoj fursti barðist gegn Mongólum á fjórtánda öld og er einn af dýrlingum rétttrúnaðarkirkjunnar rússnesku.

Listir og bókmenntir urðu að sigla í kjölfarið. Listmálarar Ráðstjórnarríkjanna mála myndir af frækilegum orrustum, er Rússar hafa háð á herferðum sínum á liðnum tímum og þeim, sem nú standa yfir. Ljóðskáld Ráðstjórnarríkjanna lofa nú aftur og vegsama „hina heilögu“ rússnesku móðurmold. Rússneskir rithöfundar ryðja nú úr sér bókum um hinar gömlu þjóðhetjur Rússlands. Þessar fjórar bækur fengu bókmenntaverðlaun Stalíns 1942: *Ævisaga Dmitríjs Donskojs fursta* (sbr. hér að framan) eftir Borodín, *Múravi mikli* (þjóðhetja Georgíu, þar sem Stalín er fæddur) eftir Antonovskíj, *Djengis Khan* eftir Yan og *Uppgjöf Parísar* eftir Erenbúrg. Ljóðaverðlaun Stalíns sama ár hlaut Gúsev. En þekktasta kvæði hans hefst á þessum orðum:

Ég er rússneskur maður,
sonur Moskvu,
arftaki hins rússneska frægðarljóma ...

Verðlaunaleikrit þessa sama árs var *Vígstöðvarnar* eftir Kornejstsjúk. Kemur þar fram meðal annarra gamall bolsévíkaleiðtogi frá tímum byltingarinnar, og er hann látinn vera algjör fábjáni, enda er hann rekinn úr stöðu sinni, áður en lýkur. Sama ár ritaði höfundur *Péturs mikla*, Aleksej Tolstoj, leikrit um Ívan grimma, en Eisenstein gerði kvikmynd eftir því. Í bók sinni *Stalín og hið eilífa Rússland* segir Kolarz: „Eisenstein leit svo á, að mest af hryðjuverkum þeim, sem eignuð eru Ívani, væri uppspuni einn og ýkjur fjandmanna hans utan Rússlands og innan. Er hann bjó kvikmyndina til, réði sú skoðun hans mestu um gerð myndarinnar, að Ívan grimmi, er sameinað hafði Rússland og gert það að öflugri ríki og stofnsett hafði fastaher þess, hefði í gjörðum sínum farið að „sögulegri nauðsyn“.“

Eisenstein staðfestir þetta sjálfur í viðtali í blaðinu *Trud*. Endurmatið, sem hér er um að ræða á þessum Caligula Rússlands, svo og sú afsökum fyrir ógnarstjórn hans, að hún hafi verið „söguleg nauðsyn“, er hvor tveggja svo augljóst, að skýring er með öllu ónauðsynleg. Það er þingmannaleið á milli kvikmyndanna *Orrustuskipið Potemkín* og *Ívan grimmi*, — en sá mismunur er talandi tákn þess, hvert hin andlega þróun í Ráðstjórnarríkjunum stefnir. Ráðstjórnin hafði horft á það með vinnjarnlegu hlutleysi, er nasistar lögðu undir sig að heita mátti alla Evrópu. Hún vítti opinberlega það sjónarmið að heyja styrjöld vegna ágreinings um lífsviðhorf. Hún

hóf ekki baráttu að austanverðu, er ráðist var inn í Frakkland og ósigur Bandamanna var yfirvofandi. Hún greip ekki til vopna, fyrr en ráðist var á Rússland sjálft, og barðist þá til varnar rússnesku þjóðerni og með þjóðernisvígorð á vörum.

Þörf ráðstjórnarinnar á því að berjast í nafni Súvorovs, en ekki í nafni Marx, með þjóðsöng í stað alþjóðasöngs, með axlaskúfa frá tímum keisaranna, með vígorð Alslavanna og blessun síðskeggjaðra kirkjuhöfðingja, er endanleg sönnun þess, að hin örvandi öfl sósíalismsans voru ekki lengur til. Eldmóðurinn, sem byltingin 1917 hafði tendrað í hjörtum og hugum almennings, hafði smám saman dáði út í andrúmslofti því, sem Stalínstjórnin hafði eittrað með hræsni sinni.

Þessi eldmóður var nýtt, innra afl, sem var vandmeðfarið og þarfnaðist samfelldrar uppörvunar og aðhlyningar, bróðurþels og mannúðlegrar hlýju, ef hann átti að dafna og verða varanlegur og geta að lokum gjörbreytt sálarástandi manna — skapað nýja tegund, *homo sapiens liber* — hina frjálsu mannveru. Stjórnvöldin, sem samgróin voru efnishyggju og hagspeki nítjándu aldarinnar, skildu aldrei, hve fortakslaus gildi hin andlegu atriði hafa.

Þau urðu brátt þreytt á framtaksleysi og sljóleika bændanna, og í skjóli þeirrar meginreglu, að tilgangurinn helgi tækið, fóru þau með almenning á sama hátt og farið er með hráefnið í tilraunastofunum. Þau beittu við hann hömrum og meitlum, sýrum og óteljandi „áróðurs-„geislum“ með misjöfnum bylgjulengdum.

Í fljótu bragði virtist aðferð þessi bera góðan árangur. Menn virtust trúá öllu, sem þeim var sagt, þeir hylltu leiðtoga sína, unnu eins og vélar og dóu eins og hetjur, eins og vélarnar og hetjurnar, sem Þjóðverjar og Japanir framleiddu. En hið innra með þeim var eldmóðurinn slökknður, driffjöðurin brostin, en í hennar stað varð að láta þá fá aftur gömlu driffjöðrina, sem tekin var ofan af rykugri hillu í ruslakompunni.

Rússnesku byltingunni hafði mistekist sú ætlun að skapa nýtt samfélag manna með nýjum siðferðishugsjónum. Höfuðástæða mistakanna var sú, að kenningar hennar voru gegnsýrðar af hinni ófrjóu efnishyggju nítjándu aldarinnar. Hún varð að grípa aftur til hinna gömlu deyfilyfja, vegna þess að hún skildi ekki, að mennirnir þörfnuðust andlegrar næringar.

3. kafli: Hillingarnar hverfa

Snöggar aðgerðir, fyrst af hálfu Þýska hersins og síðan Rauða hersins, nægðu til þess, að ekkert varð eftir af þessum vanskapningi Versalasalningsins, er lifað hafði á kúgum erlendra þjóða. ... Endurreisn hins gamla Póllands kemur aldrei til greina. (Molotov, 31. október 1939.)

Ég hefði alltaf viljað, að Pólland væri öflugt og sjálfstætt ríki. (Stalín, hvað eftir annað, 1944.)

I. Rússnesk valdabarátta

NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR OKKAR eru í stuttu máli þessar:

Rússneska ráðstjórnarlýðveldið er einræðisríki með rikiseignarfyrirkomulagi (ríkiskapítalisma). Það er á framfaravegi í því, er lýtur að hagkerfi þess, en á öllum öðrum sviðum er um afturhald að ræða. Þar ræður meira afturhald í stjórnámálum, menningarmálum og stjórnarháttum, með öðrum orðum afstöðu þegnanna til stjórnvaldanna, en í flestum auðvaldsríkjum, og það fylgir landvinningastefnu, sem minnir mjög á hin gömlu, sögulegu markmið Rússlands á tímum keisaranna.

Verklýðsstéttum og framfaraöflum annars staðar í heiminum er Rússland ekki meira virði en önnur stórveldi. Það er ekki hættulegt hægri flokkunum og skiptir vinstri flokkana engu máli: Afstaða þess til hægri og vinstri flokka fer eingöngu eftir því, hvað hentar því best á hverjum tíma og líklegast er til framdráttar valdastreitu þess.

Framvegis sem á liðnum tímum mun það velja bandamenn sína eða segja skilið við þá eftir því, sem hagstæðast er í svipinn, án þess að gera sér nokkra rellu út af því, hverja stjórnmalastefnu þeir aðhyllist.

En í þessu efni koma tvö nauðsynleg skilyrði til greina. Í fyrsta lagi er valdastreita Rússlands með öðrum hætti en valdabarátta annarra ríkja. Í valdabaráttu aka þjóðir seglum eftir vindi og láta sér fátt fyrir brjósti brenna. Þegar vanda ber að höndum, verða siðferðilögmálin að þoka fyrir hinu hagkvæma. En þó er stigsmunur á því, hve langt er gengið í þessu efni.

Almenningur í lýðræðislöndunum hefur að vísu lítil áhrif á gang utanríkismála. Þó ber við, að hann getur afstýrt stórafglöpum með mótmælum á götum og gatna-

mótum, ef svo mætti segja, eins og til dæmis er Hoare-Laval sáttmálinn var á ferð. Almennigur beitir sjaldan þessu neitunarvaldi, en engu að síður hefur það sín áhrif á valdhafana. Þeir verða að taka nokkurt tillit til kjósendanna, til blaðanna, sem eru tiltölulega óháð, og ekki síst til andstöðunnar í þinginu, þó að hún kunnir að vera þróttlaus og einurðarlítill.

Þessir kostir lýðræðisins eru jafnan ofmetnir í hræsnisfullum lofræðum, en hins vegar meta róttækir vinstrimenn þá ekki að verðleikum. Sannleikurinn er sá, enda þótt gagnrýni almennings leiði til meira hófs og jafnvægis í stjórnámálum, að þá er langt frá því, að stórveldin, til dæmis Stóra Bretland og Bandaríkin, þræði þar jafnan hinn beina veg, þó að þau fari ekki þá krákustigu í utanríkismálum sem Ráðstjórnarríkin. Vel getur það borið við, að lýðræðisríki friðmælist við einræðis-herra eða veiti mönnum á borð við Darlan stuðning. En það er óhugsanlegt, að þau kúvendi í stefnumálum á einum sólarhring eða gangi á gjörða samninga, áður en undirskriftin undir þá er þornuð.

Forystumenn Ráðstjórnarríkjanna og nasistastjórn Þýskalands þekkja engar hömlur á þessu sviði. Þeir hafa algjörlega frjálssar hendur heima fyrir og geta því tekið skyndileg heljarstökk og komið flatt upp á mótstöðumenn sína á vettvangi alþjóðamála. Þetta mun verða Rússum mikið hagræði í utanríkismálabaráttu þeirra, er stendur fyrir dyrum. Enginn getur sagt fyrir, hver verður næsti leikur þeirra. Ríki, sem siglir án síðferðilegrar kjölfestu, lætur miklu betur að stjórn en ríki þau, sem háð eru erfðavenjum um velsæmi.

Stjórnámálamenn Vesturveldanna ganga því aðeins á gerða samninga, að þeir eigi ekki annars úrkostar, og þó með vondri samvisku. En rússneskir stjórnámálamenn margsvíkja gagnaðila sína frá auðvaldsríkjunum með mestu ánægju og tandurhreinni samvisku. Þeim hefur verið kennt að fyrirhlíta „yfirstéttarsíðfræðina“ og hafa auk þess óljósa hugmynd um, að þeir séu að vinna fyrir einhverja hugsjón, þó að þeir hafi að vísu gleymt því, hver hún er. Það mun taka stjórnámálamenn Vesturveldanna, sem enn búa við erfðavenjur níttjándu aldar, nokkurn tíma að venjast þessu nýja leikbragði, þessari stjórnámálalegu sniðglímu, sem þeir hafa enn ekki kynnst nema að litlu leyti. En á meðan nýtur Rússland ávaxtanna, eins og Þýskaland nasista á þeim tímum, er viðræðurnar fóru fram í München.

II.

Í öðru lagi stafar munurinn á valdabaráttu Rússlands og annarra landa af hinni gömlu deilu, er staðið hefur milli bolsévika og annarra vinstri flokka. Deilan var upphaflega um kennisetningar, sem fyrir löngu eru orðnar úreltar, en eins og vant er lifir hatrið og hefnigirnin lengur en deiluefnið. Fáum af addáendum Ráðstjórnarríkjanna er það kunnugt, að Evrópudeildir 2. Alþjóðasambandsins, sem jafnaðarmenn um heim allan mynda, breski verkamannaflokkurinn, flokkur

franskra verkamanna, ítalskir, pólskir, austurrískir og spænskir jafnaðarmenn og leiðtogar þeirra eru í Rússlandi enn kallaðir „gagnbyltingarsinnaðir mensévíkar“.

Hversu sterkt og rógroíð þetta hatur Rússa á vinstriöflunum er, sannast best á því, að ráðstjórnin í Moskvu hefur jafnan hafnað samvinnu við jafnaðarmenn á meginlandinu gegn hinni sívaxandi fasistahættu þar til fyrir skemmstu, en þá var allt orðið um seinan.

Í fangabúðum Hitlers voru kommúnistar og jafnaðarmenn drepnir hlið við hlið, en þó úthúðuðu kommúnistarnir þar hinum síðarnefndu þjáningarbræðrum sínum og kölluðu þá „sósíal-fasista“.

Stofnað var til Þjóðfylkingarinnar (Front Populaire) í Frakklandi árið 1934 vegna nauðsynjar rússneskrar utanríkisstefnu og henni til framdráttar (eins og þegar Rússar gerðu hernaðarbandalag við Frakkland og Tékkóslóvakíu og gengu í Þjóðabandalagið), en þetta breytti í engu afstöðu Rússa til vinstri flokka. Þrátt fyrir Þjóðfylkinguna og hinn andfasíska friðaráróður var loftið lævi blandið af undirróðri alþjóðafélagsskapar kommúnista og svikráðum ýmissa flokksbrota.

Þetta ófremdarástand náði mannskæðu hámarki í spænsku borgarastyrjöldinni, er rússneskir flugmenn háðu þar eins konar einkastyrjöld á bak við víglínuna og létu taka af lífi fjölda manna úr andstöðuflokkunum, vinstri menn, syndikalista, POUM-menn (óháða marxista á Spáni) og jafnaðarmenn. Stjórnmalastefna kommúnista er svo breytileg, að lengra verður ekki komist í því efni. En í hatri sínu á andstæðingunum er hún alltaf söm við sig. Á síðustu árum hafa kommúnistar gert bandalag við prússneska júnkara, austurríska keisarasinna, króatíska Þjóðernissinna og hina kaþólsku Ítali. Þeir hafa kórónað yfirbiskupa rétttrúnaðarkirkjunnar rússnesku og samið við Páfagarð. Þeir hafa lofað að „styðja ameríska auðvaldið í starfi þess“ með því að ljá fulltingi sitt repúblíkanaflokknum og demókrataflokknum á víxl (svo sem marka má af ræðu er Earl Browder, formaður ameríska kommúnistaflokksins, flutti 10. janúar 1944). Þeir hafa á sömu tveimur árunum ráðist með offorsi á Verkamannaflokkinn breska fyrir að styðja styrjaldarreksturinn og fyrir að styðja hann ekki upprunalega, fyrir það að hann væri óvinveittur Þjóðverjum og fyrir að hann væri andvígur því, að Þýskalandi yrði skipt.

Þeir hafa haft um breska Verkamannaflokkinn öll þau fúkyrði, sem fískisölukerling eða hinn opinberi ákærandi Ráðstjórnarríkjanna á yfir að ráða, en síðan hafa þeir sótt um að fá að sameinast þessum sama flokki.

Þeir hafa kyngt því, sem þeir hafa sagt, spýtt því út úr sér og gleypst það aftur. Á Lundúnaráðstefnunni árið 1903 klofnuðu verklyðssamtökin í bolsévika (meiri hluta) og mensévika (minni hluta), og hefur aldrei gróíð um heilt með þessum flokkum síðan.

Bolsévíkar voru byltingarsinnaðir og vildu koma á sterkri miðstjórn, en mensévíkar lýðræðissinnaðir umbótamenn. Næstu árin eftir byltinguna kölluðu fylgismenn Leníns alla umbótaflokkanna innan sósíalíshreyfingarinnar mensévika,

og eftir að stofnað var Alþjóðasamband kommúnista, Komintern, árið 1919, varð nafnið „mensévíki“ sameiginlegt heiti um alla jafnaðarmenn. Síðustu áratugi hafa jafnaðarmannaflokkar oft tekið byltingarkennda afstöðu til ýmissa mála, en á sama tíma og um sömu mál hafa hliðstæðar deildir innan Kominterns boðað sátt og samlyndi. Þannig hefur afstaða flokkanna hvorra til annarra stundum snúist algerlega við. En þó að ágreiningurinn um kennisetningar sé fyrir löngu orðið úrelt atriði, logar ennþá hatrið til hinna „gagnbyltingarsinnuðu mensévíka“, eins og blóðhefndirnar með sumum ættflokkum, enda þótt upprunalegar ástæður þeirra hafi verið huldar gleymsku um margar kynslóðir.

Stjórnmalahreyfingar, sem að ofstæki svipar til ýmissa sértrúarflokka, geta ekki síður en ættflokkar, sértrúarflokkar og þjóðir haldið við erfðahatri. En það er önnur og skynsamlegri ástæða til þess, hver afstaða Rússlands er. Leiðtogum Ráðstjórnarríkjanna er ljóst, að samstarf við auðvaldsríkin og hagsmunaflokka innan þeirra er auðveldara en samstarf við óháða verkalýðsflokka.

Hið fyrrnefnda samstarf er eingöngu reist á gagnkvæmum hagsmunum að nákvæmlega athuguðu máli, en í síðara tilvikinu koma ýmis hugræn og siðfræðileg atriði til greina, sem krefjast siðfræðilegra skuldbindinga og geta orðið Rússlandi til trafala í stjórnmalastarfi þess. Hefði bandalag verið með breska kommúnistaflokknum og Verkamannaflokknum, þá hefði óhjálkvæmilega slitnað upp úr því í september 1939, þar eð Verkamannaflokkurinn hefði skilyrðislaust neitað að samþykka sáttmála Hitlers og Stalíns. Og hefði síðar verið bandalag með kommúnistaflokknum breska og Óháða verkamannaflokknum (ILP), þá mundi það einnig hafa farið út um þúfur, þar eð hinn síðarnefndi flokkur hefði árið 1941 neitað að samþykka styrjöldina.

Jafnvel Alþjóðasamband kommúnista, sem þó laut yfirboðurunum í Moskvu í blindri hlýðni, varð stjórnmalafyrirætlunum valdsherranna í Kreml hinn mesti fjötur um fót. Hversu miklu meiri óþægindi gátu þeir ekki haft af hinum óháðu vinstri flokkum!

Rússnesku leiðtogarnir vissu, að menn geta verslað við ókunnuga, en ekki við fjölskyldu sína. Hugsjónamenn og hreyfingar, sem bornar eru uppi af hugsjón, láta illa að stjórn. Þess vegna voru hinir gömlu flokksmenn í Rússlandi teknir af lífi og „sérfræðingar utan flokksins“ teknir fram yfir aðra. Og þess vegna var sá kostur tekinn að semja fremur við Beaverbrook og Willkie en ráðherra verkamannaflokkanna á vettvangi alþjóðamála. (Fyrstu erlendu stjórnmalamennirnir næst eftir Ribbentrop, sem sæmdir voru heiðursmerkjum Ráðstjórnarríkjanna, voru þeir Sir Oliver Lyttelton og Beaverbrook lávarður.)

Tilvera óháðra jafnaðarmannaflokka er því hinum rússnesku stjórnarvöldum vandræðamál, þar eð þau telja sig hafa einkarétt til sósíalísmans. En þessi miklu vandræði verða ekki leyst með öðru móti en því, að hinir óháðu flokkar afsali sér sjálfstæði sínu og láti kenningar sínar fylgja straumbreytingum rússneskrar valdabaráttu, eða með því, að Rússland varpi opinberlega af sér yfirskini sósíalísmans og

kasti þannig úr hendi sér öflugustu lyftistöng sinni í alþjóðamálum. En hvorugt er þetta framkvæmanlegt. Eina leiðin, sem opin stendur rússnesku stjórnvöldunum, er því sú að ofsækja og ófrægja jafnaðarmannaflokkana og leiðtoga þeirra.

Er þetta sama aðferðin og beitt var með svo prýðilegum árangri heima fyrir gegn Þjóðbyltingarmönnum, mensévíkum, stjórnleysingjum, trotskistum og gömlu bolsévíkunum. Á sama hátt og innan Rússlands eru heitin trotskistar og mensévíkar látin ná til allra þeirra, sem ekki vilja gerast viljalaus verkfæri í höndum stjórnvaldanna rússnesku. Og eins og Hitler bar fyrir sig „alheimssamsæri Gyðinga“ sem átyllu fyrir ofsóknum gegn þeim, eru ofsóknir rússnesku stjórnvaldanna gegn ofangreindum andstæðingum ýmist reistar á upplognum sökum eða hreinu ofsóknarbrjálæði.

III.

Á þeim tveim árum, er liðu frá því að Rússar hertóku Pólland og þangað til Þjóðverjar réðust inn í Rússland, gerðu Rússar sér far um að koma ráðstjórnarfyrirkomulagi á í Austur-Evrópu. Til þess beittu þeir aðallega þeirri aðferð að reka menn unnvörpum í útleð. Voru þeir flutningar svo gífurlegir, að ekki eru dæmi til annars eins í veraldarsögunni. Flutningarnir fóru fram í fjórum lotum, í febrúar, apríl og júní 1940 og júní 1941.

Tala þeirra manna, er raunverulega voru fluttir í útleð úr Austur-Póllandi, nam rúmlega einni milljón, en í áætlun þeirri, er gerð hafði verið um flutningana, var talan miklu hærri. Framkvæmd þessarar útleðaráætlunar varð að stöðva eða öllu heldur fresta í bili vegna þýsk-rússnesku styrjaldarinnar.

Útlögunum var skipað í þrjá flokka eftir því, hvaða örlög þeim voru ætluð: 1. Þeir sem dæmdir voru í 3–8 ára nauðungarvinnu, aðallega í fangabúðum norður við Íshaf, og áttu að vinna að skógarhöggi, námugrefti, hættulegum iðnaðarstörfum eða öðrum störfum í þágu ríkisins. 2. Fjölskyldur, er settar voru niður í óbyggð héruð og látnar vinna undir umsjá OGPU að skógarhöggi, í sögunarmyllum, við vegagerð og svo framvegis. 3. Fjölskyldur, er settar voru niður í Mið-Asíu (aðallega í Kazakstan og Kírgísíu- og Yakútíu-lýðveldunum) og látnar voru vinna hjá bændunum þar og voru frjálssar að kalla, en var þó algjörlega bannað að flytja vistferlum.

Í pólsk-rússneska sáttmálanum, er undirritaður var í Lundúnum 30. júlí 1941, var tekið fram, að pólskir útlagar úr öllum flokkum yrðu látnir lausir. Pólsku stjórninni tókst með aðstoð Rauða Krossins og ensk-bandarísku hjálparstarfseminnar að finna um 500 þúsund fanga eða um helming útlaganna. Mikill hluti þeirra, þar með talinn pólski herinn, sem stofnaður hafði verið í Rússlandi, var fluttur heim um Teheran. Þeir, sem urðu eftir í Rússlandi, voru, eftir að Rússar slitu stjórnmálasambandi við Pólverja 1943, skoðaðir sem rússneskir borgarar, og var farið með þá samkvæmt

því. Talið er, að um 20% af útlögnum hafi látist í fangabúðunum norður við Íshaf eða á leið þangað.

Fjöldaflutningarnir frá Eystrasaltslöndunum fóru fram á svipaðan hátt. Reglugerð gefin út af Gusevítius, Þjóðfulltrúa innanríkismála ráðstjórnarríkisins Litáens (Nr. 0054, 28. nóvember 1940), skipar þeim litáisku borgurum, sem flytja í útlegð, í fjórtán flokka. Í 1. flokki eru „allir félagar rússneskra stjórnmalaflokka, er störfuðu, áður en byltingin hófst: Þjóðbyltingarmenn, mensévíkar, trotskistar og stjórnleysingar“. Í 2.–6. flokki eru virkir félagar í öðrum stjórnmalaflokkum í Litáen (Valdemara-sinnar, kristilegir jafnaðarmenn, menn úr Þjóðernissamtökum stúdenta, Shaulistar) og enn fremur lögregluforingjar, vopnaðir lögreglulíðar og fangaverðir þeir, sem verið höfðu liðsforingjar í keisarahernum, rússneska hvíta hernum og í pólska eða litáíska hernum. Í 7. flokki eru „þeir, sem reknir hafa verið úr kommúnistaflokknum“. Í 8. flokki: „Pólítískir flóttamenn, sem horfið hafa heim aftur, og smyglarar“. Í 9. flokki: Borgarar erlendra ríkja og fulltrúar erlendra verslunarfyirtækja. Í 10. flokki: Menn, sem ferðast hafa erlendis eða eru á einhvern hátt viðriðnir erlenda utanríkismálastarfsemi, menn sem voru í félögum esperantomanna eða frímerkjasafnara. Í 11. flokki: Starfsmenn í fyrrum ráðuneytum Litáens. Í 12. flokki: „Starfsmenn pólska Rauða krossins og flóttamenn frá Póllandi.“ 13. og 14. flokkur: Prestar, aðalsmenn, landeigendur, bankastjórar, iðjuhöldar, auðugir kaupskýslumenn og gildaskála- og gistihúsaeigendur.

Flokkun þessi sýnir, að uppræta á úr Þjóðfélaginu: 1. Alla þá, sem hafa stjórnmalaskoðanir eða taka virkan þátt í stjórnmalum, framar öðru alla, sem eru í vinstri flokkunum, aðra en kommúnista. 2. Allar æðstu stéttir og embættismenn undir fyrri stjórnarháttum. 3. Öll alþjóðaöfl.

Í Austur-Póllandi náði þessi útrýmingarstarfsemi einnig til menntamanna (kennara, lögfræðinga, blaðamanna og svo framvegis), hver sem stjórnmalaskoðun þeirra var. Athyglisvert er og einkennandi, að meðal manna í fjórðu brottflutningslotunni (júní 1941) var allmikill fjöldi úr sjálfum kommúnistaflokknum, einkum þeir, sem höfðu unnið að því, meðan á byltingunni stóð, að setja á laggir ýmsar staðbundnar framkvæmdanefndir, er fóru með völd, meðan allt var á ringulreið, áður en embættismenn ráðstjórnarríkisins tóku við, og enn fremur þeir, sem höfðu verið í verkamannahernum.

Venjulega náði útleigðin til allrar fjölskyldu þeirra, sem hlut áttu að máli. Ungbörnum var komið fyrir á barnaheimilum. Þessi fjöldbrottflytningur fór fram án grimmdar af yfirlögðu ráði, en við hörmulegar aðstæður, — allt að þriggja vikna ferðalög í lokuðum vögnum, sem annars voru notaðir til stórgripaflutninga, — enda dó mikill hluti útlaganna á leiðinni. Útlagarnir voru sóttir að næturlagi og fluttir á brott frá heimilum sínum af NKVD (stjórnardeild innanríkismálaráðuneytisins, sem tekið hefur við starfi OGPÚ leynilögreglunnar, en í daglegu máli er NKVD og OGPÚ eitt og hið sama) og fengu aðeins eina klukkustund til þess að búa sig og taka saman föggur sínar.

Farangur sá, er hverri fjölskyldu var leyft að hafa með sér, mátti ekki vera þyngrí en 90 kg. Járnbrautarlestirnar héldu af stað fyrir dögum. Allir gluggar þeirra voru lokaðir og dyrum öllum vandlega læst, en þó voru á þeim op til þess að fleygja út um þau saur og rétta matinn inn um þau. Ekki voru gluggar né dyr opnaðar, fyrr en komið var á áfangastaðinn — í heimskautshéruðunum eða Mið-Asíu.

Aðgerðir þessar miðuðu að því að losa þessi landsvæði, sem sameinast höfðu Ráðstjórnarríkjunum, við þá menn, sem á máli kommúnista eru kallaðir „aktívistar“, og er þá átt við menn í vinstri eða hægri flokkunum, sem hafa áhuga á stjórnámálum og þekkingu á þeim, leiðtoga og skipulagsfrömuði á sviði menningar-, fjárhags- og félagsmála, kjarna frjálsrar hugsunar og athafna.

Hið sama vakti fyrir Rússum, er þeir létu það afskiptalaust, að Þjóðverjar börðu niður Varsjáruppreistina sumarið 1944. Þessi aðferð til þess að losna við óþægilega bandamenn á sér sögulegt fordæmi, þar sem er afstaða Rússlands til Armeníu í fyrri heimsstyrjöld. Hafði keisarastjórnin hvatt Armena til uppreistar gegn hinum tyrknesku kúgurum þeirra, en lét það síðar afskiptalaust, er Tyrkir strádrápu þá Armena, er farið höfðu að áeggjan Rússa, enda þótt drápin færu fram á næstu grös-um við rússneska herinn, er ýmist sótti fram eða hörfaði undan, og varnaði þeim Armenum, sem komist höfðu lífs af, að fara inn á hið rússneska hernámssvæði.

Þjóð, sem þannig er svipt líkamlegum og andlegum máttarstöðum sínum, verður að nokkurs konar ólöglegu hlaupi, — nægilega lingerð til þess að geta lagað sig eftir eðli og ástandi ráðstjórnareinræðisins. Því að menn verða að hafa það hugfast, að þessar milljónir nýrra þegna Ráðstjórnarríkjasambandsins verða að læra að lifa án þjóðþings, án almennrar gagnrýni, við nýja löggjöf, sem leggur hömlur á persónufrelsi þeirra, — ferðafrelsi, lestrarfrelsi, atvinnufrelsi, og býr tilveru þeirra svo þröngan stakk, að ekki eru dæmi til slíks, jafnvel ekki undir hinum hálfgerðu einræðisstjórnnum Póllands og Litáens, sem áður sátu að völdum.

Því meiri sem er munur menningar (og lífskjara), því róttækari aðgerða þarf við til að „mýkja“ hina sigruðu þjóð, svo að hinir rússnesku valdhafar geti melt hana án verulegra óþæginda.

IV.

Samanburður á stjórnámálaaðgerðum nasista og Rússa í Austur-Evrópu leiðir í ljós hvort tveggja í senn, andstæðurnar og það, sem líkt er með þeim. Aðgerðirnar eru líkar að því leyti, að báðir kúga þeir hina sigruðu þjóð og svipta hana markmiði og forustu. En lengra nær líkingin ekki.

Þjóðverjar ásældust landsvæði í austri til þess að geta hafið þar landnám, og stjórnámálaaðgerðir þeirra í hluta þeim í Póllandi og Úkraínu, sem þeir höfðu hertekið, miðuðu bersýnilega að því að útrýma smám saman miklum hluta af íbúum þessara héraða með fjöldadrápum, næringarskortri og með því að flytja karlmennina

á brott. En þeir, sem áttu að fá að halda lífi eða vera kyrrir, skyldu í samræmi við kynþáttakenningu nasismans gerðir að þrælum herrapjóðarinnar.

Rússar beittu sömu aðferð, en í allt öðrum tilgangi. Hinar miklu víðlendum Rússlands eru strjálbyggðar, og þar er sífelldur skortur á vinnuafli. Auk þess þarf Rússland á miklu vinnuafli að halda við hinar stórbrotnu iðnaðarframkvæmdir, vegagerð og aðrar opinberar framkvæmdir. Og það þarfnast landnema í hin fjarlægðu héruð í Síberíu og Mið-Asíu, sem enn liggja óhagnýtt. Rússland er byggt mönnum af rúmlega tvö hundruð ólíkum þjóðernum. Sum þessara þjóðarbrota búa út af fyrir sig á afmörkuðu landsvæði og halda við sérstæðum háttum þjóða sinna. Svo er til dæmis um Þjóðverjana í Úkraínu og Volgalýðveldinu, Gyðingana í Bírobídzhan og gömlu kynflokkana í Kákasus.

Þegar þessa er gætt, virðist ekki vera nein goðgá eða draumórar, þótt Rússar láti sér detta í hug að flytja í hópum þessa þjóðernisminnihluta til fjarlæggra héraða, þar sem skortur er á mannafla. Fyrir ófrið þann, er nú stendur yfir, voru nokkrar milljónir Úkraínubúa fluttar í útlegð til Síberíu, en á undanförunum ófriðarárum hafa svo að segja allir hinir þýsku íbúar Volgulýðveldisins verið fluttir í útlegð. Tala þeirra manna, sem áætlað var að flytja í útlegð frá Litáen, nam 700 þúsundum, en íbúatala alls landsins var um 3 milljónir.

Úr Austur-Póllandi var ætlunin að flytja á brott 3–4 milljónir af þeim 13 milljónum, sem byggðu þann landshluta. Innrás Þjóðverja í Rússland stöðvaði framkvæmd þessara flutninga, er þeir voru aðeins skammt á veg komnir.

Að ófriðarlokum, þegar Rússland er orðið allsráðandi og án keppinauta í Austur- og Suðaustur-Evrópu, mun heimurinn meðal annarra furðulegra atburða verða vitni að brottflutningi manna í stórhópum og nauðungarflutningum, stórfelldari en dæmi eru til, og þeir munu verða framkvæmdir með þeim dugnaði og þeirri algjöru fyrirleitningu fyrir mannlegu eðli og tilfinningum, sem einkennir alla afstöðu ráðstjórnarinnar til sinnar eigin þjóðar.

Viðauki: Um pólitíska sálsjúki

Í FLESTUM NÚTÍMAKENNINGUM um pólitíska hegðun manna felst undarleg mót-sögn. Það er alkunna, að múgi manns er gjarnt að rasa um ráð fram (múgæsing, múgsefjun, eins og það er kallað). Allir vita líka, hvernig einstaklingurinn varpar stundum skynseminni fyrir borð í kynferðismálum og í samskiptum sínum við vandafólk eða yfirmenn og undirmenn. En þótt við játum, að múgurinn hagi sér eins og sálsjúklingur í stjórnámum og geðflækjur manna komi mjög í ljós í einkalífi þeirra, höldum við samt dauðahaldi í þá furðulegu ímyndun, að venjulegur borgari láti skynsemina ráða í stjórnámum, þegar hann er ekki undir múgáhrifum.

Í lýðræðisríkjum mótast þessi trú allt stjórnararið, og þessi staðlausa kreddutru veldur mestu um það, að lýðræðisríkin eiga einlægt í vök að verjast fyrir einræðisríkjum og að sú viðureign er engu síður andleg en veraldleg. Það allt bendir til þess, að við tuttugustu aldar menn séum pólitískir sálsjúklingar.

Þetta hefur einræðissinum alltaf verið ljóst. Þeir eru herskarar dauðans í sókn gegn menningu okkar. Sjúkleiki eflir vald þeirra; þess vegna eru þeir slyngir að greina sjúkdóma. Ef við eigum að komast hjá tortímingu, þá verðum við að vera þeim jafnslyngir í sjúkdómsgreiningu. En enginn greinir sjúkdóm rétt, sem gerir ráð fyrir, að ekkert sé að. Síðan upplýsingartímabilið hófst, hafa franskir, þýskir og enskir heimspekningar hver á fætur öðrum innrætt mönnum trú á skynsemd og pólitíska heilbrigði einstaklingsins. Þar hafa lagt til mála alfræðingarnir frönsku, marxistar, fylgismenn þeirra Benthams og Owens og framfaramenn af öllum flokkum. Frá Freud og lærisveinum hans hefur að vísu fallið skuggi á þessa heiðríku trú á rökeðli mannsins: við höfum látið okkur skiljast, að kynhvöt okkar er heft og afvegaleidd. Nú er mál til komið, að við gerum okkur ljóst, að pólitískar ástríður okkar eru ekki síður margflættar, bældar og rangsnúnar, nema fremur sé.

Járntjald hugans

Í fljótu bragði virðast bollaleggingar um „pólitískar ástríður, dulvitund og bældar minningar“ einungis vera hugtaka- og orðaleikur menntamanna. En sérhver hlutlæg athugun á nútíma þjóðfélagshögum mun leiða í ljós, að geðflækjur pólitískra ástríðna eru eins djúpstæðar og engu síður raunverulegar en geðflækjur þær, sem stafa frá kynlífi manna.

Telja má mann sálsjúkan, ef hann er svo utangátta við veruleikann, að hann reisir dóma sína og skoðanir á óskum sínum og ótta, en ekki á reynslu sinni. Sjúk-

lingurinn vísar brott úr vitund sinni hverri staðreynd, sem líkleg er til að brjóta í bág við óska- og óttaheima hans, svo að úr þeim verða duldar geðflækjur. Ef þessari einföldu skýringu er beitt við pólitískt atferði, sést að hún gildir um alla pólitíska sálsýki, allt frá „stjórnunum geðklofa“ manna eins og Klaus Fuchs og óskadraumum friðarvinanna, sem undirrituðu Stokkhólmsávarpið, til veruleikaflótta hlutleysissinnans. Pólitísk orðtök sem menn beita til að réttlæta duldan ótta sinn, eru engu haldbetri en rök geðsjúks manns fyrir því, hvers vegna hann eti ekki fisk.

Í afskræmdan hugarheim sinn hleypir sálsjúkur maður engri þeirri hugsun, sem raskað gæti innra jafnvægi hans. Engin rök geta sigrast á orðhengilshætti hans og hártogunarlist né unnið bug á tilfinningavörnum hans. Hinn innri vörður, — í fyllstu sálsýkisfræðilegri merkingu orðsins, — sem verndar tálheim sjúklingsins gegn veruleikanum, er ólíkt öflugri en skoðanagæsla og valdbeiting einræðisstjórna. Sá, sem þjáist af pólitískri sálsýki, hefur einkajárntjald í heilabúi sínu.

Óþægilegar staðreyndir, sem vísað hefur verið á bug, bælast síðan og vefjast í duldar geðflækjur. Pólitísk dulvitund hefur sín eigin rök, sjúkdómseinkenni og rákn. Ef „bönnuðum“ hugsunum er hreyft við mann, sem þjáist af pólitískri sálsýki, þá verður hann annaðhvort æfur við eða brosir eins og sá, sem er viss í sinni sök. Annaðhvort svarar hann til hreinum skömmum eða grípur til lævislegra útúr-snúninga. Ella myndi sýndarjafnvægi draumaheims hans raskast og skilja hann eftir varnarlausan gegn nöktum heimi veruleikans, sem er svo ógnþrunginn, að hrollur fer jafnvel um hinn heilbrigða, þegar hann horfist beint í augu við hann.

Bæld sektarvitund

Í gasklefum í Auschwitz, Belsen og öðrum tortímingarfangabúðum voru um sex milljónir manna myrtar í lokaþætti síðari heimsstyrjaldar, og eru þetta mestu fjöldamorð, sem sögur fara af. Þegar þau voru framin, var meiri hluta þýsku þjóðarinnar ókunnugt um þau. En síðar hafa opinberar skýrslur, bækur og kvikmyndir gert þessar staðreyndir svo kunnar, að enginn siðmenntaður maður getur lokað augunum fyrir þeim. Samt tekst flestum Þjóðverjum þetta. Sannleikurinn hefur ekki komist inn í þjóðarvitundina og mun sennilega aldrei gera það vegna þess, hve skelfilegur hann er. Ef þjóðin gengist við honum, þá myndi sektarþunginn verða henni ofraun. Það myndi greiða þjóðarstolti Þjóðverja rothögg og gera að engu tilraunir þeirra til að hefja sig aftur í stórvelda tölu. Þegar Auschwitz og Belsen eru nefnd í áheyrn gáfaðra og góðviljaðra Þjóðverja, gera þeir flestir annaðhvort að þegja eða setja upp þjáningarsvip eins og hefðarfrú á Viktoríutímabilinu, ef minnst var á hinar ruddalegri hliðar lífsins. Aðrir neita þessum staðreyndum, telja þær stórlega ýktar eða beita í sömu andrá ýmsum rökum, sem stangast gjörsamlega á, án þess að verða mótsagnanna varir.

Hið eftirtektarverða við þessi viðbrögð er, að þau koma upp um dulda sektar-

tilfinningu, jafnvel hjá þeim, sem engan hlut áttu að morðunum. Að lögum og svo langt sem meðvitund þekking þeirra nær, eru þeir sýknir saka. Það er lagalega og siðferðislega ranglátt að gera heila þjóð ábyrga fyrir hryðjuverkum tiltölulega fárra glæpamanna. En hin „pólítíska dulvitund“ lítur öðru vísi á málið. Hún gerir alla þjóðarheildina samábyrga fyrir sigrum hennar og ósigrum, heiðri hennar og sök. Pólítískar ástríður má skýrgreina sem þörf einstaklingsins til að vera hluti af félagsheild, þjóð, kynþætti, kirkju eða flokki, nauðsyn hans á því að finna þar at-
hvarf og öryggi.

Þegar þessi hlutdeild í örlögum félagsheildar er ónægjuleg, er því haldið á lofti. Sérhver Þjóðverji er hrifinn af „Goethe vorum“, eins og hann hafi átt þátt í að skapa hann, sérhverjum Bandaríkjamanni hitnar um hjartarætur, þegar minnst er á frelsisstríð þeirra, eins og hann hefði sjálfur barist í því. En hin miður ánægjulegu verk skipa ekki slík heiðursæti í meðvitund mannsins. Sum óhappaverk hafa jafnvel í för með sér eins konar lost eða „sjokk“, og þess vegna verða þau að gleymast og bælast sem fyrst. Goethe vor, Beethoven vor, fósturjörð vor, er óaðskiljanlegur hluti sjálfsvitundarinnar. En Auschwitz vor, börnin, sem vér myrtum með gasi, styrjöldin, sem vér komum af stað — öllu þessu verður að þrýsta ofan í undirdjúp dulvitundarinnar.

Bældar pólítískar geðflækjur hafa í för með sér hömlur eins og bældar kynduldir. Varanleg lækning getur einungis átt sér stað með því móti að hefja hina bældu reynslu til vitundar, hversu kvalafullt sem það kann að vera. Foringjar þýsku þjóð-
arinnar einir geta komið slíkum geðverndaraðgerðum í framkvæmd gagnvart þjóð sinni. Refsing og auðmýking, sem lagðar eru á þjóðina utan frá, gera aðeins illt verra. Sigurvegurinum sæmir að gleyma, en hinir sigruðu verða að læra að muna.

Sameiginlegt óminni

Annars eðlis er hin dulda geðflækja, sem Frakkar þjást af, en áhrif hennar eru jafn-
vel ennþá auðsærri. Þegar lögleg ríkisstjórn Frakklands fór frá völdum í júní 1940 eftir uppgjöf hersins, sætti meiri hluti Frakka sig við ósigurinn og reyndi að koma á þolanlegu sambýli við hina þýsku sigurvegara. Bandamenn voru gersigaðir á meginlandinu, Engendingar algerlega einangraðir, og því virtist venjulegum ópó-
lítískum Frakka þetta vera eina skynsamlega leiðin. Þegar de Gaulle hershöfðingi lýsti því yfir frá Lundúnum, að „Frakkland hefði að vísu tapað orrustu, en ekki beðið ósigur í styrjöldinni“, sá hin einangraða franska þjóð, að þetta var ágætt vígorð, en fannst það hafa litla raunhæfa þýðingu. Fáir hlýddu kalli de Gaulles og flýðu til Englands og gengu í hersveitir hans eða störfuðu í andspyrnuhreyfingunni heima í Frakklandi. Og þetta var mjög eðlilegt, því að allt viðnám virtist vera hrein vitfirring, en á öllum tímum og með öllum þjóðum hafa fífldjarfar hetjur verið mjög í minni hluta.

Þáttaskil í styrjöldinni, nauðungarvinna Frakka í Þýskalandi og margt annað

veitti andspyrnuhreyfingunni byr í seglin. Þegar bandamenn hófu innrásina, unnu 20–40 þúsundir Frakka að skemmdarverkum, njósnum eða mynduðu skæruliðs-sveitir. En hugprýði og sjálfsofn þessara fáu manna hafði engin áhrif á gang styrjaldarinnar. Frakkland var ekki frelsað af skæruliðum, heldur af hersveitum Bandamanna, breskum og bandarískum herflugvélum og skriðdrekum.

Leiðtogar Breta og Bandaríkjamanna breiddu yfir þennan beiska sannleika, og fyrir kurteisissakir gerðu þeir allt of mikið úr herfylgi Frakka. Næsta eðlilegt var, að franskir hershöfðingjar og stjórnámamenn tækju í sama streng til þess að græða særða sjálfsvirðingu Þjóðarinnar og hlífa henni við þeirri sáru niðurlægingu að þurfa að viðurkenna, að hún ætti frelsun sína erlendum hersveitum að þakka. Af þessu leiddi, þegar ár var liðið frá atburðunum, að flestir Frakkar voru orðnir sannfærðir um, að Frakkland hefði aldrei verið sigrað, að það hefði aflað sér frelsis og sjálfstæðis á ný af eigin rammleik og hverjum um sig fannst hann hafa verið hugprúður andspyrnumaður, sem ekkert hafi skort nema tækifæri til að sanna það í verki. Þeim hefur tekist svo vel að bæla minningarnar um hugsanir sínar og athafnir á hinum dimmu árum 1940–1943, að þetta tímabil myndar eyðu í frakkneska sögu. Þetta skýrir, hvers vegna franskir kommúnistar urðu fjórum árum síðar stærsti stjórnmálaflokkur Frakklands, enda þótt þeir hefðu frá 1939 til 1941 leynt og ljóst prédikað svik og uppgjöf og kallað viðnám gegn þýskri árás „heimsyfirráðabrólt“ og „styrjöld hinna ríku“. Hið sameiginlega óminni var vatn á myllu þeirra. Afstaða þeirra á þessum árum er almenningi gleymd vegna eyðu í minni Þjóðarinnar.

Sálgerð Frakka núorðið er reist á rangfærslu og sjálfsblekkingu. Þjóðsagan um hina ósigruðu og sigursælu Þjóð festi fyrst rætur með þegjandi samkomulagi, en varð brátt að trúaratriði. Margur fyrrverandi samstarfsmaður Þjóðverja ber nú ekki einungis heiðursmerki andspyrnuhreyfingarinnar í hnappagatinu, heldur trúir því í einlægni, að hann hafi til þess unnið. Honum finnst undir niðri, að hann sé ein af hetjum andspyrnuhreyfingarinnar, vegna þess að hann dái þær. Hér endurtekur sig sagan um Goethe vorn, Jóhönnu vora frá Orleans, hetjuþjóð vora og svo framvegis.

Hér eru að verki sömu öfl og með þýsku Þjóðinni, en með þveröfugum árangri. Hjá Þjóðverjum leiddi samruni einstaklingsins við Þjóðarheildina til sameiginlegrar sektartilfinningar, sem bæla varð niður í djúp dulvitundarinnar. Hjá Frökkum leiðir hann til sameiginlegrar frægðar, sem gefur pólitískum ástríðum byr undir báða vængi. En hinar bældu minningar hafa látlaus og skaðvænleg áhrif á siðferðisþrek Þjóðarinnar. Skróksögu fortíðarinnar verður aðeins haldið lifandi með því að flýja veruleika samtíðarinnar. Samkvæmt Þjóðsögunni skuldar Frakkland engum neitt. Ef Frakklandi er veitt Marshall-hjálp, þá er það gert til framdráttar einhverjum leyniáformum í Wall Street. Ef vopn eru gefin og her sendur, þá er það til stuðnings heimsveldisstefnu Bandaríkianna. Hinar einu styrjaldarminningar Frakka um Bandaríkjamenn, sem haldist hafa skýrar og óbrjáladaðar, eru þær, að sprengjuflugvélar þeirra misstu oft marks, eyðilögðu mannvirki og urðu frönskum borgurum að fjörtjóni, enn fremur að bandarískir hermenn drukku sig oft fulla og

náðu hylli franskra kvenna með vindlingagjöfum. Ekkert bandarískt frelsunarstarf framar! Látið okkur afskiptalaus, við viljum fá að vera í friði! Við þörfnumst ekki ölmusugjafa yðar og viljum hvorki kókakólaflöskur né kjarnorkusprengrur! Ef þið látið okkur afskiptalaus, þá munu Rússar einnig sjá okkur í friði.

Alls konar tilbrigði þessa stefns má lesa á hverjum degi í frönskum blöðum, sem túlka þó margvíslegar stjórnmalaskoðanir. Hið eina, sem aldrei er minnst á, er hin hörmulega, en mikilvæga staðreynd, að frelsi og sjálfstæði Frakklands er komið undir ægimætti bandarískra kjarnorkuvopna. Ef menn gerðu sér þetta ljóst, þá myndi allur þessi tálheimur hrynja. Þá yrði óttinn einn eftir — óbærileg niðurbæld skelfing manna, sem myndu, að þeir stæðu raunverulega varnarlausir gegn ógnarvaldi Rússa.

Þess vegna verður að halda þessum blekkingarleik áfram og flýja veruleikann, hvað sem það kostar. Hér er hvorki um vísvitandi hræsni né vanþakklæti að ræða, og þessi dómur felur því ekki í sér neina lítilsvirðingu á skapgerð Frakka. Sérhver þjóð, sem hefur orðið að þola þrjár innrásir á tæpum þremur aldarfjórðungum, og misst hefur á vígvellinum að minnsta kosti einn karlmann í hverri fjölskyldu, myndi þjást af sömu tegund sálsýki.

Flótti frá veruleikanum

Flótti frá veruleikanum er núorðið einkenni Evrópumanna, en þó hefur þessi löstur fylgt Bretum dyggilegast um langt skeið. Þeir virðast hafa öðlast ónæmi sitt fyrir múgsefjun með því að brynja sig gegn veruleikanum. Þennan galla kunna þeir að dylja af mikilli íþrótt með því að láta heimskupör sín sýnast geðfellda ráðsnilli.

Þegar loftárásir Þjóðverja á Lundúnir stóðu sem hæst, fór P. E. N. klúbburinn þess á leit við Louis Golding, að hann gerði í erindi samanburð á breskri og bandarískri skáldsagnalist. Golding hafði rétt lokið ræðu sinni, þegar merki um loftárás var gefið, en umræðunum var haldið áfram, eins og ekkert hefði í skorist. Annar eða þriðji ræðumaður var skorpinn, lítill, góðlátlegur náungi, sem hafði að ég held ritað ævisögu lítt kunns náttúruskoðara á 17. öld. Hann réðst gegn Hemingway, Dos Passos, Faulkner og fleirum.

„Mér virðist,“ sagði hann hæversklega, „að þessir nútíma skáldsagnahöfundar í Bandarríkjunum leggi sjúklegt kapp á að lýsa ofbeldisverkum. Af lestri rita þeirra gæti maður haldið, að helsta skemmtun venjulegra borgara væri að fletja út nefið á náunga sínum og gefa honum glóðarauga. Nú er það staðreynd, að óbreyttur borgari kemst afar sjaldan um ævina í kynni við ofbeldi. Menn fara á fætur, sýsla í garðinum sínum ...“

Nú heyrðist hvinur í sprengju, sem féll örskammt í burtu. Loftvarnabyssurnar kváðu við með djöfullegum hávaða. Litli maðurinn beið þolinmóður, þar til hlé varð á þessum ósköpum, og hélt síðan máli sínu áfram ofurrólega: „Það, sem ég ætlaði að segja, var þetta: Venjulegur maður hefur mjög lítil kynni af ofbeldisverkum, og

það er blátt áfram ruddalegt af listamanni að verja svo miklum tíma og rúmi til að lýsa þeim ...“

Eitt helsta einkenni á hegðun sálsjúks manns er, hve hann á bágt með að læra af fyrri reynslu sinni. Það er eins og hann sé í álögum: Hvað eftir annað steypir hann sér í sömu vandræðin og endurtekur fyrri mistök sín. Afstaða Breta gagnvart sameiningu Evrópu og stefna Frakka í innanríkismálum síðustu 30 árin virðast hafa ráðist af slíkri endurtekningaráráttu.

Tundrið, sem hleypti síðari heimsstyrjöldinni af stað, var krafa Þýskalands um endurheimt borgar, sem var umlukt pólsku landsvæði. Þjóðverjar gátu einungis haft samgöngur við þessa borg eftir „göngum“, sem lágu gegnum pólskt land. Samt var stríðinu ekki fyrir lokið en stjórnámamenn Bandaríkjanna samþykktu að mynda ný göng af sömu gerð, en til annarrar borgar. Nafn hinnar fyrri var Danzig, hinnar síðari Berlín. Bak við hinn margþvelda sannleika, að „sagan endurtaki sig“, leynast ókunn öfl, sem lokka menn til að drýgja á ný hin hryggilegu mistök sín.

Auðsætt og mjög glöggt dæmi um slíka endurtekningaráráttu er hin svonefnda friðkaupastefna. Árin eftir 1930 hefðu átt að kenna okkur: að þjóð í landvinningahug og haldin innblásinni trú á hlutverk sitt, sækir á, þangað til hún mætir öflugri fyrirstöðu; að félagslegar umbætur, hversu æskilegar sem þær eru í sjálfu sér, eru enginn hlífiskjöldur gegn árás; að þjóðir verða að gjalda fyrir sjálfstæði sitt og tilveru með því að fórna sorglega miklum hluta tekna sinna til varna í sorglega langan tíma; og að friðkaupastefnan, hversu sannfærandi og heillandi sem rök hennar virðast, kemur ekki í stað hernaðarstyrkleika, heldur kallar hún styrjöld beinlínis yfir sig. Allt þetta ætti að vera okkur í fersku minni. Samt sem áður virðast furðulega margir stjórnámamenn, svo að ekki sé talað um milljónir óbreytta borgara, albúnir þess að fremja sömu afgangin aftur — og endurtaka sama harmleikinn.

„Menn geta ekki forðað styrjöldum með vopnum. Því markmiði verður einungis náð með eflingu laga og réttlætis í heiminum. Það er ekki hægt að draga úr vígbúnaði annarra ríkja með því að fylla vopnabúr sín. Það væri engu líkara en að biðja Beelsebúb að reka út Djöfulinn.“

Þetta gætu verið nýleg ummæli eftir Bevan. En í rauninni er þessi orð að finna í ræðu, er Clement Attlee hélt í neðri málstofu breska þingsins hinn 11. mars 1935 til þess að andmæla frumvarpi stjórnarinnar um lítilsháttar fjárframlag til endurvígbúnaðar. (Að sjálfsgöðu mætti finna svipuð ummæli íhaldsmanna á öðrum tímum.) Þegar hann kom fram með þá snjöllu hugmynd til verndar friðnum að leysa upp heri þjóðanna, var gripið fram í fyrir honum: „Segið Hitler þetta!“ Attlee lét þetta eins og vind um eyru þjóta, líkt og Bevan gerði átján árum síðar. Sama árið, 1935, rituðu ellefu milljónir, eða meira en helmingur allra kjósenda í Englandi undir „friðarárvarp“. Allt þetta er nú steingleymt, því hefur verið vísað burt og sökkt niður í hina pólitísku dulvitund.

Jafnvel vígorðin, sem árásarmaðurinn dáleiddi fórnarlömb sín með, voru hin sömu og nú. Hitler var verndari friðarráðstefnu þýskra og franskra uppgjafaher-

manna, sem andmæltu samsæri vopnasala og hernaðarsinna auðvalds-lýðræðisins í Wall Street. Landflóttá andstæðingar nasista, sem töluðu um fangabúðir Hitlers og árársfyrirætlanir hans, voru sagðir haldnir ofsóknaræði og taldir vilja æsa til hryðjuverka og haturs milli þjóða. Nákvæmlega sömu sökum eru eftirmenn þeirra, rússneskir flóttamenn og fyrrverandi kommúnistar, nú bornir. Ef hægt væri aðeins að þagga niður hrakspár þeirra og harmagrát, þá myndi allt leika í lyndi! Eftir hverja árás sína þóttist Hitler fullur af friðarvilja, og menn tóku þessum loddaraskap á áþekkan hátt og þeir tóku samsvarandi brögðum Stalíns og Malenkovs. Menn, sem voruðu við slíkum þorparaskap, voru sakaðir um að grafa af ásettu ráði undan möguleikum til friðsamlegs samkomulags. Á þessum árum voru það ekki Bandaríkin, sem voru sökud um stríðsæsingar, heldur Frakkland. Eitt sinn er Duff Cooper hermálaráðherra hélt ræðu, þar sem hann lagði mikla áherslu á vináttu Breta og Frakka, varð hann fyrir árásum Verkamannaflokksins í báðum deildum breska þingsins. Attlee benti á, að „þvílík vinmæli við eina þjóð komi öðrum þjóðum (þ. e. Þýskalandi) til að furða sig á, hvers vegna sé ekki talað við þær í sama vinartón“. Og þegar hersveitir Hitlers fóru inn í Rínarlönd (en undir eins á eftir bauð Hitler upp á 25 ára vináttusamning), lagði franskí forsætisráðherrann leið sína til Lundúna og fékk sams konar viðtökur og bandarískir herforingjar hljóta nú í Frakklandi. Ýmsir pólitískir sérfræðingar, sem voru engir vinir nasismans, voruðu við því að gera of mikið úr hættu þeirri, er af honum stafaði. Þeir sögðu, að Þjóðverjar vildu aðeins innlima þýsk lönd eins og Rínarlöndin og Saar, en þeir væru „alltof gáfaðir“ til þess að gleypa lönd með ólíkri menningu, eins og Tékkóslóvakíu, sem þeir gætu aldrei melt. Síðustu tíu árin höfum við heyrt nákvæmlega sömu rök um fyrirætlanir Rússa í Mið- og Vestur-Evrópu.

Árangurinn af öllu þessu var sá, að 1936 höfðu Belgar, Rúmenar og Júgóslavar tekið upp „hlutleysisstefnu“, og með því var grafið undan sameiginlegu öryggiskerfi, eins og verið er nú að grafa undan Atlantshafsbandalaginu, NATO. Sálsjúkur maður, sem fremur alltaf sams konar yfirsjónir og vonar í hvert sinn að geta komist undan afleiðingum þeirra, gerir það ekki af heimsku, heldur af því að hann er sjúkur.

Eilífir unglingar

Hinir róttæku ungu menntamenn í London, París og New York eru tiltölulega meinlítill manngerð. Oft á byltingahugur þeirra rót sína að rekja til uppreisnar þeirra á unglingsárunum gegn foreldrum eða til einhverrar annarrar togstreitu, sem gerir menn um stundarsakir óánægða með heiminn.

Eitt afbrigði þessarar manngerðar er algengt í Bandaríkjunum og Frakklandi, en aftur á móti sjaldgæft í Englandi: Ungi maðurinn N. N. er fyrst eldheitur kommúnisti, en verður brátt fyrir vonbrigðum. Hann fer síðan úr einni klíkunni yfir í aðra, er trotskisti, andfriðarsinni og svo koll af kolli. Öllu brambolti hans

má líkja við það hreystiverk að rota fluguna með sleggju. Sígild dæmi þessa er marxista-existentialistaklíkan, sem safnast hefur um Sartre og þreytir þrotlausar deilur um keisarans skegg. Sálfræðingur mundi segja, að þessir klíkuriddarar þjáist af pólitískri sífjaspellsduld.

P. P. er af annarri sálgerð. Hann á í sífelldu vafstri, er í sérhverju framfarafélagi, hefur upp rödd sína til þess að andmæla öllu ranglæti, hefur stutt öll góð málefni undir sólinni, en aldrei fengið neinu áorkað á jörðu hér. P. P. þjáist af pólitískri frygðarduld, hann er gæddur pólitískum ástríðum í of ríkum mæli. Þessi tegund sálsýki herjar aðallega á vinstri menn, því að í pólitískum skilningi eru þeir almennt of kynsterkir.

Loks þjáist S. S. af pólitískri meinlætaduld. Hið minnsta ranglæti meðal hans eigin þjóðar fær hann til að reka upp ramakvein angistar og örvæntingar, en hann finnur afsökun hinum svívirðilegustu glæpum, sem framdir eru af andstæðingum hennar. Þegar dökkum eða gulum tennisleikara er neitað um herbergi í einhverju fínu gistihúsi í Lundúnum, titrar S. S. af hneykslun, en þegar milljónir manna tærast upp í heimskautanámum og timburhjólum í Ráðstjórnarríkjunum, er hin viðkvæma samviska hans þögul. S. S. er ranghverfur ættjarðarvinur, sjálfshatur hans og sjálfsrefsingarþörf hafa snúist upp í hatur á þjóð hans eða stétt, og hann þráir vöndinn, sem geti veitt henni ráðningu.

Þrá eftir öruggu athvarfi

Það er hversdagslegur sannleikur í sálsýkisfræði, að enginn maður sé fullkomlega andlega heilbrigður. Á „heilbrigðum“ manni og sálsjúkum er aðeins stigsmunur, en ekki eðlis. Á sumum tímabilum sögunnar hafa félagslegar og menningarlegar aðstæður stuðlað að sálsýki og öðru óeðli. Á gullöld Grikkja var samkynhneigð meðal karlmannna mjög almenn. Á árunum 1920–1930 var lauslæti algengara en nokkru sinni fyrr. Pólitískar ástríður eru einnig háðar sveiflum, stundum eru þær eðlilegar, stundum nálgast þær geðbilun. Um alllangt skeið höfum við séð þær stefna í áttina til geðbilunar.

Hér er aðeins kostur að drepa lauslega á nokkrar hugsanlegar orsakir þessa fyrirbæris. Kynhvötin hefur það markmið að halda lífinu við, en pólitískar ástríður eiga hins vegar rætur í þrá mannsins til þess að samlaga sig hugsjónum og verðmætum félagsheildar, með öðrum orðum í þrá hans eftir samfélagslegu athvarfi. Hvort tveggja eru mannlegar frumhvatir, þótt hin mikla áhersla, sem Freud leggur á kynhvötina, hafi um nokkurra áratuga skeið dregið athygli manna frá mikilvægi hinnar.

Á miðöldum lifðu menn í tiltölulega öruggum heimi þrátt fyrir styrjaldir, hallæri og drepsóttir. Hinn óskoraði myndugleiki kirkjunnar, fast mót miðaldaríkisins, bjargföst trú á forsjónina og guðlegt réttlæti veitti mönnum ríka öryggiskennd. Þeir vissu, hvar þeir voru á vegi staddir. Seinna kom hver byltingin á aðra ofan: fyrst endurreisnartímabilið, þá siðaskiptin og loks franska og rússneska byltingin,

sem tættu smám saman með öllu í sundur traust manna á Þjóðfélagið og tilveruna. Gervallri jörðinni, sem áður hafði verið fastur miðdepill alheimsins, var nú breytt í tilraunastofu, þar sem allt snerist í einni hringiðu. Ævaforð verðmæti voru sögð til einskis nýt, fjötrar voru brotnir og pólitískum ástríðum mannsins gefinn laus taumur, eins og ástarþrá ungs manns. En leitinn að nýju skipulagi og trú, sem sé svo víðfeðma, að hvort tveggja nái yfir afstöðu mannsins til alheimsins og samfélagsins, hefur engan árangur borið til þessa dags. Tuttugustu aldar maðurinn er pólitískur sálsjúklingur vegna þess, að hann á engin svör við spurningunni um tilgang lífsins og af því að hann veit ekki, hvar hann á heima í veröldinni né samfélagi mannanna.

Hvöt, sem fær ekki útrás, getur eftir atvikum birst í margvíslegum myndum, og einkenni, sem virðast í mótsögn hvort við annað, koma oft fyrir hjá sama manni. Langvinn vonbrigði og uppgjöf geta leitt til þess, að hvötin visni. Sjúklingurinn verður félagslegt dauðfyli, vonbrigði hans snúast í pólitískt mannhatur og andfélagslega hegðun. Greinilegasta dæmi um ófullnægðar pólitískar ástríður er að finna í Frakklandi nútímans.

Ennþá hættulegri er hin andstæða þróun. Ef samfélagsþráin fær ekki útrás, þá getur það leitt til „pólitískrar kynhleðslu“, sem kemur fram í blindri sjálfsofn í þjónustu einhvers djöfullegrs málefnis. Þeir samtíðarmenn vorir, sem dýpst söknudu hinnar horfnu Paradísar, voru jafnframt hinir fyrstu, sem heilluðust af gervi-himnaríkjum: Heimsbyltingunni, Rússlandi ráðstjórnarinnar eða Þúsundaráríki Hitlers.

Af þessu má þó ekki draga þá ályktun, að menn skyldu vanmeta mikilvægi fjármála og félagsmála. Enginn geðlæknir getur til dæmis ráðið bót á eynd og sjúkdómum hinna stóru Asíuþjóða. Aðalatriðið er, að sálræn starfsemi á sér stað, áður en efnahagslegar þarfir þjóðar koma fram í srjómmálaathöfnum. Og þessi sálræna starfsemi hefur oft leitt til athafna, sem stefna gegn hinni upprunalegu þörf. Hinir bjartsýnu hugsuðir 19. aldar héldu, að viðbrögð fjöldans myndu jafnan vera í samræmi við hagsmunum hans, en 20. öldin minnir okkur á, að jafnvel hásiðmenntuð þjóð eins og Þjóðverjar getur leiðst til þess að granda sér í sálsýkiskasti og skeytir þá vissulega ekki um efnahagslegar afleiðingar.

Skynsemin ein megna ekki að frelsa okkur frá áráttu af þessu tagi. Hugmyndakerfi einræðisstefnanna svala tilfinningum þeirra manna, sem leggja trúnað á þær, og fullnægja þrá þeirra eftir athvarfi í skauti samfélagsins.

Það er álitid heppilegt, að stjórnámálmenn viti einhver deili á sögu og hagfræði. Nú er kominn tími til að þeim verði gert að kynna sér undirstöðuatriði sálarfræðinnar og íhuga hin furðulegu sálrænu öfl, sem knýja menn til að vinna gegn eigin hagsmunum af svo ósveigjanlegri einbeitni.

(Stytt í þýðingu.)

Jónas Haralz:

Hið nýja met Morgunblaðsins í siðlausri blaðamennsku

Falsspámaðurinn Koestler afhjúpaður

Fyrir hálfum mánuði síðan birtí ég hér í blaðinu opið bréf til ritstjóra Morgunblaðsins, hr. Valtýs Stefánssonar, þar sem ég ljóslega sannaði, að fréttaburður Morgunblaðsins viðvíkjandi baltnesku hermönnum

eru þær einu víðræður, sem tókast meðal siðaðra manna, — virðast vera óþekkt fyrirbrigði í þess hugmyndaheimi. Ritstjóri Morgunblaðsins hefur ekki gert tilraun til að hrekja eitt einasta atriði röksemda

er Morgunblaðið án efa myndi telja „bækur handa dónum“.

Í stuttri blaðagrein eru engin tók að gera þeirri keðju af útúrsmúningum, blekkingum, fölsunum og ósannindum, sem bók Koestl-

Þjóðviljinn hamaðist gegn Arthur Koestler í baráttunni fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1946.

Skýringar

Skýjaglópsins og flokkesjálksins ... 7. bls. Arthur Koestler, *The Yogi and the Commissar* (London: Jonathan Cape, 1945).

Valtýr Stefánsson ... 7. bls. Hann (1893–1963) lauk prófi frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn 1914 og stundaði síðan framhaldsnám og rannsóknir, en gerðist ritstjóri *Morgunblaðsins* vorið 1924 og sinnti því starfi til æviloka, í 39 ár. Skömmuðu kommúnistar fáa menn meira. Jakob F. Ásgeirsson *Valtýr Stefánsson: Ritstjóri Morgunblaðsins* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2003).

valdarán ... 7. bls. Rússneski keisarinn valt úr hásæti sínu í mars 1917, og var mynduð bráðabirgðastjórn, en bolsévikar rændu völdum 7. nóvember sama ár og höfðu að engu úrslit kosninga til stjórnlagabings. Læsileg og tiltölulega óhlutdræg saga byltingar bolsévika birtist e. breska rithöfundinn Alan Moorehead í *Morgunblaðinu* í 145 hlutum 9. febrúar til 22. ágúst 1964. Byltingunni er lýst af sjónarhóli kommúnista í *Sögu kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna*, þýð. Björn Franzson (Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1944), og John Reed, *Tíu dagar sem skóku heiminn*, þýð. Þorvaldur Þorvaldsson (Reykjavík: Skrudda, 2017). Áhrifum byltingarinnar er m. a. lýst í skáldsögum, Borís Pasternak, *Sívagó læknir*, þýð. Skúli Bjarkan (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1959), og Ayn Rand, *Kína Argúnova* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2013).

Lenín ... 7. bls. Rússneski lögfræðingurinn Vladímír Íljítsj Úljanov, sem kallaði sig Lenín (1870–1924), var leiðtogi þeirra rússnesku sósíalista, bolsévika, sem vildu, að fámennur, samhentur hópur tæki völdin strax í vopnaðri byltingu og umskapaði síðan skipulagið eftir kenningum Marx. Hann fékk heilablóðfall í maí 1922, aftur í desember og enn í mars 1923 og var eftir það lítt vinnufær. Dmítríj Volkogonov ofursti, sem hafði aðgang að gögnum í lokuðum skjalasöfnum, lýsti því, hvernig skoðun sín á Lenín hefði breyst, þegar hann skoðaði skjöl um hann. Byltingarforinginn hefði verið miskunnarlaus. Sjá *Lenín: Life and Legacy* (London: Harper/Collins, 1994). Sama skoðun á Lenín kemur fram í *Svartbók kommúnismans* í þessari ritröð. Sjá t. d. 77. bls, þar sem birt er símskeyti Leníns til framkvæmdanefndar verkamannaráðsins í Penza 10. ágúst 1918: „(1) Hengið (og ég á við opinberlega, svo að fólk sjái) að minnsta kosti 100 kúlakka [efnabændur], ríka þrjóta og kunnar blóðsugur. (2) Birtuð nöfn þeirra. (3) Gerið allt korn þeirra upptækt.“ Sbr. einnig *Lenín* e. Robert Conquest (London: Fontana/Collins, 1972). Nokkrir Íslendingar hittu Lenín. Heimshornaflakkarinn dr. Jón Stefánsson (1862–1952) sat með honum á Bretasafni, British Museum. „Hann yrði ekki á nokkurn mann, og enginn þorði að yrða á hann,“ sagði Jón. Einu samskipti þeirra voru, að eitt sinn missti Lenín blað, og tók Jón það upp og rétti honum, en Lenín sagði „Thanks“ með þýskum hreim. Jón Stefánsson, *Úti í heimi* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949), 77.–78. bls. Þeir Hendrik S. Ottósson og Brynjólfur Bjarnason hlustuðu á Lenín halda ræður á 2. þingi Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, í Moskvu 1920. Hendrik var fenginn til að gefa framkvæmdastjórn Kominterns skýrslu um Ísland. Þá greip Lenín fram í og sagðist vita af hernaðargildi landsins vegna kaþbáta og flugvéla. Hendrik S. Ottósson, *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1948), 230. bls. Brynjólfur Bjarnason kvaðst síðar

hafa hlýtt á fimm ræður Leníns á Komintern-þinginu, *Með storminn í fangið* (Reykjavík: Mál og menning, 1973), 283. bls. Það fær ekki staðist, því að hann var ekki kominn til þings, þegar Lenín flutti þrjár af þessum ræðum. Snorri G. Bergsson, *Róðinn í austri* (Reykjavík: Ugly, 2011), en endurskoðuð útgáfa þeirrar bókar verður í þessari ritröð. Íslenskir lærisveinar Leníns gáfu út þrjú verk hans hjá Heimskringlu á hundrað ára afmæli hans 1970, *Ríki og byltingu* (áður útg. 1938), *Hvað ber að gena?* og „*Vinstri róttækni*“: *barnasjúkdómar kommúnismans*, en áður hafði komið út *Heimsvaldastefnan: hæsta stig auðvaldsins* (Reykjavík: Heimskringla, 1961). Þeir gáfu einnig út *Endurminningar um Lenín* (Reykjavík: Heimskringla, 1970).

leppstjórnir kommúnista ... 7. bls. Sbr. Anne Applebaum, *Iron Curtain: The Crushing of Eastern Europe, 1944–1956* (London: Allen Lane, 2012). *Morgunblaðið* birti 25., 26. og 27. september 1947 skýrslu Ferencs Nagys (1903–1979), leiðtoga Smábændaflokks Ungverjaland og forsætisráðherra 1946–1947, um valdatöku kommúnista í heimalandi hans. Sérstaklega hafði þó valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu 1948 mikil áhrif á Vesturlöndum.

Sósíalistaflokkurinn ... 7. bls. Íslenskir kommúnistar störfuðu fyrst í Alþýðuflokknum, en stofnuðu haustið 1930 eigin kommúnistaflokk, og gekk hann strax í Alþjóðasamband kommúnista, Komintern, sem hafði aðsetur í Moskvu. Sameiningarflokkur alþýðu — Sósiálistaflokkurinn var stofnaður haustið 1938, eftir að kommúnistar höfðu fengið fyrirmæli frá Moskvu um að reyna samfylkingu með jafnaðarmönnum. Tókst þeim að fá í lið með sér nokkurn hóp úr Alþýðuflokknum undir forystu Héðins Valdimarssonar. Í hinum nýja flokki höfðu kommúnistar tögl og hagldir, þótt Héðinn væri kjörinn formaður hans. Héðinn gekk úr flokknum í árslok 1939 til að mótmæla fylgispækt annarra forystumanna hans við Kremhverja, og tók þá Einar Olgeirsson við formennsku og gegndi henni, uns flokkurinn var lagður niður 1968. Sósiálistaflokkurinn gerði kosningabandalag við Hannibal Valdimarsson og liðsmenn hans 1956, Alþýðubandalagið, og bauð ekki fram í eigin nafni eftir það. Var Alþýðubandalaginu breytt úr kosningabandalagi í stjórnmálaflokk 1968. Þótt Sósiálistaflokkurinn væri ekki í Alþjóðasambandi kommúnista eins og kommúnistaflokkurinn, höfðu forystumenn hans góð tengsl við kommúnistaflokka erlendis. Sjá Þór Whitehead, *Sovét-Ísland. Óskalandið* (Reykjavík: Ugly, 2010), og Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011).

Þáðu þeir ráð og fé ... 7. bls. Sósiálistaflokkurinn og hliðarsamtök hans nutu verulegs fjárstuðnings frá Moskvu, nálægt 30 millj. kr. árlega á núvirði (2017) mestalla sína starfstíð. Sjá Hannes H. Gissurarson, Hvers virði var Rússagullið? *Vísbanding*, 33. árg. 29. tbl. (2015), 3.–4. bls. Eignuðust samtök sósiálista fjögur stórhýsi í Reykjavík, Laugaveg 18, Þingholtsstræti 27, Skólavörðustíg 19 og Tjarnargötu 20, þótt flokksmenn væru ekki nema um 1.400 að jafnaði. Eru þau árið 2017 metin samtals á 1,1 milljarð kr. Svokallaður Sigfúsarsjóður hélt lengst af utan um eignir Sósiálistaflokksins, en eignir öflugustu hliðarsamtaka kommúnista og síðar sósiálista, bókafélagsins Máls og menningar, voru færðar yfir til Máls og mennings bókmenntafélags. Þessi félög, Sigfúsarsjóður og Mál og menning bókmenntafélag, starfa enn.

Einar Olgeirsson ... 7. bls. Hann (1902–1993) var af fátæku fólki kominn, en naut stuðnings efnaðs frænda til að ganga menntavegin. Hann stundaði nám í Þýskalandi 1921–1924, en lauk ekki prófi. Hann var fyrst kennari og blaðamaður á Akureyri og í Reykjavík, en helgaði síðan stjórnmálanum allt sitt líf, sat á þingi 1937–1967 fyrir kommúnistaflokkinn, síðan Sósiálistaflokkinn og loks Alþýðubandalagið og var formaður Sósiálistaflokksins 1939–1968. Einar hafði mikil tengsl við forystumenn kommúnistaflokka Ráðstjórnarríkjanna, Austur-

Þýskalands og Kína og dvaldi langdvölum í Rússlandi og Kína. Einnig gaf hann reglulega sendiherrum Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík leyniskýrslur um stjórn mála viðhorfið. Skv. skjölum í Moskvu virðast hann og Kristinn E. Andrússon, forstjóri Máls og menningar, einir hafa veitt viðtöku því mikla fé, sem Kremlverjar sendu hreyfingu sósíalista á Íslandi. Einar þvertók þó fyrir það í viðtali við *Dagblaðið* 14. desember 1979, að hann hefði tekið við einhverju fé frá Kremlverjum. Jón Guðnason sagnfræðingur skráði endurminningar Einars eftir sögn hans sjálfs, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* (Reykjavík: Mál og menning, 1980) og *Kraftaverk einnar kynslóðar* (Reykjavík: Mál og menning, 1983). Dóttir Einars, Sólveig, skrifaði einnig bók um hann, *Hugsjónaeld* (Reykjavík: Mál og menning, 2005).

á laun borði það undir Kremlverja ... 7. bls. Skv. dagbók Georgís Dímítrovs, trúnaðarmanns Stalíns og fyrrverandi forseta Alþjóðasambands kommúnista, gekk Einar á fund hans haustið 1945 og bað „um ráð um afstöðu flokksins og ríkisstjórnarinnar til stofnunar bandarískra herstöðva (flugvallar o. sv. frv.) til tjóns um sjálfstæði Íslands, svo og um íslensk flokksmálefni“. Þór Whitehead, *Sovét-Ísland: Óskalandið* (2010), 403. bls. Öðru vísi er frá þessu sagt í bók um tengsl Sósíalistaflokksins við Kremlverja, Jón Ólafsson, *Kæru félagar* (Reykjavík: Mál og menning, 1999), 141. bls.: „Ekki er ljóst af dagbókarfærslu Dimitrovs hvað þeim Einari fór á milli en þó hefur Einar rætt við hann um möguleika á viðskiptum landanna því að Dimitrov hefur skrifað hjá sér að Einar ætli sér næsta dag að hitta Anastas Mikojan, utanríkisviðskiptaráðherra.“ Hér er aðalatriðinu sleppt, að íslenskir sósíalistar báðu Kremlverja um leiðbeiningar um, hvernig þeir ættu að bregðast við herstöðvabeidni Bandaríkjamanna 1945. Niðurstaðan varð, að þeir fengu fyrirmæli frá Moskvu um að beita sér hart gegn henni.

leyniskólum í Moskvu ... 7. bls. Alls hlutu 23 Íslendingar, svo að vitað sé, byltingarþjálfun á vegum kommúnistaflokksins í leyniskólum Kominterns í Moskvu 1929–1937. Mynduðu þessir nemendur hinn harða kjarna kommúnistaflokksins og síðar Sósíalistaflokksins. Tveir settust á þing, Steingrímur Aðalsteinsson og Þóroddur Guðmundsson. Hallgrímur Hallgrímsson barðist í spænska borgarastríðinu. Ekki sneru nema tveir þessara manna síðar opinberlega baki við kommúnisma, þeir Stefán Þjetursson ritstjóri og Benjamín Eiríksson hagfræðingur. Jón Ólafsson segir í *Kæru félögum*, 52. bls.: „Það er ekki að sjá af þeim heimildum, sem aðgengilegar eru úr Norðurlandadeildum Lenínskólans og Vesturskólans, að sérstök áhersla hafi verið lögð á praktíska byltingarstarfsemi, svo sem njósnir, undirróður og hvers kyns moldvörpustarfsemi.“ Nægjar heimildir eru þó til um, að nemendur frá Norðurlöndum voru þjálfaðir í vopnaburði og þeim kenndur undirróður, enda var það beinlínis á stefnuskrá Kominterns. Til dæmis sögðust þeir Andrés Straumland (í dagbók sinni), Helgi Guðlaugsson (í samtölum við Ólaf Grím Björnsson) og Benjamín Eiríksson (í bókinni *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða*, Reykjavík: Bókafélagið, 1996) allir hafa fengið þjálfun í meðferð skotvopna. Einnig má m. a. nefna Niels Erik Rosenfeldt, *Verdensrevolutions generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (København: Gads forlag, 2011), 131. bls.: „Á námskrá voru meðal annars námskeið í marx-lenínisma, stjórn málahagfræði, þróun hinnar alþjóðlegu verkalyðshreyfingar og sögu Ráðstjórnarríkjanna og kommúnistaflokksins. En einnig voru haldnar skotæfingar og tilsögn veitt í notkun skotvopna, undirróðri, dulmálssendingum og vopnaðri skæruliðastarfsemi.“

fella bæjarstjórnarmeirihluta ... 7. bls. Geir Hallgrímsson, Bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1946, *Auðarbók Auðuns* (Reykjavík: Landssamband sjálfstæðiskvenna og Hvöt, 1981), 87.–96. bls.

Bjarna Benediktssonar ... 7. bls. Bjarni (1908–1970) varð lagaprófessor aðeins 24 ára að aldri. Hann settist í bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1934 og var borgarstjóri 1940–1947. Hann settist á þing 1942 og var utanríkis- og dómsmálaráðherra 1947–1953 og dóms- og menntamálaráðherra 1953–1956. Hann var ritstjóri *Morgunblaðsins* 1956–1959 og dóms-, heilbrigðis- og iðnaðarmálaráðherra 1959–1963, en síðan forsætisráðherra til dauðadags. Bjarni var einn harðskeyttasti andstæðingur kommúnista á Íslandi, enda beindu þeir mjög spjótum að honum. Hafði hann forystu um það, að Almenna bókafélagið var stofnað 1955 til mótvægis við umsvif kommúnista í íslensku menningarlífi. Eftir hann er ritgerðasafnið *Land og lýðveldi*, I.–III. b. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1965 og 1975). Sbr. einnig *Bjarni Benediktsson í augum samtíðarmanna* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1983).

Jónas H. Haralz ... 7. bls. Hann (1919–2012) lauk meistaraþrófi í hagfræði og skyldum greinum frá Stokkhólmsháskóla 1945 og var hagfræðingur hjá opinberum stofnunum 1945–1950. Hann sagði sig úr Sósíalístaflokknum 1950 og gerðist hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum í Washington-borg. Hann sneri heim 1957 og var ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum til 1961, var fyrst ráðuneytisstjóri og síðan forstöðumaður Efnahagsstofnunar 1961–1969, en bankastjóri Landsbankans 1969–1987. Hann gekk í Sjálfstæðisflokkinn 1973 og gerðist áhrifamikill talsmaður frjálshyggju, eins og sést á bók hans, *Velferðarriki á villigötum* (Reykjavík: Félag frjálsbyggjumanna, 1981).

átt í ritdeilu við Ólaf Björnsson ... 7. bls. Ólafur (1912–1999) lauk hagfræðiþrófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1938, starfaði á Hagstofunni í nokkur ár, en gerðist kennari í Viðskiptaháskólanum, sem var síðar viðskiptadeild Háskóla Íslands. Hann var prófessor frá 1948 og þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1956–1971. Skrifaði hann fjölda bóka um hagfræði, þ. á m. *Einstaklingsfrelsi og hagskipulag* (Reykjavík: Félag frjálsbyggjumanna, 1982) og var eindreginn stuðningsmaður frjálsrar verslunar. Æviágrip hans e. Hannes H. Gissurarson birtist í *Andvara*, 141. árg. (2016), 11.–74. bls. Segir þar nánar frá ritdeilu þeirra Jónasar.

Nú tók Jónas að sér ... 7. bls. Jónas H. Haralz, Hið nýja met Morgunblaðsins í siðlausri blaðamennsku: Falsspámaðurinn Koestler afhjúpaður, *Þjóðviljinn* 6. janúar 1946.

Denis N. Pritt ... 7. bls. Hann (1887–1972) var breskur málflutningsmaður, sem settist á þing fyrir Verkamannaflokkinn 1934, en var rekinn var úr honum 1940 fyrir stuðning sinn við árás Ráðstjórnarríkjanna á Finnland. Eftir það var hann óháður þingmaður, en tapaði sæti sínu í þingkosningunum 1950. Hann hlaut Stálfínverðlaunin 1954. George Orwell taldi hann einn skilvirkasta talsmann Kremlverja á Bretlandi.

langri grein ... 8. bls. V[altýr] St[efánsson], Greinarkorn um ungan mann, *Morgunblaðið* 9. janúar 1946.

Þjóðviljinn skrifaði ... 8. bls. Kosningarabb, *Þjóðviljinn* 12. janúar 1946.

Nýja menningu ... 8. bls. Í þessu blaði var m. a. gefið í skyn, Kynvillingur höfuðspámaður Morgunblaðsins? *Ný menning* (1946), 8. bls., að Koestler gældi við „kynvillu“ eins og það var kallað á þeirri tíð, vegna þess að hann hafði látið þess getið, að margir snjallir listamenn hefðu verið samkynhneigðir, sjá hér 49. bls.

Jóhannes úr Kötlum ... 8. bls. Jóhannes Bjarni Jónasson (1899–1972) var eitt virkasta og

kunnasta skáld íslenskra kommúnista og orti hin frægu vísuorð: „Sovét-Ísland, óskalandið, hvenær kemur þú?“ Hann sat um skeið á þingi fyrir Sósíalístaflökkinn.

kallaður „fasistaþjónn“ ... 8. bls. Rússlandsnið í staðinn fyrir bæjarmálaumræður, *Ný menning* (1946), 1. bls.

sagði *Þjóðviljinn* ... 8. bls. Kosningaúrslitin (leiðari), *Þjóðviljinn* 29. janúar 1946.

Zeevs Jabotinskys ... 8. bls. Hann (1880–1940) fæddist og ólst upp í Odessa í Úkraínu og gerðist snemma ákafur sionisti. Hann fluttist 1908 til Miklagarðs (Istanbul) í Tyrkjaveldi, og í fyrri heimsstyrjöld skipulagði hann sérstaka gyðingasveit í Bretaher, sem berjast skyldi gegn Tyrkjum, en þeir réðu þá Gyðingalandi eða Palestínu. Eftir styrjöldina varð hann leiðtogi hægrí-síonista í Palestínu, sem Bretar stjórnuðu í umboði Þjóðabandalagsins. Eftir ferð til útlanda 1930 var honum bannað að snúa aftur til Palestínu. Hann varð bráðkvaddur í ferð um Bandaríkin 1940. Ísraelski stjórn málaflökkurinn Likud og forverar hans, Irgun og Herut, styðjast við hugmyndir Jabotinskys.

Willi Münzenberg ... 8. bls. Hann (1889–1940) var þýskur kommúnisti og fyrsti forseti Alþjóðasambands ungra kommúnista 1919–1920. Hann varð óopinber áróðursstjóri hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar og setti upp ýmis hliðarsamtök hennar, til dæmis Alþjóðasamhjálp verkalýðsins, ASV (á þýsku IAH), og Alþjóðanefndina gegn stríði og fasisma, og teygðu þessi samtök sig bæði út til Íslands. Koestler segir talsvert frá Münzenberg í bókinni *Gudinum sem brást* (Reykjavík: Stuðlaberg 1950), en hún kemur út í þessari ritröð. Sambýliskona Münzenbergs, Babette Groß, var systir Margarete Buber-Neumanns, sambýliskonu Heinz Neumanns, sem handtekinn var og skotin í hreinsunum Stalíns. Margarete sat í þrælubúðum Stalíns, uns hann afhenti hana og aðra þýska kommúnista Hitler, eftir að alræðisherrarnir tveir skiptu á milli sín Mið- og Austur-Evrópu með sáttmálanum í Moskvu í ágúst 1939. Í þessari ritröð kemur út eftir hana minningabókin *Konur í einræðisklóm*. Münzenberg féll úr náðinni hjá Stalín 1936 og neitaði að hlýða fyrirmælum um að fara til Moskvu. Hann var líklega myrtur af flugumönnum ráðstjórnarinnar, þegar hann var á flotta undan nasistum úti í skóg í Suðaustur-Fraklandi 1940. Sjá nánar um Münzenberg Sean McMeekin, *The Red Millionaire: A Political Biography of Willi Münzenberg, Moscow's Secret Propaganda Tsar in the West, 1917–1940* (New Haven, CT: Yale University Press, 2004).

Alþjóðasambands kommúnista ... 8. bls. Komintern, Alþjóðasamband kommúnista, oft nefnt 3. alþjóðasambandið, starfaði í Moskvu 1919–1943. Brynjólfur Bjarnason og Hendrik S. Ottósson sóttu 2. þing þess 1920, Ólafur Friðriksson 3. og 4. þingið 1921 og 1922, Brynjólfur Bjarnason 5. þingið 1924 og Einar Olgeirsson og Haukur S. Björnsson 6. þingið 1928. Nokkrir erindrekar Kominterns komu til Íslands, Olav Vegheim 1924, Hugo Sillén 1928 og 1930, Haavard Langseth 1930, Harry Levin 1930 og Willi Mielenz 1932. Kona Hugos, Signe Sillén, var flugumaður GRÚ, leyniþjónustu Rauða hersins, og sá jafnan um að greiða íslenskum kommúnistum út styrki. Við inngöngu í Komintern 1930 samþykkti kommúnistaflokkurinn öll inntökuskilyrði þess, þar á meðal um að stofna neðanjarðarsamtök, sem yrðu reidubúin að hrfisa völd, gæfist á því færi (3. skilyrðið). Þeir Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson sóttu 7. þing Kominterns 1935. Eggert Þorbjarnarson (1911–1989) var í byltingarþjálfun í Moskvu 1931–1933 og starfsmaður Kominterns 1934–1937. Hann var fyrsti forseti Æskulýðsfylkingarinnar, ungliðahreyfingar sósíalista, 1938–1942 og einn forsprakki andófs gegn breska hernámsliðinu 1941 (á meðan Stalín var enn bandamaður

Hitlers) og sat þá um skeið í fangelsi fyrir að dreifa bæklingi, þar sem breskir hermenn voru hvattir til að óhlyðnast yfirmönnum sínum (dreifibréfsmálið). Hann var framkvæmdastjóri Sósíalístaflokksins 1943–1957.

Brynjólf Bjarnason ... 8. bls. Brynjólfur B. (1898–1989) var af fátæku fólki kominn, en naut stuðnings efnads vinafólks móður sinnar til að ganga menntaveginum. Brynjólfur stundaði nám í Danmörku og Þýskalandi 1918–1924, en lauk ekki prófi. Hann vann fyrir sér með kennslu og blaðamennsku, uns hann gerðist stjórnmálamaður í fullu starfi. Hann var formaður kommúnístaflokksins alla tíð, frá 1930 til 1938, og þingmaður hans og Sósíalístaflokksins 1937–1956. Brynjólfur var menntamálaráðherra 1944–1947. Þeir Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, voru samstúdentar. Þegar Brynjólfur var boðað í þrjátíu ára stúdentsfagnað 1948, afþakkaði hann með þeim rökum, að hann gæti ekki setið veislur með mönnum, sem hann teldi verðskulda að vera teknir af lífi, og átti við Stefán Jóhann. Sjá Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, 226. bls. Einar Ólafsson færði í letur viðtöl við hann, *Brynjólfur Bjarnason: Pólitísk ævisaga* (Reykjavík: Mál og menning, 1989). Einnig hefur komið út greinasafn e. hann, *Með storminn í fangið*, 1.–3. b. (Reykjavík: Mál og menning, 1973–1982).

Hendrik S. Ottósson ... 8. bls. Hann (1897–1966) var blaðamaður, rithöfundur og kommúnísti. Starfaði hann lengst af sem fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Eftir hann eru minningabækurnar *Frá Hliðarhúsum til Bjarmalands* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1948), m. a. um Rússlandsför þeirra Brynjólfs Bjarnasonar 1920, og *Vegamót og vopnagnýr* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1951), m. a. um Drengsmálið svonefnda 1921, er kommúnistar hugðust óhlyðnast heilbrigðisyfirvöldum, sem mæltu fyrir um brottflutning erlends drengs með smitsjúkdóm. Hendrik samdi einnig vinsælar unglíngabækur.

Haldóri Laxness ... 8. bls. Laxness ferðaðist um suma sömu staðina og Koestler, og er fróðlegt að bera saman lýsingar þeirra, *Í austurvegi* annars vegar og kafli Koestlers í *Gudinn sem brást* hins vegar.

spænska borgarastríðið ... 8. bls. Það stóð frá sumri 1936 fram á útmánuði 1939. Eftirmæli um það eru misjöfn. Báru Franco og aðrir herforingjar óskipta ábyrgð á stríðinu, eða mátti rekja það til fyrirætlanu spænsku vinstri stjórnarinnar, sem unnið hafði nauman sigur í þingkosningum 1936, um að gera án ótvíræðs umboðs róttækar breytingar? Hallaðist eitthvað á í stríðinu um voðaverk milli þjóðernissinna og lýðveldissinna? Var Franco sannfærður fasísti sjálfur eða stjórnlyndur afurhaldsmaður, sem studdist við fasista? Reynt er að gæta sanngírni í bókum tveggja virtra sagnfræðinga um borgarastríðið, *The Spanish Civil War* (New York: Modern Library, endursk. útg. 2001) eftir Hugh Thomas og *The Spanish Civil War* (Cambridge: Cambridge University Press, 2012) eftir Stanley Payne. Hins vegar skrifar Paul Preston í sama anda og heitustu stuðningsmenn lýðveldisins, t. d. í *Franco: a Biography* (London: Fontana, 1995). Gagnrýnir hann m. a. skrif Georges Orwells um stríðið. Svipaða afstöðu til stríðsins og Preston hefur Antony Beevor, en ein bók hans um það hefur komið út á íslensku, *Orrustan um Spán: spænska borgarastyrjöldin 1936–1939* (Reykjavík: Hólar, 2009). Á hinn bóginn heldur spænski rithöfundurinn Pio Moa því fram, að Franco hafi bjargað Spánverjum frá alræði kommúnista, sjá *Los mitos de la Guerra Civil* (Madrid: La Esfera de los Libros, 2003).

birti *Þjóðviljinn* fregnir ... 9. bls. Franco verður að sleppa bráð sinni, *Þjóðviljinn* 13. mars

1937; Um víða veröld, *Þjóðviljinn* 8. maí 1937; Arthur Köstler, hinn heimsfrægi blaðamaður, sleppur úr klóm fasista, *Þjóðviljinn* 15. maí 1937.

Heimskringla, tilkynnti ... 9. bls. Bók um stríðið á Spáni boðin á íslensku, *Verkamaðurinn* 26. júní 1937. Kaflar úr henni birtust í *Rétti*, 22. árg (1937), 146.–158. og 186.–189. bls. Einnig birtust kaflar í *Þjóðviljanum* 30. júní og 1. júlí 1937.

Stalíns ... 9. bls. Josif Vissaríanovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann komst smám saman til æðstu valda í Kremllkastala árin eftir valdarán bolsévika 7. nóvember 1917 og hélt þeim til dauðadags. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfarir í ríki hans í Stéphan Courtois (ritstj.), *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), sem er endurútgefin í þessari ritröð, og í Edvard Radzínskij, *Stalín: Ævi og aldurtíli* (Selfoss: Sæmundur, 2017). Íslenskir kommúnistar gáfu út lofsamlegar ævisögur Stalíns, *Bóndinn í Kremli* e. Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* e. breska kommúnistann J. T. Murphy í þýð. Sverris Kristjánssonar (Reykjavík: Kristján Júlíusson, 1975). Einnig hefur bók e. dóttur Stalíns komið út á íslensku, Svetlana Allilújeva, *Endurminningar: 20 bréf til vinar* (Reykjavík: Fífill, 1967). Þá er kafla um Stalín í bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjórna* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015). Ein læsilegasta bókin á ensku um Stalín er Simon Sebag Montefiore, *Stalín: The Court of the Red Tsar* (New York: Knopf, 2004), og stýðst hún við ýmsar áður ónotaðar heimildir. Önnur sérhæfari bók Montefiores um Stalín hefur komið út á íslensku, *Stalín ungi* (Reykjavík: Skrudda, 2009). Á ensku má nefna tvær eldri bækur, Milovan Djilas, *Conversations with Stalin* (New York: Harcourt, Brace & World, 1962) og Robert Conquest, *Stalín: Breaker of Nations* (London: Weidenfeld & Nicholson, 1991). Á dönsku er m. a. til Bent Jensen, *Stalín* (København: Gyldendal, 2005). Þar eru því gerð góð skil, hvernig stalínismi var rökrétt framhald af lenínisma. Um stalínisma má lesa í Robert Conquest, *The Great Terror: A Reassessment* (London: Pimlico, 1994), Anne Applebaum, *Gulag: A History of the Soviet Camps* (London: Penguin, 2004), og Timothy Snyder, *Bloodlands: Europe between Hitler and Stalin* (New York: Basic Books, 2012). Nokkur rit fórnarlamba Stalíns komu á sínum tíma út á íslensku, og eru þau endurútgefin í þessari ritröð: Þjónusta, þrælum, flótti e. Aatami Kuortti, *Konur í þrælakistum Stalíns* e. Elinor Lipper og Aino Kuusinen, *Bóndinn, El Campesino* e. Valentín Gonzáles, *Konur í einræðisklóm* e. Margarete Buber-Neumann og Nýtsamur sakleysingi e. Otto Larsen. Á ensku má nefna *The Gulag Archipelago* e. Aleksandr Solzhenitsyn, 1.–3. b. (London: Collins/Fontana, 1973–1978) og *Hope Against Hope* e. Nadezhda Mandelstam (New York: Atheneum, 1970).

Myrkur um miðjan dag ... 9. bls. *Darkness at Noon* (London: Macmillan, 1940) var frumsamin á þýsku, en kom löngu seinna út á þeirri tungu, *Sonnenfinsternis* (London: Hamish Hamilton, 1946). Enska titillinn valdi þýðandinn, þáverandi sambýliskona Koestlers, Daphne Hardy. Þar eð þýska frumhandritið var talið glatað, sneri höfundur henni aftur úr ensku. Eintak af frumhandritinu fannst hins vegar í skjalasafni í Zürich 2015. Franska þýðingin, *Le zero e l'infite* (Paris: Calmann-Lévy, 1945), vakti mikla athygli og umræður. Áræddi þýðandinn ekki að láta nafns síns getið vegna ofsa kommúnista. Þýtt viðtal birtist við Koestler í *Lesbók Morgunblaðsins* 11. október 1970, Arthur Köstler [svo] ígrundar framtíðina, en þýðandinn virðist ekki hafa vitað, að bókin hafði komið út á íslensku. Hann kallaði hana eftir frönsku þýðingunni „Núllið og óendanleikann“. Bókin kom út á mörgum öðrum málum, m. a. sænsku, *Natt klockan tolv på dagen* (Stockholm: Tiden, 1941), ítölsku, *Buio a mezzogiorno* (Milano: Arnoldo Mondadori Editore, 1946), dönsku, *Mørke midt paa dagen* (København:

Povl Branner, 1946), finnsku, *Pimeää keskellä päivää* (Helsinki: Tammi, 1958), og norsku, *Mørke midt på dagen* (Oslo: Gyldendal, 1965).

Jean-Paul Sartre ... 9. bls. Hann (1905–1980) lauk heimspekíprófi og samdi fjölda heimspekiritra og skáldverka. Mælti hann þar fyrir tilvístarspeki, en kjarni hennar er, að maðurinn sé dæmdur til frelsis, hann skapi sjálfan sig með gerðum sínum, en geti ekki reitt sig á nein æðri máttarvöld eða lögmál. Nokkur leikrita Sartres hafa verið flutt á Íslandi: *Í nafni velsæmisins*, La Putain respectueuse, í Ríkisútvarpinu 1949, *Flekkadár bendur*, Les Mains sales, í Þjóðleikhúsinu 1951, *Læstar dyr*, Huis clos, hjá leikfélaginu Grímu 1961 (aftur flutt í Ríkisútvarpinu í annarri þýð. sem *Lokadár dyr* 1988), *Fangarnir í Altona*, Les Séquestrés d'Altona, hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1964 og *Dauðir án grafar*, Morts sans sépulture, í Ríkisútvarpinu 2003. Einnig birtist kafli úr *Flugunum*, Les Mouches, í *Birtingi*, 2. árg. 3. hefti (1956), 16.–18. bls. Ein söguhetjan í *Föngunum* í *Altona* kallast Werner von Gerlach, sonur gamals nasista. Ef til vill sækir Sartre nafnið til Werners Gerlachs (1891–1963), sem var ræðismaður Þýskalands á Íslandi 1939–1940, en menningarfulltrúi í þýska sendiráðinu í París 1943–1944. Þau Sartre og lagskona hans, Simone de Beauvoir, heimsóttu Ísland í ágúst 1951, og kvað Sartre Egil Skallagrímsson hafa komist nálægt því að vera tilvístarspekingur, Existentialisminn vill, að menn séu eigin gæfusmiðir, *Morgunblaðið* 15. ágúst 1951 (viðtal). Í Kalda stríðinu tók Sartre frekar málstað Ráðstjórnarríkjanna en Bandaríkjanna, og slitnaði þess vegna upp úr vináttu hans við ýmsa andans menn Frakklands, t. d. Raymond Aron og Albert Camus. Sartre hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1964, en hafnaði þeim. Ellefu árum síðar hafði hann samband við Nóbelsstofnunina og spurðist fyrir um, hvort hann gæti þrátt fyrir þetta fengið verðlaunaféð, en stofnunin sýnaði um það, Lars Gyllenstein, *Minnen, bare minnen* (Stockholm: Bonnier, 2000), 282. bls. Eftir Sartre hafa komið út á ísl. skáldsagan *Teningunum er kastað*, Le jeux sont faits, þýð. Unnur Eiríksdóttir (Hafnarfirði: Snæfell, 1966), minningabókin *Orðin*, Les Mots, þýð. Sigurjón Halldórsson (Akureyri: Ararit, 1994), og heimspekiritið *Tilvistarstefnan er mannbyggja*, L'existentialisme est un humanisme, þýð. Páll Skúlason (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007).

Simone de Beauvoir ... 9. bls. Hún (1908–1986) lauk háskólaprófi í heimspeki, en taldi sig frekar rithöfund en heimspeking. Tvær smásögur hennar hafa verið fluttar í Ríkisútvarpinu, Tímamót, L'Âge de discrétion, þýð. Jórunn Tómasdóttir (1981), og Hægt andlát, Une mort très douce, þýð. Bryndís Schram (1980). Ein skáldsaga hennar hefur komið út á ísl., *Allir menn eru dauðlegir*, Tous les hommes sont mortels, þýð. Jón Óskar (Reykjavík: Ísafold, 1982). Kunnasta skáldverk de Beauvoirs er þó *Mandarínarnir*, Les Mandarins (Paris: Gallimard, 1954), þar sem hún lýsir m. a. ýmsum ástmönnum sínum undir dulnefnum. Fyrir bókina hlaut hún Goncourt-verðlaunin frönsku og hafnaði þeim ekki eins og Sartre Nóbelsverðlaununum tíu árum síðar. Hún þáði einnig Sonning-verðlaunin dönsku 1983 fyrir framlag sitt til evrópskrar menningar. Kunnasta heimspekirit de Beauvoirs er *Hitt kynið*, Le Deuxième Sexe (Paris: Gallimard 1949). Kaflar úr því birtust á ísl. í greinasafninu *Simone de Beauvoir: Heimspekingur, rithöfundur, feministi* (Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvennáfræðum og Háskólaútgáfan, 1999). De Beauvoir var röttækur kvenfrelsisinni. Í samtali de Beauvoirs og bandaríska kvenréttindafrömuðarins Bettyar Friedans, sem birtist í *Rétti*, 61. árg. 1. hefti (1978), 46.–63. bls., kvaðst de Beauvoir vilja taka af konum frelsið til að helga sig því hlutverki að vera móðir og húsmóðir, eftir að Friedan hafði stungið upp á því að meta frekar þetta hlutverk fjárhagslega, t. d. með því að greiða sömu upphæð úr opinberum sjóðum fyrir að hafa barn í heimili og á opinberu barnaheimili. De Beauvoir sagði, 55. bls.: „Nei, það er skoðun okkar, að ekki sé rétt að setja neinni konu þessa valkosti. Engin kona ætti að hafa

eindregna heimild, nánast löggilding, til þess að vera heima við í því skyni að ala upp börn sín. Þjóðfélagið ætti að vera allt öðru vísi. Konur ættu ekki að eiga slíkt val beinlínis vegna þess, að sé slíkur valkostur fyrir hendi, er hætt við því, að allt of margar konur taki einmitt hann. Þetta er ein leiðin til að þvinga konur inn á vissa braut.“ De Beauvoir var í föstu, en opnu sambandi við Jean-Paul Sartre frá 1929 til dauðadags og sengaði með mörgum öðrum en honum og Koestler, þ. á m. bandaríska rithöfundinum Nelson Algren (1909–1981). Hún var tvíkynhneigið og flekaði ýmsar námsmeyjar sínar, sumar undir lögdaldi, og leiddi einhverjar þeirra líka í rekkju Sartres. Ein mærin, Bianca Lamblin, rakti í *Minningum hálfvruflaðnar yngismeyjar*, Mémoires d'une jeune fille dérangée (Paris: GF - Livre de Poche, 1994), hvernig de Beauvoir hefði misnotað sig, þegar hún kenndi henni í menntaskóla. Móðir annarrar námsmeyjar, Natalie Sorokin, kærði de Beauvoir fyrir að misnota dóttur sína. Eftir kæruna var de Beauvoir vikið úr kennarastarfi.

andkommúnisma ... 9. bls. Franski heimspekingurinn Maurice Merleau-Ponty (1908–1961) helgaði röksemdum Koestlers gegn kommúnisma heila bók, *Mannúðarstefna og ógnarstjórn*, Humanisme et terreur, essai sur le problème communiste (Paris: Gallimard, 1947). Hann spurði, hvort kommúnismi réttlætti ógnarstjórn, og svaraði játandi með fyrirvörum.

hafa átt þátt í því ... 9. bls. Þjóðaratkvæðagreiðslan var 5. maí 1946. Sjá m. a. Michael Scammel, *Koestler: The Literary and Political Odyssey of a Twentieth Century Skeptic* (New York: Random House, 2009), 289. bls. Um margt annað er hér líka stuðst við þá bók.

Alberts Camus ... 9. bls. Albert C. (1913–1960) var franskur rithöfundur, sem oft var talinn tilvistarpekingur eins og Jean-Paul Sartre (sjá aftanmálgreini hér á undan við sömu bls.), en neitaði því jafnan sjálfur. Hann fæddist og ólst upp í Alsír, sem þá var franskt yfirráðasvæði, en fluttist til Parísar 1943. Camus hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1957, aðeins 47 ára að aldri. Tvö leikrit hans hafa verið flutt á Íslandi, *Hinir réttlátu*, Les justes, í Ríkisútvarpinu 1954 og 1978 og *Misskilningurinn*, Le malentendu, í Ríkisútvarpinu 1958 og í annarri þýð. á sama vettvangi 2006. Á ísl. hafa komið út e. Camus skáldsögurnar *Plágan*, La Peste, þýð. Jón Óskar (Reykjavík: Heimskringla, 1954), *Fallið*, La Chute, þýð. Loftur Guðmundsson (Akureyri: Bókaforlag Odds Björnsson, 1961) og *Útlendingurinn*, L'Étranger, þýð. Bjarni Benediktsson frá Hofsteigi (Reykjavík: Menningarsjóður, 1961), einnig í þýð. Ásdísar R. Magnúsdóttur (Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, 2008) og safnrítið *Rangar og réttan – Brúðkaup – Sumar. Þrjú ritgerðasöfn*, þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014). Einnig birtust þrjár smásögur e. Camus í þýð. Jóns Óskars í *Nýju Helgafelli* 1959, Þöglir menn, Les muets, Gesturinn, L'Hôte, og Jónas eða listamaðurinn við vinnu sína, Jonas, ou l'artiste au travail.

Georges Orwells ... 10. bls. Enski rithöfundurinn Eric Blair (1903–1950) notaði höfundarnafnið George Orwell. Hann varð ungur eindreginn andstæðingur nýlendustefnu Breta og hinnar rígskorðuðu stéttaskiptingar í landi sínu. Smásagan „Þegar ég skaut fílinn“ birtist eftir hann í *Rauðum pennum*, 3. árg. (3: 1938), 44.–54. bls. Sbr. Hannes H. Gissurason, Þegar Orwell skaut fílinn, *Þjóðmál*, 7. árg. 1. hefti (2011), 49.–52. bls. Orwell gerðist sjálfboðaliði í lýðveldishernum spænska og særðist þar, en þegar hann varð vitni að ofsóknum kommúnista á hendur öðrum vinstri mönnum, aðallega stjórnleysingjum, verklyðssinum og trotskistum, snerist hann gegn þeim. Einnig blöskraði honum, hversu miklu var logið um stríðið. Þá brá svo við, að fyrri útgefandi hans, Victor Gollancz, vildi ekki gefa út bók hans um þátttökuna í Spánarstríðinu, *Katalónía hýllt*, *Homage to Catalonia*

(London: Secker & Warburg, 1938). Íslenskir kommúnistar hættu líka að þýða verk hans. Eftir reynsluna á Spáni skrifaði Orwell síðan dæmisöguna *Animal Farm* (London: Secker & Warburg, 1945). Var hún um dýrin, sem gerðu uppreisn gegn mönnum, en loks tóku svínin völdin: Nýr kúgari leysti hinn fyrri af hólmi. Duldist fáum, að sagan væri um byltingu bolsévika í Rússlandi og valdatöku Stalíns (félaga Napóleons). Orwell átti í erfiðleikum með að koma verkinu á prent. Victor Gollancz taldi það árás á Ráðstjórnarríkin, sem nú voru í bandalagi við Bretland og Bandaríkin. Bókmenntaráðunautur Faber & Faber, skáldið T. S. Eliot, réð líka frá útgáfu bókarinnar, enda þyrftu menn betri svín frekar en engin. Þegar Jonathan Cape hafði ákveðið að gefa bókina út, kom flugumaður Stalíns í breska upplýsingaráðuneytinu, Peter Smollett (réttu nafni Hans Peter Smolka, 1912–1980), í veg fyrir það. Bókin kom út á íslensku 1949 í þýð. Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi, en útgefandi var Lárus Jóhannesson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, sem rak Prentsmiðju Austurlands á Seyðisfirði. Nefndist hún *Félagi Napóleon* á íslensku. Orwell skrifaði aðra fræga stjórnmalaskáldsögu um kommúnisma, *Nineteen Eighty Four* (London: Secker & Warburg, 1949). Þar var lögð áhersla á tilraunir alræðisstjórna til að endurskapa mannlega vitund, ráðast inn í mannsálina, svipta fólk aðgangi að eigin sögu og tungu. Sú bók, *Nítján hundruð áttatíu og fjögur*, kom út 1951 í þýð. Hersteins Pálssonar og Thorolfs Smiths hjá Stuðlabergi, fyrirtæki nokkurra ungra baráttumanna gegn alræðisstefnu. *Félagi Napóleon* hefur verið endurútfékkinn undir nafninu *Dýrabær* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1985). Er af þeirri útgáfu orwellska sagna. Þorsteinn Gylfason, ritstjóri lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags, hafði beðið dr. Arnór Hannibalsson heimspekiþrófessor, sem hafði sérstaka þekkingu á og reynslu af alræði (eftir margra ára nám í Rússlandi kommúnismans), að skrifa formála að ritinu, en hafnaði honum, af því að Arnór leyfði sér þar að gagnrýna Stalínsþjónkun Halldórs Kiljans Laxness. Þá staðreynd átti að þurra burt. *Nítján hundruð áttatíu og fjögur* hefur komið út í annarri þýðingu, eftir Þórdísi Bachmann (Reykjavík: Ugly, 2015). Einnig hafa komið út á íslensku eftir Orwell æviskáldsagan *Í reiðuleysi í París og London* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005), greinasafnið *Stjórnmal og bókmenntir* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009) og nokkrar þýddar greinar aðrar.

hungursneyðinni í Úkraínu ... 10. bls. Vikið er m. a. að hungursneyðinni í þremur bókum í þessari ritröð, *Ég kaus frelsið* e. Víktor Kravtsjenko, ritgerð Arthurs Koestlers í *Guðinn sem brást* og *Svarbók kommúnismans*, 8. kafla. Fyrst reyndu íslenskir kommúnistar og sósíalistar að afneita hungursneyðinni, síðan að gera lítið úr henni. Halldór K. Laxness vísaði á bug fréttum *Morgunblaðsins* af hungursneyðinni í Suður-Rússlandi og Úkraínu veturinn 1932–1933. Hefði hann verið þar á ferð um þær mundir, og hefði þetta verið „yndisleg húngrsneyð“. Rússland úr lofti, *Sovétvínurinn*, 2. árg. (5. september 1934), 4.–5. bls. Sigurður Ragnarsson segir í kennslubók í sögu, *Nýjum tímum* (Reykjavík: Mál og menning, 2006), 227. bls.: „Þegar Stalín hafði öðlast óskoruð völd árið 1928 hófst hann handa um stórfellda iðnvæðingu á grundvelli svokallaðra fimm ára áætlaða, jafnframt því sem komið var á samyrkjubúskap í landbúnaði. Samyrkjustefnan var framkvæmd í *ópökk mikils hluta bænda* [leturbr. hér] og bitnaði það á landbúnaðarframleiðslunni. Iðnaðarframleiðsla jókst hins vegar hröðum skrefum næsta áratuginn, uns svo var komið árið 1940 að Sovétríkin töldust annað mesta iðnveldi heims. Þessi árangur vakti mikla athygli umheimsins, enda var heimskreppan mikla í algleymingi.“ Þótt Sigurður minnst ekki einu orði á hungursneyðina miklu eða stórfellda nauðungarflutninga bænda, eyðir hann tíu línur á 268. bls. í að hneykslast á herferð bandaríska öldungadeildarþingmannsins Josephs McCarthys gegn kommúnistum, sem kostaði ekki eitt einasta mannlíf, þótt sumir misstu störf sín. Eins og Sigurður segir, var vissulega talsverður hagvöxtur í Ráðstjórnarríkjunum 1928–1940. En sá hagvöxtur skilaði

sér lítt í bættum lífskjörum almennings, heldur var hann fólgin í upphleðslu fjármagns, t. d. í hergagnaiðnaði. Þörfum valdastéttarinnar var fullnægt, ekki almennings. Framfarir voru jafnörar í Bandaríkjunum á svipuðu þróunarstigi og í Ráðstjórnarríkjunum, en án stórkostlegra mannfórna. Árið 1928 var VLF, verg landsframleiðsla, á mann í Ráðstjórnarríkjunum \$1.370 (í 1990 Geary-Khamis dölum), og árið 1940 var hún komin upp í \$2.144. Á þrettán árum hafði hún aukist um \$774 á mann. Sambærilegt tímabil er 1876–1888 í Bandaríkjunum (tölf árum eftir borgarastríð). Árið 1876 var VLF á mann þar \$2.570, og árið 1888 var hún komin upp í \$3.282. Á þrettán árum hafði hún aukist um \$712 á mann, svipað og í Ráðstjórnarríkjunum. (Raunar má finna tímabil í Bandaríkjunum, þar sem vöxturinn var enn hraðari: Til dæmis var VLF á mann í Bandaríkjunum árið 1894 \$3.314, en árið 1906 \$5.079, sem var aukning um \$1.765 á þrettán árum.) Þótt stjórnarfar væri vissulega ekki fullkomið í Bandaríkjunum, voru andstæðingar stjórnvalda ekki teknir af lífi milljónum saman, sveltir til bana eða sendir í þrælkunarbúðir. Öðru nær: Tugmilljónir örsnaudra innflytjenda brutust þar til bjargálna. Niðurstaðan er síðan skýr. Árið 1990, síðasta heila árið, áður en Ráðstjórnarríkin hrundu, var VLF á mann þar \$6.890, en í Bandaríkjunum nær fjórum sinnum meiri, \$23.201. (Tölur eru allar frá The Maddison-Project, <http://www.ggdc.net/maddison/maddison-project/home.htm>, 2013 version.)

sýndarréttarhöldunum ... 10. bls. Íslenskir kommúnistar héldu því fram, að sýndarréttarhöld Stalíns, sem fóru reglulega fram á fjórða áratug, hefðu verið eðlileg og nauðsynleg. Sjá m. a. Hauk S. Björnsson, Skemmdarstarf enskra verkfræðinga á Sovét-Rússlandi, *Verklýðsblaðið* 19. apríl 1933; Gunnar Benediktsson, *Frá hugsjónum til hermdarverka* (Reykjavík: útg. höf., 1937), og Kristín E. Andrésón, Dauðadómarinn í Rússlandi og afstaða dagblaðanna hérna, *Verklýðsblaðið* 31. ágúst 1936. Kristinn sagði m. a.: „Það er að visu andstyggilegt, en þó skiljanlegt, að þýin við íhaldsblöðin hérna fyllist samúð með þessum fjandmönnum alþýðunnar í Rússlandi. Allt þetta dót er af einum og sama anda. Öll starfsemi þessa hyskis beinist að því einu að vinna alþýðunni og hugsjónum hennar um frelsi og mannúð allt það tjón, sem það getur.“ Sjá einnig Halldór K. Laxness, Lykillinn að málaferlunum í Moskvu, *Rettur* (22. árg (1: mars 1937), 37.–41. bls. Halldór var viðstaddur réttarhöldin yfir Búkharín og félögum hans í mars 1938 og lýsti þeim í *Gerska afintýrinu* (Reykjavík: Heimskringla, 1938), sbr. aftanmálsg. um Búkharín við 29. bls.

fjöldaflutninga ... 10. bls. Sjá m. a. *Svarbók kommúnismans*, 217.–227. bls. Skv. einu yfirliti var fjöldinn í þjóðflokkaflutningum um 1,8 milljón manns, sem skiptist svo: Finnar 90 þús.; Þjóðverjar 750 þús.; Kalmykar 90 þús.; Karatsjar 70 þús.; Tsjetsjenar 390 þús.; Ingúshar 90 þús.; Balkarar 40 þús.; Krím-Tatarar 185 þús.; Krím-Grikkir 15 þús.; Meskhetískir Tyrkir, Kúrdar, Khemsínar 95 þús. J. Otto Pohl, *Ethnic Cleansing In The USSR, 1937-1949* (Westport CT: Greenwood Press, 1999), Tafla 1.1. Eru þá ótaldir aðrir hópar, t. d. frammámenn eða hugsanlegir andstæðingar kommúnista í Póllandi og Eystrasaltslöndunum. Til samanburðar má nefna, að Íslendingar voru 120 þús. árið 1940.

eftir gríðasáttmálann ... 10. bls. Stalín og Hitler gerðu með sér gríðasáttmála 23. ágúst 1939, sem undirritaður var í Moskvu af utanríkisráðherrum Ráðstjórnarríkjanna og Pýskalands, Molotov og Joachim von Ribbentrop. Með honum gerði Stalín Hitler kleift að ráðast inn í Pólland og hleypti þannig af stað heimsstyrjöldinni síðari. Þeir Stalín og Hitler voru bandamenn fyrstu tuttugu mánuði styrjaldarinnar, uns Hitler rauf sáttmálann og réðst á Ráðstjórnarríkin 22. júní 1941. Í leynilegum viðbótarákvæðum gríðasáttmálsins skiptu Hitler og Stalín með sér Mið- og Austur-Evrópu. Stalín skyldi fá Finnland, Eistland, Lettland,

austurhluta Póllands og Moldovu, en Hitler vesturhluta Póllands og Litáen. Seinna breyttu þeir samkomulagi sínu svo, að Stalín fékk líka Litáen, en Hitler stærrí sneið af Póllandi. Í samræmi við sáttmálann réðst Hitler að vestan inn í Pólland 1. september 1939, en Stalín að austan 17. september. Griðasáttmálinn olli uppnámi á Íslandi eins og annars staðar, þótt Íslendingum væri þá ekki frekar en flestum öðrum kunnugt um hin leynilegu ákvæði hans. Þórbergur Þórðarson hafði eftir árás Hitlers á Pólland sagst hengja sig, ef Stalín færi líka inn í Pólland (í samtali við dr. Guðmund Finnbogason landsbókavörð á Hótel Borg 13. september). Þegar Þórbergur var minntur opinberlega á þessa yfirlýsingu, kvæðst hann aðeins hafa sagst hengja sig, færi Stalín í stríðið með Hitler. Í samræmi við griðasáttmálann réðst Stalín líka á Finnland og kúgaði undir sig Eystrasaltslöndin. Evrópuráðið hefur gert 23. ágúst að minningardegi fórnarlamba alræðisstefnunnar í Evrópu, nasisma og kommúnisma.

Hitler ... 10. bls. Adolf Hitler (1889–1945) var frá Austurríki, en barðist í þýska hernum í fyrri heimsstyrjöld. Seinna kvæðst hann hafa orðið fyrir sinnepsgasárás Breta 1918 og því blindast tímabundið. En þýskur taugalæknir af gyðingaættum, sem flýði til Íslands, Karl Kroner, hélt því fram, að hann hefði orðið fyrir taugaáfalli og því blindast um skeið. Eftir stríð gekk Hitler í Hinn þjóðernissósíalíska þýska verkamannaflokk Þýskalands (Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei), nasistaflokkinn, og varð skjótt foringi hans. Stefna flokksins var blanda úr sósíalisma, þjóðernisstefnu og gyðingahatri. Var hann afar andsnúinn frjálshyggju og „stórauðvaldi“ annars vegar og „gyðinglegum bolsévisma“ hins vegar. Hitler varð kanslari Þýskalands í janúar 1933 og tók sér brátt einræðisvald, en stytta sér aldur í rústum Berlínar í stríðslok 1945. Hann er með samstarfsmönnum sínum talinn bera ábyrgð á mörðum um sex milljóna gyðinga í Helförinni. Sbr. Boga Þór Arnason, *Barnið sem varð að harðstjóra: saga helstu einræðisherra 20. aldar* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015), þar sem er kafla um Hitler. Einnig má nefna *Hitler talar* eftir Hermann Rauschning (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940). Þar er sjónarmiðum Hitlers skilmerkilega lýst, þótt ýmsir efast um, að Hitler hafi sagt allt það sjálfur við Rauschning, sem haft er eftir honum. Sjá einnig Konrad Heiden, *Ævi Adolfs Hitlers: saga ábyrgðarlausnar aldar* (Reykjavík, Víkingsútgáfan, 1943). Allir voru þeir Rauschning, Brecht og Heiden andvígir Hitler, og komu verk þeirra út, áður en hann hleypti af stað heimsstyrjöld og Helförinni. Sjá enn fremur m. a. Þorstein Thorarensen, *Að betjuböllum. Saga Adolfs Hitlers: uppruni hans, æska og fyrstu baráttuár* (Reykjavík: Fjölvi, 1969), Hugh Trevor-Roper, *Síðustu daga Hitlers* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972) og Traudl Junge, *Til hinstu stundar: einkaritari Hitlers segir frá* (Seltjarnarnes: PP forlag, 2004).

nægri þekkingu eða kunnáttu ... 11. bls. Sjá m. a. Ludwig von Mises, *Die Gemeinwirtschaft* (Jena: Gustav Fischer, 1922); F. A. Hayek (ritstj.), *Collectivist Economic Planning* (London: Routledge and Kegan Paul, 1935).

Sonning-verðlaunin ... 12. bls. Þau eru kennd við danska blaðamanninn og rithöfundinn Carl Johan Sonning (1879–1937). Þeim var fyrst úthlutað 1950. Það var kaldhæðni órlaganna, að rektor Kaupmannahafnarháskóla, Mogens Fog (1904–1990), læknisfræðiprófessor og gamall kommúnisti, afhenti Koestler verðlaunin. Opinberlega hafði Fog röksum tuttugu árum áður veist harkalega að þremur andkommúnistum, þeim Jan Valtin (Richard Krebs), Víktor Kravtsjenko og Koestler, sem hann taldi segja ósatt um heimskommúnismann af ráðnum hug. Henrik Gade Jensen, Arthur Koestler og trykkefriheden, trykkefrihed.dk.

ekki þótt nærgætinn ... 12. bls. David Cesarani, *The Homeless Mind* (New York: The

Free Press, 1999), 399. bls., heldur því fram, að árið 1952 hafi Koestler nauðgað bresku kvikmyndagerðarkonunni Jill Craigie (1911–1999), eiginkonu leiðtoga Verkamannaflokksins, Michael Foot. Aðrir, þ. á m. Michael Scammel, ævisöguritari Koestlers, efast um sannleiksgildi þessarar ásökunar, sem Craigie setti fram mörgum áratugum síðar í kvöldverðarboði.

kom til Íslands ... 12. bls. David Pryce-Jones, Arthur Koestler í Reykjavík, *Morgunblaðið* 12. október 1983.

mótfallnir öllum umbóta tilraunum ... 14. bls. Gott dæmi er, þegar hungursneyð geisaði í Mið-Rússlandi 1891. Lenín bjó þá í Samara. Hann var eini menntamaðurinn á svæðinu, sem vildi ekki aðstoð við hungraða. Einn samherji hans skrifaði: „Vladímír Íljítsj Úljanov hafði hugrekki til að segja opinberlega, að hungursneyð hefði margvíslegar jákvæðar afleiðingar, einkum til að skapa öreigalýð, sem myndi taka völdin af borgarastéttinni.“ *Svartbók kommúnismans* (2009), 126. bls. Af sama meði var andstaða Halldórs K. Laxness við umbóta tillögur Beveridges lávarðar hins breska. Þegar bók Beveridges, *Traustir hornsteinar*, kom út á íslensku (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1944), skrifaði Laxness skammagrein um hana, *Veikar stoðir, Þjóðviljinn* 10. febrúar 1944: Hugmyndir Beveridges miðuðu aðeins að því „að tryggja auðvaldsþjóðfélagið fyrir óeirðum og byltingarhættu“.

Daily Mail ... 15. bls. Það er breskt götublað, mjög andsnúið vinstri mönnum.

óþíum fólksins ... 15. bls. Koestler vitnar hér í fræg ummæli Karls Marx um trúarbrögðin, *Zur Kritik der Hegelschen Rechtsphilosophie. Einleitung, Werke*, 1. b. (Berlin: Dietz, 1956), 378. bls. *Æskuverk*, þýð. Ottó Másson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011), 210. bls.

rækilega undirbúinn pílagrímur ... 15. bls. Einn furðulegasti þátturinn í sögu hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar var skipulagðar pílagrímsferðir til kommúnistaríkjanna. Samuel Hollander, *Political pilgrims: travels of western intellectuals to the Soviet Union, China, and Cuba, 1928-1978* (Lanham: University Press of America, 1990). Íslenskir kommúnistar skrifuðu ófáar frásagnir af ferðum sínum til fyrirheitnu landanna svipaðar þeim, sem Hollander greinir, m. a. Þórbergur Þórðarson, *Rauða hættan* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1935), Halldór K. Laxness, *Í austurvegi* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1933) og *Gerska æfintýrið* (1938), Kristinn E. Andrésson, *Frá Reykjavík til Odessa* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1934) og *Byr undir vængjum* (Reykjavík: Heimskringla, 1959). Lengst gekk e. t. v. ferðasaga Áskels Snorrasonar, *Í landi lífsgleðinnar* (Reykjavík: MÍR, 1952). Í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1963) tók Laxness óbeint aftur margt af því, sem hann hafði sagt í ferðasögum sínum.

Trotskj ... 16. bls. Hann (1879–1940) hét upphaflega Lev Bronshtein og var af gyðingaættum. Hann stjórnaði Rauða hernum í borgarastriðinu rússneska 1918–1923 og gekk þá næstur Lenín að völdum í bolsévíkaflokknum. Meðal annars barði hann í mars 1921 niður uppreisn sjóliða og verkamanna í Kronstadt af hörku. Zinovjev og Kamenev gerðu bandalag við Stalín um að hrekja hann úr forystu flokksins að Lenín látnum. Hann var sviptur öllum trúnaðarstörfum 1927 og sendur í útleð 1929. Eftir dvöl í Tyrklandi, Frakklandi og Noregi fékk hann 1936 hæli í Mexíkó, en þar réð flugumaður Stalíns hann af dögum. Á íslensku hefur komið út e. Trotskj *Ævi mín*, þýð. Karl Ísfeld (Reykjavík: Steindórsprent, 1936).

Borkenau ... 16. bls. Franz B. (1900–1957) var þýskur kommúnisti, sem sneri baki við

kommúnismanum 1929 og samdi eftir það fjölda bóka um muninn á alræði og lýðræði. Hafði hann talsverð áhrif á George Orwell, Koestler og fleiri andstæðinga alræðis.

Gestapo ... 16. bls. Leynilögregla þýskra Þjóðernisjafnaðarmanna, nasista, hét *Geheime Staatspolizei*, Leynilega ríkislögreglan. Hún var stofnuð 1933 að frumkvæði Hermanns Görings, sem sameinaði í eitt ýmsar öryggisstofnanir Prússlands. Ári síðar var stjórn hennar falin yfirmanni *Schutzstaffel*, SS, Öryggisliðs nasista, Heinrich Himmler. Eftir það voru Gestapo og SS taldar systurstofnanir. Jan Valtin (Richard Krebs) lýsir vinnubrögðum Gestapo í *Úr álögum*, sem komið hefur út í þessari ritröð, en hann var gagnjósvari kommúnista í röðum Gestapo. Himmler lögreglustjóri hafði mikinn áhuga á Íslandi, eins og Þór Whitehead lýsir í *Íslandsævintýri Himmlers* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1988). Veitti „rannsóknarstofnun“ SS, Arfleifðin, *Ahnenerbe*, áhugasömum Þjóðverjum styrki til rannsókna á Íslandi, þ. á m. Bruno Schweizer og Bruno Kress, sem báðir kvæntust íslenskum konum. Ræðismaður Þjóðverja á Íslandi 1939–1940, dr. Werner Gerlach, var *Hauptstürmführer* í SS, en endaði feril sinn sem *Brigadeführer*. Herdómstóllinn í Nürnberg 1946 úrskurðaði, að Gestapo og SS teldust hvor tveggja glæpsamleg samtök.

OGPÚ ... 16. bls. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévikar leynilögreglu, sem fyrst var kölluð Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPÚ, og var deild í Þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Ráðherrar bolsévika nefndust í upphafi Þjóðfulltrúar, og Þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Leynilögreglan var endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Rauði herinn rak einnig leyniþjónustu, GRÚ. Eftir að Ráðstjórnarríkin stofnuðu sendiráð á Íslandi 1944, var jafnan a. m. k. einn leyniþjónustumaður þar hverju sinni, og er vitað um nöfn sumra þeirra. Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (2011). Njósnið ráðstjórnarmanna beindust þó frekar að bandarísku herstöðinni á Miðnesheiði en innanlandsmálum, enda var Ísland tiltölulega opið land og fátt um leyndarmál. Þess vegna voru jafnan fleiri njósnarar í sendiráðinu frá GRÚ en KGB.

Skólaspekin ... 17. bls. Með orðinu er venjulega átt við þá guðfræði og heimspeki, sem kennd var í háskólum miðalda og reist var á kenningum Aristótelesar og kirkjuféðranna. Stundum er orðið líka notað um þrætubókarlist.

síðgyðingsspekin ... 17. bls. Átt er við Talmúd, helgirit gyðinga, sem hefur að geyma samræður rabbína, gyðingapresta.

Ribbentrop ... 17. bls. Joachim von R. (1893–1946) var þýskur kaupsýslumaður, sendiherra í Lundúnum 1936–1938 og utanríkisráðherra frá 1938 til falls Nasista-Þýskalands. Hann var dæmdur til dauða af herdómstólnum í Nürnberg og hengdur.

Daily Worker ... 17. bls. Málagn bandaríska kommúnistaflokksins var gefið út í New York 1924–1958.

Laval ... 18. bls. Pierre L. (1883–1945) var franskur lögfræðingur og stjórnmalamaður, sem

gekk í Sósíalístaflökk lands síns 1903 og sat fyrir hann á þingi 1914–1919. Hann var aftur kjörinn á þing sem óháður sósíalisti 1924. Hann færðist smám saman í átt til afturhaldsstefnu og jafnvel fasisma og var þrisvar á fjórða áratug forsætisráðherra Frakklands í skammlífum samsteyputjórnnum. Hann var síðan forsætisráðherra 1942–1944 í Vichy-stjórninni, sem samdi við Hitler um skiptingu Frakklands í þýskt hernámssvæði í norðurhlutanum og franskt yfirráðasvæði í suðurhlutanum. Eftir stríð var hann dæmdur til dauða og tekinn af lífi fyrir samstarf við nasista.

Doriot ... 18. bls. Jacques D. (1898–1945) gekk í franska kommúnistaflokkinn 1920 og komst þar til áhrifa. Hann sat í framkvæmdanefnd Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, frá 1922, en var rekinn úr samtökum kommúnista 1934 fyrir að mæla með samfylkingu með jafnaðarmönnum, þótt skömmu síðar tækju raunar kommúnistar upp þá stefnu. Doriot stofnaði þá flokk Þjóðernissinnaðra sósíalista, sem leitaði um fyrimyndir til Þýskalands Hitlers og Ítalíu Mússólínis og varð brátt hreinn fasistaflokkur. Eftir að Þjóðverjar hernámu norðurhluta Frakklands 1940, veitti Doriot þeim skilyrðislausan stuðning og skipulagði sveit sjálfboðaliða, sem barðist með þeim í styrjöldinni. Á ferðalagi í Þýskalandi féll hann í loftárás.

New Statesman and Nation ... 18. bls. Það var menningartímarit breskra vinstri manna og varð til við samruna *New Statesman* og *Nation* 1931. Frá 1964 hefur það heitið *The New Statesman* á ný. Það neitaði að birta skrif Georges Orwells um Spánarstríðið, af því að þar gagnrýndi hann afskipti rússnesku ráðstjórnarinnar af stríðinu: Öll gagnrýni á ráðstjórnina yrði skilin sem gagnrýni á sósíalisma.

verjendur Stalínsgarðs ... 20. bls. Þýski herinn hóf umsátur um Stalínsgarð í ágúst 1942. Rauða hernum tókst í hörðum bardögum að einangra hið þýska herlið, en Hitler fyrirskipaði því að berjast til síðasta manns. Í febrúar 1943 gaf herliðið upp. Orrustan kostaði röskar tvær milljónir mannlífa. Nú heitir borgin Volgugarður, Volgograd.

Zínovjev ... 20. bls. Hann (1883–1936) hét upphaflega Hirsch Apfelbaum og var af gyðingættum, en tók sér nafnið Grígoríj Jevsejevítj Zínovjev. Hann var einn af leiðtogum bolsévíkaflokksins rússneska og gerði bandalag við Kamenev og Stalín um að hrekja Trotskíj úr forystu flokksins eftir lát Leníns. Hann var handtekinn í desember 1934 og dæmdur í fangelsi 1935, en aftur leiddur fyrir rétt 1936 og nú dæmdur fyrir risastórt samsæri um að steypa Stalín. Honum hafði verið heitið, að lífi hans yrði þyrmt, ef hann játaði á sig sakir, en Stalín sveik það loforð. Þegar Zínovjev var færður til aftökunnar, braust hann svo um, að verðirnir snöruðu honum inn í næsta klefa og skutu. Stalín skemmti sér hið besta, þegar hann heyrði af þessu. Sjá Montefiore, *Stalin*, 198.–199. bls.

Brúsílovs ... 21. bls. Aleksej Aleksjevítj Brúsílov (1853–1926) var rússneskur herforingi í fyrri heimsstyrjöld. Í frægr leiftursókn sumarið 1916 frá Vestur-Úkraínu laskaði hann her Austurríkis-Ungverjalands stórlega og gerði þýska hernum erfitt fyrir að einbeita sér að vesturvígstöðvunum.

Kerenskíj ... 21. bls. Aleksandr Fjodorovítj K. (1881–1970) var lögfræðingur að mennt og einn af leiðtogum Þjóðbyltingarflokksins. Hann var forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, þegar bolsévíkar rændu völdum í nóvember 1917. Í kosningum til stjórnlagabings 25. nóvember 1917 fékk Þjóðbyltingarflokkurinn miklu meira fylgi en bolsévíkar, sem leystu

Þingið upp að bragði. Eftir valdarán bolsévika bjó Kerenskíj lengi í París, en síðast í Bandaríkjunum, þar sem hann sinnti rannsóknum í Hoover-stofnuninni í Stanford-háskóla.

Salamaua ... 22. bls. Ein bækistöð japanska hersins á norðurausturströnd Papúa Nýju Gíneu var þorpið Salamaua, sem féll í hendur Bandamanna 1943 eftir harðvítuga vörn Japana.

Mikadósins ... 22. bls. Mikadó er annað nafn á Japanskeisara.

Metaxas ... 23. bls. Ioannis M. (1871–1941) var grískur herforingi, sem átti drjúgan þátt í því að endurreisa konungdæmi í Grikklandi 1935. Hann var forsætisráðherra Grikklands 1936–1941 og tók þá öll völd í sínar hendur að dæmi Mússólínis á Ítalíu og fleiri einræðisherra. Gríski herinn þótti standa sig vel í baráttunni við innrásarher Ítala haustið 1940, en í janúarlok 1941 lést Metaxas. Varð Hitler að koma Mússólíni til hjálpar.

Alþjóðasöngs verkalýðsins ... 23. bls. Hann var ortur 1871, eftir að uppreisn verkamanna í París hafði verið barin niður. Textinn er e. Eugène Pottier (1816–1887), en lagið e. Pierre Degeyter (1848–1932). Algengast er að syngja þýð e. Sveinbjörn Sigurjónsson skólástjóra, en einnig sneru Magnús Ásgeirsson og Jakob Jóh. Smári honum. Söngurinn, sem oft er kallaður „Nallinn“ (stytting úr Internationalinn) var þjóðsöngur Ráðstjórnarríkjanna 1917–1944.

Flavius Josephus ... 24. bls. Hann (37–um 100) var gyðingur, sem barðist fyrst gegn Rómverjum, en gekk þeim síðan á hönd og tók þá upp nafnið Flavius. Hann skrifaði sögu Gyðingalands og stríðanna við Rómverja. Hann minnst þar á Jesúm, sem kallaður sé Kristur.

Ízvestíja ... 25. bls. Það var hið opinbera fréttablað frá 1917. Eftir 1991 er það í einkaeign.

Pravda ... 25. bls. Það var blað kommúnistaflokksins frá 1912 til 1991. Það er enn í eigu kommúnistaflokks Rússlands, en kemur út þrisvar í viku.

Kommúnismi er ráðstjórnarvaldið ... 27. bls. Ræða á 8. þingi kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna 20. desember 1920, sjá *Collected Works*, 31. b. (Moskva: 1966), 516. bls.

Ljúdmílu Pavlitsjenko ... 27. bls. L. Míkhailovna P. (1916–1974) nam sagnfræði í Háskólanum í Kænugarði, en gerðist sjálfbóðaliði í Rauða hernum eftir innrás Þjóðverja í júní 1941. Hún var leyniskyttu og felldi að sögn fjölda þýskra hermanna, þar á meðal aðrar leyniskyttur. Eftir að hún særðist í júní 1942, var hún kvödd af vígstöðvunum og send í ferðir um Bandaríkin, Kanada og Bretland til að reka áróður og safna fé fyrir Rauða herinn. Hún stundaði síðan til stríðsloka kennslu í skotfimi fyrir Rauða herinn, lauk eftir það sagnfræðiprófi og vann að rannsóknum fyrir flota Ráðstjórnarríkjanna. *Þjóðviljinn* birti mynd af henni 29. júlí 1942 og hafði það eftir Ílja Erenbúrg, að hún væri „ein af hetjunum, sem vörðu Sevastopol“.

Lúnatsjarskíj ... 29. bls. Anatolij Vasílevítsj L. (1875–1933) var rússneskur rithöfundur og þjóðfulltrúi menntamála 1917–1929.

Búkharín ... 29. bls. Níkolaj Ívanovítsj B. (1888–1938) var samstarfsmaður Lenins og Trotskíj og ritstjóri blaðs kommúnista, *Pravda*. Hann var aðalritari Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, 1926–1929. Hann var handtekinn í febrúar 1937, eftir að Zínovjev

og Kamenev höfðu verið teknir af lífi. Eftir langar og strangar yfirheyrslur samþykkti hann að játa á sig hinar fáránlegustu sakir í von um, að ung kona sín og nýfæddur sonur fengju gríð. Í fangelsinu skrifaði hann Stalín mörg bænabréf og samdi bækur um marxisma, og fannst þetta allt í skjalasafni Stalíns, en var ekki birt fyrir en eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna. Hírðist kona Búkharíns, Anna Larína (1914–1996), í fangabúðum og útleð í tvo áratugi, en sonurinn var sendur á munadarleysingjahæli, og hittust mæðginin ekki aftur fyrir en 1956. Halldór Kiljan Laxness lýsti Búkharín kaldranalega í *Gerska æfintýrinu*, 79.–80. bls.: „Sleipur einsog all, ósýnilega snar í viðbrögðum, einsog lítið skorkvikindi sem er smogið út um greipar manns og horfið þegar maður er í þann veginn að grípa það, þannig úrefnaðist hann aftur og aftur í höndum saksóknarans, hann blátt áfram hvarf niður í jörðina fyrir augum manns í meira eða minna bókstaflegum skilningi, þegar síst varð, þegar manni fanst að nú hefði rétturinn loks náð taki á honum.“ Hann hefði verið með „fræðisettingarnar einsog nokkurskonar viðauka við nagtennurnar“. Skýring Koestlers í *Myrkeri um miðjan dag* á játningum gömlu bolsévíkanna þarf auðvitað ekki að vera í mótsögn við það, að Búkharín hafi ætlað að vernda fjölskyldu sína með játningunum.

Kamenevs ... 29. bls. Lev Rozenfeld (1883–1936) var gyðingur í föðurætt, en lagði niður ættarnafn sitt og tók upp nafnið Kamenev (steinmaðurinn). Hann var einn af leiðtogum bolsévíkaflökkisins rússneska og aðstoðarmaður Leníns. Hann var um tíma mágur Trotskíjs, en gerði bandalag við Zínovjev og Stalín um að hrekja Trotskíj úr forystu flokksins eftir lát Leníns. Hann var handtekinn í desember 1934 og dæmdur í fangelsi 1935, en aftur leiddur fyrir rétt 1936 og nú dæmdur fyrir risastórt samsæri um að steypa Stalín. Honum hafði eins og Zínovjev verið heitið, að lífi hans yrði þyrmt, ef hann játaði á sig sakir, en Stalín sveik það loforð. Eldri synir hans tveir og fyrrverandi eiginkona voru öll tekin af lífi, en yngsti sonur hans lifði af þrælkunarbúðir.

Dostojevskíjs ... 30. bls. Fjodor Míkhaílovítsj Dostojevskíj (1821–1881) var einn kunnasti rithöfundur Rússa. Eftir hann hafa komið út í þýð. Ingibjargar Haraldsdóttur hjá Máli og menningu *Glæpur og refsing* (Reykjavík: 1987), *Karamazovbræðurnir*, 1.–2. b. (Reykjavík: 1990–1991), *Fávittinn* (Reykjavík: 1990), *Tvífarinn* (Reykjavík: 1994), *Minnisblöð úr undirdjúpunum* (Reykjavík: 1997), *Djöflarnir* (Reykjavík: 2000) og *Fjárhattuspilarinn* (Reykjavík: 2004). Fleiri rit Dostojevskíjs hafa komið út á ísl. í öðrum þýðingum.

Gorkíj ... 30. bls. Aleksej Maksímóvítsj Peshkov (1868–1936) gekk oftast undir nafninu Maksím Gorkíj. Hann gerðist ungur kommúnisti og var handgenginn Lenín og Stalín. Eftir hann hafa komið út á ísl. *Móðirin*, þýð. Halldór Stefánsson (Reykjavík: Mál og menning, 1938–1939), *Barnaska mín*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1947), *Hjá vandalausum*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1950), *Háskólar mínir*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1951) og *Kynlegir kvistir*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Mál og menning, 1975), auk nokkurra smásagna og leikrita.

yfirmanni OGPÚ ... 30. bls. Níkolaj Ívanóvítsj Jezhov (1895–1940) var yfirmaður leylinögreglunnar 1936–1938. Forveri hans var Genríkh Grígoróvítsj Jagoda (1891–1938), og sakaði Jezhov Jagoda um að hafa reynt að byrja sér eitur. Þeir beið beggja sömu örlög: Þeir voru reknir, handteknir, dæmdir til dauða og skotnir.

Þannig fórust orð ... 31. bls. Koestler dregur saman textann, en breytir engu efnislega. Óstytt eru ummæli Molotovs birt í Öttinn við nýlenduokröfur Þjóðverja er orsök styrjaldarinnar,

Þjóðviljinn 2. nóvember 1939. Sjá líka V. M. Molotov, *Soviet Peace Policy* (London: Lawrence & Wishart, 1941).

Molotov ... 31. bls. Vjatsjeslav M. (1890–1986) skipulagði samyrkjuna í Úkraínu, þegar milljónir bænda, sem tregðuðust við að skila uppskeru sinni og ganga inn í samyrkjubú, voru ýmist sveltir í hel eða fluttir nauðungarflutningum til Síberíu. Hann tók síðan fullan þátt í hreinsunum Stalíns og fjöldamorðum á pólskum stríðsföngum. Molotov var utanríkisráðherra (eða þjóðfulltrúi utanríkismála, eins og það hét til 1946) 1939–1949 og 1953–1955, en féll úr náðinni á valdatíma Khrústsjovs og var gerður sendiherra í Mongólíu og síðar fulltrúi Ráðstjórnarríkjanna hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín. Molotov hafði stutta, leynilega viðdvöl á Íslandi á leið sinni vestur um haf 1942. Hann var rekinn úr kommúnistaflokknum 1961, en tekinn aftur inn í hann 1984. Hann var alla ævi dyggur stalínisti, og breytti engu um það, að kona hans, Polína Zhemtsúzhína, var fangelsuð 1948 að skipun Stalíns. Hún var af gyðingaættum og sökuð um að vera „sionisti“. Hún var fimm ár í fangabúðum, en á meðan gekk Molotov til verka með Stalín eins og ekkert hefði í skorist. Í Vetrarstríðinu 1939–1940 skírðu Finnar heimagerðar sprengjur, flöskur fylltar bensíni, sem þeir vörpuðu að rússneska innrásarliðinu, „Molotov-kokktréla“.

Earls Browders ... 31. bls. Earl Browder (1891–1973) var aðalritari kommúnistaflokks Bandaríkjanna 1930–1945 og var alla ævi kommúnisti, þótt hann væri rekinn úr flokknum 1946. Sonarsonur hans, William Browder, gerðist fjárfestir í Rússlandi eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna og skrifaði um ævintýri sín þar bókina *Eftirlýstur* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015).

Políkarporv ... 35. bls. Níkolaj Níkolaevítj P. (1892–1944) var rússneskur flugvélafræðingur. Hann sat í fangelsi 1929–1930 vegna „skemmdarverka“, en var látinn laus, af því að ráðstjórnin þurfti á kröftum hans að halda. Smíðaði hann þólnar orrustuflugvélar.

Potemkín ... 37. bls. Vladímír Petrovítsj P. (1874–1946) var þjóðfulltrúi menntamála Rússa 1940–1946.

ræðu Stalíns í júní ... 38. bls. Ræða yfir forstöðumönnum atvinnufyrirtækja 23. júní 1931, pr. í *Works*, 13. b. (Moskva: Foreign Languages Publishing House, 1954). Frá henni var sagt í hrifningartón í *Verklyðsblaðinu*, Ræða Stalíns, 25. ágúst 1931.

Aleksej Stakhanov ... 39. bls. Hann (1906–1977) komst til nokkurra metorða í Ráðstjórnarríkjunum eftir verk sitt og varð einn af yfirmönnum námugraftar.

Ordzhoníkídze ... 40. bls. Sergo Ordzhoníkídze (1886–1937) var vinur Stalíns frá Georgíu og barðist af hörku í borgarastriðinu. Ordzhoníkídze og Bería stjórnðu saman fjöldaaftökum eftir uppreisn í Georgíu 1924. Þar voru 12 þúsund manns tekin af lífi, sjá *Svarbók kommúnismans*, 142. bls. „Við gengum of langt, en við réðum ekki við okkur,“ sagði hann á fundi miðstjórnarinnar. Ordzhoníkídze var þjóðfulltrúi þungaiðnaðar 1932–1937, en stytta sér aldur vegna vonbrigða með þróunina í Ráðstjórnarríkjunum og ósamkomulags við Stalín. Víktor Kravtsjenko segir lofsamlega frá honum í *Ég kaus frelsið* í þessari ritröð.

Ciliga ... 41. bls. Ante Ciliga (1898–1992) var króatískur kommúnisti og rithöfundur, sem

fluttist til Rússlands 1926. Hann var handtekinn fyrir trotskisma 1930 og sat í vinnubúðum til 1935, þegar honum var sleppt, af því að hann var ítalskur ríkisborgari. Skrifaði hann þá bókina *Úr landi hinnar stórfelldu lygi*, *Au pays du grands mensonges* (Paris: Gallimard, 1939).

Sedov ... 41. bls. Lev Lvovítsj S. (1906–1938) var sonur Trotskijs og skrifaði bók um sýndarréttarhöldin 1936.

Yvon ... 41. bls. M. Yvon (sem ekki er margt vitað um) starfaði í Rússlandi í ellefu ár, en sneri aftur til heimalands síns, Frakklands, 1934 og gaf út bæklinginn *Hvað orðið hefur um rússnesku byltinguna*, *Ce qu'est devenue la Révolution Russe* (Paris: La Révolution Proletarienne, 1936).

Serge ... 41. bls. Victor S. (1890–1947) var af rússneskum ættum, en ólst upp í Belgíu. Hann hélt til Rússlands eftir byltingu bolsévika og starfaði um skeið fyrir Alþjóðasamband kommúnista. Hann var andstæðingur Stalíns og rekinn úr kommúnistaflokknum 1928. Hann sat eftir það nokkrum sinnum í rússneskum fangelsum, en fékk eftir alþjóðleg mótmæli að fara frá Ráðstjórnarríkjunum 1936. Eftir það gaf hann út fjölda bóka um Rússland og ráðstjórnina.

Colin Clark ... 41. bls. Hann (1905–1989) var ástralskur hagfræðingur og tölfraðingur, sem starfaði að sérgrein sinni í heimalandinu og kenndi einnig um skeið í Oxford-háskóla.

Polanyi ... 41. bls. Michael P. (1891–1946) var bresk-ungverskur fjölfræðingur, sem skrifaði um efnafraði, hagfræði og vísindaheimspeki og margt fleira. Systurdóttir hans, listhönnuðurrinn Eva Striker (1906–2011), var ein af ástkonum Koestlers.

Sir Johns Orrs ... 41. bls. Sir John Boyd Orr (1880–1971) var skoskur neringarfræðingur og fyrsti forstöðumaður FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

ræðu Stalíns í febrúar ... 42. bls. Ræða yfir áhlaupsverkamönnum á samyrkjubúum 19. febrúar 1933. *Works*, 13. b. (1954).

Sir James Grigg ... 43. bls. Hann (1890–1964) var ráðuneytisstjóri í breska hermálaráðuneytinu og gegndi stöðu hermálaráðherra 1942–1945.

Shverníks ... 44. bls. Níkolaj Míkhailovítsj Shverník (1888–1970) var aðalritari Verklýðssambands Ráðstjórnarríkjanna 1930–1944 og forseti Æðsta ráðsins (þjóðhöfðingi í orðu kveðnu) 1946–1953.

besprizornije ... 46. bls. Talsvert var skrifað erlendis um þessi flökkubörn, t. d. Píslarsaga munaðarlausra barna í Rússlandi, *Morgunblaðið* 13. og 20. september 1931. Í ferðabókinni *Í austurvegi* (1932), 22.–23. bls., fullyrti Halldór K. Laxness, að slík flökkubörn væru nú horfin úr Ráðstjórnarríkjunum. Í *Skáldatíma* (1963), 138. bls., sagðist hann hins vegar oft hafa séð þau þar eystra.

Ekk ... 46. bls. Níkolaj Vladímírovítsj E. (1902–1976) var rússneskur kvikmyndagerðarmaður, sem hét í raun Ívakín að eftirnafni. *Vegurinn til lífsins* var fyrsta rússneska talmyndin.

Krylenko ... 48. bls. Níkolaj Vasílevítsj K. (1885–1938) gegndi stöðum þjóðfulltrúa dómsmála og opinbers ákæranda í Ráðstjórnarríkjunum á fjórða áratug. Hélt hann því fram

í fjölda ritverka, að ekkert réttlæti væri til annað en hagsmunir byltingarinnar. Í janúar 1938 var hann sviptur stöðum sínum. Hann hélt þá ásamt fjölskyldunni í bústað sinn fyrir utan Moskvu. Að kvöldi 31. janúar hringdi Stalín í hann og fullvissaði hann um, að hann nyti trausts. Honum var létt. Sömu nótt umkringdi lið leynilögreglunnar húsið og handtók hann. Eftir þrjá daga játaði hann á sig marvísleg afbrot. Hann var dæmdur til dauða og skotinn. Roy Medvedev, *Let History Judge* (New York: University of Columbia Press, 1990), 891. bls.

Karls Marx ... 49. bls. Karl M. (1818–1883) var þýskur heimspekingur, sem gerðist sameignarsinni og stofnaði ásamt öðrum Alþjóðasamband verkalýðsins (kallað fyrsta Alþjóðasambandið). Hann var útlagi í Lundúnum síðari hluta ævinnar, og sá efnaður samstarfsmaður hans, Friedrich Engels, þá um að halda honum uppi. Áhrifamesta rit hans, sem hann samdi með Engels, er *Kommúnistaávarpið* 1848 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007; 3. útg. þýð. Sverris Kristjánssonar á ísl.). Þar héldu þeir því fram, að öreigabylting undir forystu kommúnista væri söguleg nauðsyn, enda væru öreigarnir sífellt að verða fátækari. *Úrvalsrit* Marx og Engels komu út á íslensku í tveimur bindum (Reykjavík: Heimskringla, 1968). Þar voru þó ekki teknar með ýmsar ritsmíðar höfundar, sem sýndu, að þeir höfðu litla samúð með smáþjóðum, enda töldu þeir þær oft afturhaldssamar. Marx hafði bersýnilega sömu skoðun á Íslendingum og Engels (sjá aftanmálsgr. við 62. bls.), því að hann skrifaði Engels eitt sinn, að Bruno Bauer hefði heimsótt sig í Lundúnum 12. desember 1855. Þegar Bauer hefði látið þau orð falla, að enska hefði spillt af frönskum, sagðist Marx hafa svarað: „Ég tjáði honum þá til huggunar, að Hollendingar og Danir segðu það sama um þýskuna og að „Íslendingar“ væru hinir einu sönnu ómengduð piltungar.“ Bréf frá Marx til Engels 14. desember 1855. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 28. b. (Berlin: Dietz, 1963), 467. bls. Marx vildi líka beita ofbeldi í þágu hinnar sögulegu nauðsynjar, væri þess þörf. Hann skrifaði 1848 í *Nýja Rínarblaðið*, að nú væri fólk óðum að sannfærast um, að aðeins dygði eitt ráð til að stytta blóðugar fæðingarhríðir nýs skipulags, „ógnarstjórn byltingarinnar“ (revolutionäre[r] Terrorismus). Sieg der Kontrerevolution zu Wien, *Neue Rheinische Zeitung* 7. nóvember 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 457. bls.

samkynhneigð ... 49. bls. Í upphafli. ísl. þýð. var notað hið gildishlaðna orð „kynvilla“. Sjálfur notaði Koestler orðið „homosexuality“.

Lucian Blit ... 55. bls. Hann (1904–1978) hét í raun Lucjan. Hann var einn af forystumönnum ungliðasamtaka pólskra sósíalista af gyðingaættum, *Tsukunfi*, sem var hluti af heildarsamtökum pólskra sósíalista af gyðingaættum, *Bund*. Eftir stríð settist hann að í Lundúnum og hafði ofan af fyrir sér með blaðamennsku. (Ábending frá Vilhjálmí Erni Vilhjálmssyni.)

öðru Alþjóðasambandinu ... 55. bls. Alþjóðasamband verkalýðsins var stofnað 1889 og var arftaki Alþjóðasambands Marx og Engels. Þess vegna var það kallað annað Alþjóðasambandið. Það starfaði til 1916 og var endurreist 1920 og starfaði til 1940. Eftir seinni heimsstyrjöld var það enn endurreist 1951, og eiga sósíalistaflokkar um heim allan aðild að því. Alþýðuflokkurinn var í hinu endurreista sambandi og eftir það Samfylkingin til 2017.

Stalín-Sikorski sáttmálinn ... 58. bls. Koestler á við samning milli pólsku útlagastjórnarinnar í Lundúnum og Ráðstjórnarríkjanna, sem Ívan Majskíj, sendiherra ráðstjórnarinnar í Bretlandi, og pólski forsætisráðherrann Władysław Sikorski undirrituðu í Lundúnum 30. júlí 1941. Skv. honum viðurkendi ráðstjórnin útlagastjórnina og lofaði að láta pólska fanga lausa.

Sergej ... 60. bls. Ívan Níkolajevítsj Stragorodskij (1867–1944), Sergej eða Sergius, var erkibiskup rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar frá 1929 (þótt opinberlega væri hann kjörinn 1944) til dauðadags. Hann beitti sér fyrir samstarfi við yfirlöng komúnústa.

alslavahreyfingin ... 61. bls. Hreyfingin spratt upp á 19. öld í þeim tilgangi að sameina alla Slava um menningarleg verðmæti og hugsanlega einnig eigin ríki. Hún lognaðist út af í fyrri heimsstyrjöld, og þær tilraunir, sem Koestler nefnir til að vekja hana upp, tókust ekki.

Súvorov ... 61. bls. Aleksandr Vasíljevítsj S. greifi (1729–1800) var rússneskur hershöfðingi, sem stjórnaði sameinuðu liði Rússa og Austurríkismanna gegn Napóleon, m. a. á Ítalíu.

Kútúzov ... 61. bls. Míkhaíl Íllaríonevítsj K. fursti (1745–1813) var rússneskur hershöfðingi, sem tókst að hrekja Napóleon út úr Rússaveldi. Hann er ein söguhetjan í skáldsögu Levs Tolstojs, *Stríði og friði*.

Aleksandr Nevskij ... 61. bls. A. Jaroslavítsj N. (1221–1263) var stórfursti í Kænugarði og leiddi menn sína til sigurs yfir sænskum og þýskum herjum, en játaði mongólskum khani hinnar gullnu hirðar skatt. Hann var tekinn í helgra manna tölu í Rússlandi, og Sergej Eisenstein gerði um hann kvikmynd (1938) með tónlist e. Sergej Prokofjev.

Pokrovskij ... 62. bls. Míkhaíl P. (1868–1932) var rússneskur sagnfræðingur. Í frumútg. segir Koestler, að hann hafi verið tekinn af lífi, en hann lést úr krabbameini.

Shestakov ... 62. bls. Andrej Vasílevítsj S. (1877–1941) var rússneskur sagnfræðingur.

Eugen Tarlé ... 62. bls. Jevgeníj Víktorovítsj T. (1874–1955) var rússneskur sagnfræðingur af gyðingaættum. Þótt hann sæti í fangelsi 1930–1932, komst hann síðar í náðina hjá Stalín.

Búlavín ... 62. bls. Kósakkinn Kondratíj Afasaníevítsj B. var leiðtogi uppreisnar gegn rússnesku keisarastjórninni 1707–1798.

Stenka Razín ... 62. bls. Kósakkinn Stepan Tímofejevítsj R. (1630–1671) var leiðtogi uppreisnar gegn rússnesku keisarastjórninni 1670–1671.

Emeljan Púgashov ... 62. bls. Hann (1742–1775) þóttist vera Pétur III. keisari (sem myrtur hafði verið að undirlagi konu sinnar Katrínar keisaradrottningar) og var leiðtogi uppreisnar, sem naut stuðnings margra smábænda og leiguliða, en þeim lofaði hann afnámi bændaánaubar.

ræðu sinni 7. nóvember 1941 ... 62. bls. Stalin, *War Speeches* (London: Hutchinson & Co., 1946). Uprtaka af ræðunni er á Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=poOZFKoEx9c>

Dmítríjs Donskojs ... 62. bls. Dmítríj Ívanovítsj Donskoj (1350–1389) var fursti í Moskvu og stórfursti í Vladímír og sigraði innrásarher Tartara í frægri orrustu 1380. Rússneska rétttrúnaðarkirkjan tók hann í helgra manna tölu.

Kúzma Mínnís ... 62. bls. K. Mínnís (d. 1616), sem var slátrari að iðn, var í forystu alþýðuhers, sem barðist vasklega við pólskan innrásarher 1612.

Dmítríjs Pózharskíjs ... 62. bls. Dmítríj Pózharskíj (1577–1642) var fursti og herforingi, sem stjórnaði ásamt Kúzma Mínín vörnum Rússa gegn pólskum innrásarher.

Engels ... 62. bls. Friedrich E. (1820–1895) var vinur og styrkveitandi Karls Marx. Engels kunnir einn og Marx lítt að meta ýmsar smáþjóðir. Í desember 1846 skrifaði Engels Marx frá París, að ekki væri hann hrifinn af Norðurlandþjóðum. „Svíar lítilsvirða Dani sem þýskmengaða, úrkynjaða, rausgjarna og veikgeðja. Norðmenn fyrirrita fransk-mengaða Svía með sinn aðal og gleðjast yfir því að í Noregi sé einmitt þetta sama fávísa bændþjóðfélag og á tímum Knúts ríka. Þeir eru aftur á móti svívertir af Íslendingum, sem enn tala alveg sömu tungu og þessir subbulegu víkingar frá anno 900, súpa lýsi, búa í jarðhýsum og þrífast ekki nema loftið lyktir af úldnum fiski. Ég hef oftsinnis freistast til þess að vera stoltur af því að vera þó ekki Dani, hvað þá Íslendingur, heldur bara Þjóðverji.“ Ódags. bréf, desember 1846. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 27. b. (Berlin: Dietz, 1963), 71.–72. bls. Engels sagði 1848 svipað í *Nýja Rítnarblaðinu*, en Marx var þá ritstjóri þess. Í grein um ástandið í Ungverjalandi í *Nýja Rítnarblaðinu* 13. janúar 1849 sagði Engels þýska heimspekinginn Hegel hafa rétt fyrir sér um, að sumar smá- og jafnarþjóðir væru ekkert annað en botnfall (Volkerabfalle). Nefndi Engels sérstaklega Kelta í Skotlandi, Bretóna í Frakklandi, Baska á Spáni og suður-slavneskar þjóðir. „Í næstu heimsstyrjöld munu ekki aðeins afturhaldsstéttir og konungsstéttir hverfa af yfirborði jarðar, heldur líka afturhaldsþjóðir í heild sinni. Og það eru framfarir.“ *Der magyarische Kampf, Neue Rheinische Zeitung* 13. janúar 1849. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 6. b. (Berlin: Dietz, 1961), 176. bls.

Gúsev ... 63. bls. Víktor Míkhaílovítj G. (1909–1944) var rússneskur textahöfundur, sem samdi aðallega texta við rússnesk hergöngulög.

Eisenstein ... 63. bls. Sergej E. (1898–1948) var einn frægasti kvikmyndagerðarmaður Rússa. Sýningar voru felldar niður á kvikmynd hans um Aleksandr Nevskíj (1938), eftir að Stalín gerði griðasáttmálann við Hitler 1939, en hafnar aftur, eftir að Hitler réðst á Ráðstjórnarríkin.

Hoare-Laval sáttmálinn ... 65. bls. Ítalir réðust inn í Eþíópíu 1935. Þjóðabandalagið mótmælti með viðskiptahöfðum á Ítalíu (sem Íslendingar tóku ekki þátt í). Breski utanríkisráðherrann, Samuel Hoare (1880–1959), og franskí forsætisráðherrann, Pierre Laval, gerðu leynilegan samning um að afhenda Ítölum stóran hluta Eþíópíu. Þegar vitnaðist um samninginn, snerist almenningssálitið gegn honum, og hrökkluðust báðir frá völdum.

Darlan ... 65. bls. François D. (1881–1942) var franskur aðmíráll. Hann studdi upphaflega Vichy-stjórnina, sem starfaði með Þjóðverjum, en eftir innrás Bandamanna í Norður-Afríku 1942 samdi hann við þá um að veita þeim gegn því að fá í hendur yfirstjórn Frönsku-Afríku. Hann var hins vegar myrtur skömmu síðar.

Þjóðfylkingarinnar ... 67. bls. Kremlverjar breyttu skyndilega um stefnu 1934, rösku ári eftir valdatöku Hitlers í Þýskalandi. Áður höfðu þeir talið jafnaðarmenn eða „sósíalfasista“ höfuðandstæðinga sína, en nú töldu þeir rétt að mynda í senn samfylkingu með jafnaðarmönnum og þjóðfylkingu frá vinstri til hægri til að berjast gegn fasistum. Franskir jafnt og íslenskir kommúnistar fylgdu dyggilega fyrirmælum þeirra. Í Frakklandi sigraði þjóðfylking kommúnista, sósíalista og róttækra vinstri flokka í kosningunum 1936, og myndaði Léon Blum stjórn, sem var þó skammlíf. Upp úr þjóðfylkingunni frönsku slitnaði endanlega haustið 1938. Á Íslandi mistókst kommúnistaflokknum að mynda samfylkingu

með jafnaðarmönnum óskiptum, en hluti Alþýðuflokksins gekk þó til samstarfs við þá haustið 1938, er Sósíalístaflokkurinn var stofnaður.

Lundúnaráðstefnunni árið 1903 ... 67. bls. Annar landsfundur jafnaðarmannaflokks Rússaveldis var haldinn í Lundúnum sumarið 1903. Sir Isaiah Berlin, prófessor í stjórnmálaheimspeki í Oxford-háskóla, telur umræður á þessu þingi hafa sýnt, að orðið hefðu aldahvörf. Þá hafi bolsévíkar viðurkennt, að réttlætið hlýti jafnan að víkja fyrir hagsmunum byltingarinnar, gerðist þess þörf. *Political Ideas in the Twentieth Century, Four Essays on Liberty* (Oxford: Oxford University Press, 1969), 16.–21. bls.

Óháða verkamannaflokknum ... 68. bls. Sá flokkur var til vinstri við Verkamannaflokkinn. Hann starfaði til 1947, þegar allir þrír þingmenn hans gengu til liðs við Verkamannaflokkinn.

Beaverbrook ... 68. bls. Max Aitken, barón Beaverbrook (1879–1964), var breskur blaðakóngur af kanadískum ættum. Hann fór fyrir breskri sendinefnd til Moskvu 1941.

Willkie ... 68. bls. Wendell W. (1892–1944) var bandarískur lögfræðingur og frambjóðandi Lýðveldissinna, repúblikana, í forsetakjöri 1940. Hann fór á vegum Bandaríkjustjórnar 1942 til Norður-Afríku, Ráðstjórnarríkjanna og Kína og hitti þá m. a. Stalín. Um förina kom út á ísl. *Nýr heimur*, þýð. Jón Helgason (Reykjavík: Bókautgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1943).

Sir Oliver Lyttelton ... 68. bls. Hann (1893–1972) var breskur kaupskýslumaður og þingmaður fyrir Íhaldsflokkinn. Hann var formaður viðskiptaráðgjafarnefndar Breta 1940–1941 og ráðherra framleiðslu vega stríðsins 1942–1945.

Fjöldaflutningar frá Eystrasaltslöndunum ... 70. bls. Sbr. Ants Oras, *Órlaganótt yfir Eystrasaltslöndum*, sem komið hefur út í þessari ritröð, þar sem þessum flutningum er lýst.

Varsjáruppreistina ... 71. bls. Tvær uppreisnar voru gerðar í Varsjá gegn hernámi Þjóðverja, gyðinga í gyðingahverfinu (ghetto) vorið 1943 og pólsku andspyrnuhreyfingarinnar sumarið 1944. Í fyrri uppreisninni lögðu nasistar eld í allt gyðingahverfið, og féllu 13 þús. gyðingar. Seinni uppreisnin var gerð, þegar Rauði herinn var að nálgast borgina. Þjuggust uppreisnarmenn við því, að hann veitti þeim lið. En Stalín skipaði hernum að nema staðar, áður en komið var að borginni. Nasistar notuðu tækifærið og börðu uppreisnina niður af fádæma grimmd. Gaf Hitler fyrirskipun um, að borgin yrði jöfnuð við jörðu. Talið er, að 16 þús. pólskir skæruliðar hafi látið lífið og sex þús. særst alvarlegar, en hátt í 200 þús. óbreyttir borgarar fallið. Það hentaði Stalín, að Hitler tæki af honum ómakið og dræpi alla þá Pólverja, sem líklegir væru til að setta sig ekki við kúgun og alræði. Í bréfi til *Tribune* 15. september 1944 kallaði Koestler þetta eitthvert andstyggilegasta ódæði stríðsins.

Armeníu ... 71. bls. Her Tyrkjaveldis soldánsins olli 1915–1917 dauða um eða yfir milljón Armena. „Wer redet heute noch von der Vernichtung der Armenier?“ Hver minnst nú hvort sem er á það, þegar Armenum var útrýmt? spurði Hitler samverkamenn sína í Obersalzberg 22. ágúst 1939, þegar hann brýndi fyrir þeim að sýna enga miskunn í komandi stríði. The War Route of the Nazi Germany, *The Times* 24. nóvember 1945.

Benthams ... 73. bls. Jeremy Bentham (1748–1832) var breskur heimspekingur, frumkvöðull nýtjastefnu, en markmið hennar er, að sem flestir verði sem hamingjusamastir.

Owens ... 73. bls. Robert Owen (1771–1858) var breskur (velskur) iðjuhöldur, draumórasósíalisti (eins og Marx kallaði hann) og andatrúarmaður. Allar tilraunir hans til að stofna sósíalistabygðir mistókust.

Klaus Fuchs ... 74. bls. Hann (1911–1988) var eðlisfræðingur af þýskum ættum, sem flýði undan nasistum til Stóra Bretlands. Hann gerðist njósnari rússnesku ráðstjórnarinnar, laumaði til hennar margvíslegum upplýsingum um kjarnorkusprengjur og var fyrir það dæmdur í fangelsi 1950 og sviptur breskum ríkisborgararétti. Eftir að hann var látinn laus, fluttist hann til Austur-Þýskalands.

Stokkhólmsávarpið ... 74. bls. Svokallað Heimsfriðarráð, sem var hliðarfélag hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar, safnaði undirskriftum undir Stokkhólmsávarpið 1950, en skv. því átti að banna kjarnorkuvopn. Helstu forystumenn Heimsfriðarráðsins á Íslandi voru Halldór K. Laxness og Kristinn E. Andrésson.

Louis Golding ... 77. bls. Hann (1895–1958) var breskur rithöfundur af gyðingaættum.

Beelsebúb ... 78. bls. Hann var „höfðingi illra anda“ eins og segir í Lúkasarguðspjalli, 11. k.

Bevan ... 78. bls. Aneurán B. (1897–1960) var breskur stjórnmalamaður úr Verkamannaflokknum og heilbrigðisráðherra 1945–1951.

Clement Attlee ... 78. bls. Hann (1883–1967) var breskur stjórnmalamaður úr Verkamannaflokknum og leiðtogi hans 1935–1955. Hann var ráðherra í stríðsráðuneyti Churchills 1940–1945 og forsætisráðherra 1945–1951. Ólíkt Churchill þáði hann jarlstign. Þriðji jarlinn, sonarsonur hans, situr í Lávörðadeild breska þingsins fyrir Íhaldsflokkinn.

Malenkovs ... 79. bls. Georgíj Maksímíliánovítsj Malenkov (1902–1988) var samstarfsmaður Stalíns og varð forsætisráðherra við lát hans 1953. Hann var neyddur til að víkja 1955. Hann var gerður að rafveitustjóra í Kazakhstan og varð trúhneigður með árunum.

Duff Cooper ... 79. bls. Hann (1890–1954) var breskur stjórnmalamaður og rithöfundur úr Íhaldsflokknum. Hann var hermálaráðherra 1935–1937, upplýsingamálaráðherra 1940–1941 og sendiherra í Frakklandi 1944–1948. Eftir hann kom út á ísl. *Talleyrand*, þýð. Sigurður Einarsson (Reykjavík: Finnur Einarsson, 1943).

Nafnaskrá

- Aalto, Alvar 12
Antonovskij 63
Ascher, Dorothy 12
Attlee, Clement 78, 79
Beauvoir, Simone de 9, 12
Beaverbrook lávarður [Max Aitken] 68
Beethoven, Ludwig van 75
Bentham, Jeremy 73
Berdjebekov 41, 42
Berling, Zygmunt 61
Bernadetta frá Lourdes 39
Bevan, Aneurin 78
Bishop, Reginald 42
Bjarni Benediktsson 7, 8
Blit, Lucian [Lucjan], 55–58
Borodín, Sergej 63
Browder, Earl 67
Brynjólfur Bjarnason 8
Búlavín, Kondratij 62
Camus, Albert 9
Churchill, Winston 12, 32, 37
Ciliga, Ante 41, 55
Clark, Colin 41, 42
Cooper, Duff 79
Danton, Georges 62
Darlan, François 66
Djúkanov 39
Donskoj, Dmítrij 62
Doriot, Jacques 18
Dos Passos, John 77
Dostojevskij, Fjodor, 30
Djilas, Milovan 11
Einar Olgeirsson 7
Eisenstein, Sergej 63
Ekk, Níkolaj 46
Engels, Friedrich 62
Erenbúrg, Ílja 63
Faulkner, William 77
Fischer, Louis 11
Fischer, Robert 12
Franco, Francisco 8
Freud, Sigmund 73, 80
Fuchs, Klaus 74
Galileo Galilei 60
Gaulle, Charles de 75
Gide, André 11
Goethe, Johann W. von 75, 76
Golding, Louis 77
González, Valentín 9
Gorkij, Maksím 30
Grigg, Sir James 43
Gunnar Gunnarsson 11
Gusevítius 70
Gúsev, Víktor 63
Halldór K. Laxness 8, 12
Hemingway, Ernest 77
Hendrik S. Ottósson 8
Hitler, Adolf 10, 13, 20, 31, 32, 52, 67–69, 78, 79, 81
Ívan grimmi 63
Jabotinsky, Zeev 8
Jefferies, Cynthia 12
Jóhanna af Örk 76
Jóhannes úr Kötlum 8
Jónas H. Haralz 7
Kamenev, Lev 29
Kerenskij, Aleksandr 21
Kornejstsjúk, Aleksandr 63
Kristur, Jesús 17
Krylenko, Níkolaj 48
Kútúzov, Míkhaíl 62, 63
Laval, Pierre 18

Lenín 7, 9, 11, 12, 27, 38, 51, 52, 62, 67
 Lúnatsjarskíj, Anatolíj 29
 Lúther, Marteinn 60
 Lyttelton, Sir Olivier 68
 Machiavelli, Niccolò 31
 Marx, Karl 49, 62, 64
 Metaxas, Ioannis 23
 Mínín, Kúzma 62
 Molotov, Vjatseslav 31, 40, 65
 Múhameð spámaður 60
 Münzenberg, Willi 8
 Napóleon I. 21, 63
 Nevskíj, Aleksandr 62
 Ólafur Björnsson 7
 Oras, Ants 10
 Ordzhoníkídze, Sergo 40
 Orr, Sir John 42
 Orwell, George 10
 Owen, Robert 73
 Paget, Mamaine 12
 Pavlítsjenko, Ljúdmíla 27
 Pétur mikli 62
 Platón 49
 Pokrovskíj, Míkhaíl 62
 Políkarпов, Níkolaj 35
 Popper, Karl R. 12
 Potemkín, Vladímír 37, 38
 Pozharskíj, Dmítríj 62, 63
 Pritt, Denis N. 7
 Proust, Marcel 49
 Púgashov, Emeljan 62, 63
 Razín, Stenka 62
 Ribbentrop, Joachim von 17, 68
 Roosevelt, Franklin D. 32, 37
 Russell, Bertrand 12
 Sartre, Jean-Paul 9, 80
 Schwartz, Solomon 53
 Sedov, Lev 41
 Serge, Victor 41, 55
 Sergej [Sergius] erkibiskup 60
 Shestakov, Andrej 62
 Silone, Ignazio 11
 Solzhenítsyn, Aleksandr 10
 Spartakus 62
 Spasskíj, Borís 12
 Spender, Stephen 11
 Stakhanov, Andrej 39
 Stalín, Josif 9–12, 18, 20, 25, 27, 30, 31, 38,
 39, 42, 45, 52, 55, 62, 64, 65, 68, 79
 Steinn Steinarr 10
 Súvorov, Aleksandr 62–64
 Tarlé, Eugen 62
 Thatcher, Margrét 11
 Tolstoj, Aleksej 63
 Tómas Guðmundsson 11
 Trotskíj, Lev 30, 55
 Valtýr Stefánsson 7, 8, 10
 Vinci, Leonardo da 49
 Vínogradova, E. 39
 Vínogradova, M. 39
 Willkie, Wendell 68
 Wright, Richard 11
 Yan, Vasilíj 63
 Yvon, M. 41
 Zínovjev, Grígoríj 20
 Þorvaldur Þórarinnsson 9




KOSNINGABARÁTTA HÁÐ Á VOLGUBÖKKUM


Bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík í ársbyrjun 1946 snerust upp í deilur um kommúnismann, sem þá var víða í sókn, þar á meðal á Íslandi. *Lesbók Morgunblaðsins* í árslok 1945 var helguð greinaflokki eftir ensk-ungverska rithöfundinn Arthur Koestler um veruleikann á bak við goðsagnirnar, sem áróðursvél Kremlverja spanna handa Vesturlandabúum. Íslenskir sósíalistar brugðust ókvæða við og dreifðu blaði í hvert hús, þar sem þeir reyndu að svara Koestler. Lýðræðissinnar svöruðu fullum hálsi. Í þessum kosningum var sókn sósíalista á Íslandi stöðvuð.

„Það, sem gefur bókum hans mest gildi, er þó hin mikla rökvísi hans og skarpur skilningur.“

— Þórarinn Þórarinsson ritstjóri



Skáldið Jóhannes úr Kötlum og hagfræðingurinn Jónas H. Haralz vísuðu frásögnum Koestlers á bug.




Bjarni Benediktsson borgarstjóri og Valtýr Stefánsson ritstjóri tóku undir með Koestler um Ráðstjórnarríkin.



Almenna bókafélagið
www.rnh.is
www.bokafelagid.is

ISBN 978-9935-469-86-1



9 789935 469861 >